JÓN STEFÁNSSON

*Heldur árlega sjötíu manna þorraveislu*

matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




KÓPAVOGUR

*Síðasti vetur Gustara í Glaðheimum*

Sérblað um Kópavog

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. febrúar 2008 — 31. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Lýsir upp sviðið



Páll Ragnarsson ljósameistari hefur lýst upp sviðið í Þjóðleikhúsinu í 40 ár. Nú lætur hann til sín taka í Íslensku óperunni.

TÍMAMÓT 24

### Suharto

Fyrrverandi forseti Indónesíu hefur ekki hlotið verðskuldaðan sess í mannkynssögubókum að mati Sverris Jakobssonar, sem rifjar upp blóði drifna sögu Suharto.

Í DAG 22

### Logi vinsælastur



Logi Bergmann Eiðsson er vinsælasti sjónvarpsmaður landsins samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.

FÓLK 42

FÖSTUDAGUR

### Hugsar út fyrir rammann

Hanna Stína Ólafsdóttir innanhússarkitekt hefur náð langt á sínu sviði.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**FROSTHÖRKUR** - Í dag verða leifar af norðan strekkingi austan til, annars hægari. Él norðan til og austan en bjart með köflum syðra. Frost 8-20 stig, kaldast til landsins og á hálendinu.

VEÐUR 4

# Reisir 1.476 fermetra einbýli í Mosfellsdal

**Eigandi fasteignasölunnar Remax byggir langstærsta einbýlishús landsins í Mosfellsdal. Bílskúrinn einn er 250 fermetrar. Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ segir uppbyggingu á risalóðum í biðstöðu vegna kostnaðar sveitarfélagsins.**

**SKIPULAGSMÁL** Langstærsta einbýlishús landsins er nú í byggingu í Mosfellsdal. Það verður 1.476 fermetrar.

Guðbergur Guðbergsson, fasteignasali í Remax Bæ, byggir húsið ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Birnu Garðarsdóttur. Hún starfar einnig hjá Remax. Þau eiga tvö börn á framhaldsskólaaldri.

Einbýlishús hjónanna verður rúmum 600 fermetrum stærra en stærsta einbýlishúsið í dag sem er 871 fermetri og stendur við Sunnuflöt í Garðabæ.

„Við ákváðum að byggja nákvæmlega eins hús og okkur langaði í,“ segir Guðbergur sem þó tekur fram að ætlunin hafi alls ekki verið að byggja svo stórt hús. Það hafi reyndar átt að vera helmingi minna, eða 738 fermetrar.

„Húsið átti að vera á einni hæð og var hannað þannig en það þurfti að grafa svo djúpt fyrir grunninum að við ákváðum að hafa kjallara,“ segir Guðbergur.

Hús Guðbergs og Kristínar stendur við götuna Roðamóa. Þar hafa verið deiliskipulagðar nokkrar lóðir af sömu stærðargráðu þótt ekki stefni í að hús á þeim lóðum verði nærri eins stórt og hús hjónanna.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, segir uppbyggingu í þessum stíl komna í biðstöðu vegna fyrirsjáanlegs kostnaðar sveitarfélagsins af vegagerð og fráveitulögnum.

- gar



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**GLEÐI Á BESSASTÖÐUM** Sigurður Pálsson ljóðskáld fagnar með eiginkonu sinni, Kristínu Jóhannesdóttur, á Bessastöðum í gær. Sigurður hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir Minnisbók sína og Þorsteinn Þorsteinsson gagnrýnandi hlaut verðlaunin í flokki fræðirita fyrir rit sitt um höfundarverk Sigfúsar Daðasonar skálds, Ljóðhús. sjá síðu 6

Marel gerir tímamótasamning við verkalýðshreyfinguna um launagreiðslur:

## Samkomulag um laun í evrum

**KJARAMÁL** Trúnaðarráð og stjórnendur Marels hafa undirritað rammasamkomulag um að félagsmenn stéttarfélaga geti fengið tíu til fjörutíu prósent af fastalaunum sínum í evrum. „Sögulegt samkomulag,“ segir Guðmundur S. Guðmundsson, aðaltrúnaðarmaður hjá Marel. „Marel er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem gerir rammasamkomulag í sátt við verkalýðshreyfinguna.

Starfsmaður sem hefur starfað hjá Marel í sex mánuði getur óskað eftir því að fá hluta af launum sínum greiddan í evrum og er fyrirtækið skuldbundið til að verða við því innan fjörutíu daga. Valkvætt er hversu stór hlutinn er innan ofangreindra marka.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, kynnti samkomulagið fyrir starfsmönnum Marels í gær.

Guðmundur segir að áhugi starfsmanna sé „afskaplega mikill. Auðvitað sé brýnt fyrir mönnum að fara gætilega,“ segir hann.

- ghs



**ARINSTOFA GNÚPS** Félagið náði ekki að flytja í nýjar höfuðstöðvar við Borgartún.

Gnúpur segir upp húsnæði:

## Rándýr hönnun á haugana

**HÖNNUN** Skakkaföll fjárfestingafyrirtækisins Gnúps hafa víðtæk áhrif. Þar á meðal mun félagið ekki flytja inn í nýjar höfuðstöðvar sem verið var að innrétta við Borgartún 26. Nýtt fyrirtæki hefur leigt húsnæðið og hefur aðrar hugmyndir um notkun þess.

Má ætla að hönnun, vinna og efniskostnaður við eitt þúsund fermetra húsnæði Gnúps hafi numið tugum milljóna króna.

Að sögn hönnuðarins, Rutar Káradóttur innanhússarkitekts, var hugmyndin að ekkert minnti á skrifstofuhúsnæði heldur fremur fimm stjörnu hótel eða glæsiheimili.

- jbg / sjá síðu 42

Dönsk erfðafræðirannsókn:

## Bláeygir eiga sama forföður

**KAUPMANNAHÖFN** Allir bláeygir menn eiga einn sameiginlegan forföður sem var uppi fyrir 6.000 til 10.000 árum síðan. Þetta eru niðurstöður erfðafræðilegrar rannsóknar vísindamannna við Kaupmannahafnarháskóla.

Haft er eftir vísindamanni sem vann að rannsókninni að upprunalega hafi allir menn haft brún augu, á vef Science Daily í gær.

Genabreytingin sem veldur bláum augum er eins í öllum tilvikum. Augnlitur frá brúnum og út í grænan skýrist af mismiklu melaníni í augunum, en bláeygir hafa mun minna af efninu í augum sínum.

- bj










## SPURNING DAGSINS



*Hulda, ætlarðu að líta inn í Beverly Hills 90210?*

„Ég ætla að reyna það.“

Hulda Hákon myndlistarkona heldur senn út til Bandaríkjanna til að halda sýningu í Melrose Place í Hollywood.

Hagnaður Landsbankans, Glitnis, Kaupþings og Straums er 152 milljarðar króna:

# Þurfa að huga að kostnaðinum

**VIÐSKIPTI** „Afkoma bankanna á síðasta ári verður að teljast vel viðunandi með hliðsjón af því umróti sem verið hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lækkunum á hlutabréfamörkuðum á seinni hluta ársins,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Sameiginlegur hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja, Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, auk Straums, nam í fyrra um 152 milljörðum króna. Hagnaður Kaupþings nemur 46 prósentum heildarhagnaðarins og er meiri en samanlagður hagnaður Glitnis og Landsbankans, sem er upp á 67,6 milljarða króna.

**AFKOMA BANKANNA**

| | |
|---|---|
| Kaupþing | 70,0 milljarðar króna |
| Landsbanki | 39,9 milljarðar króna |
| Glitnir | 27,7 milljarðar króna |
| Straumur | 14,3 milljarðar króna |
| **Samtals** | **151,9 milljarðar króna** |

Jónas bendir á að arðsemi eigin fjár þriggja stærstu bankanna hafi numið næstum fjórðungi á árinu. Þá hafi afkoma af grunnstarfsemi bankanna verið vel viðunandi, jafnvel þótt aðeins sé litið til seinasta fjórðungs ársins. Eiginfjárstaða bankanna verði enn fremur að teljast traust. Hærri innlánshlutföll komi bönkunum jafnframt til góða.



JÓNAS FR. JÓNSSON

„Hækkandi kostnaðarhlutföll eru hins vegar neikvæð þróun í afkomutölum síðasta árs,“ segir Jónas. Þau hafi að jafnaði verið yfir 50 prósentum í fyrra, heldur meira en árin á undan. „Samkvæmt þessu þurfa bankarnir að huga að aðhaldi í kostnaði á þessu ári.“

- ikh / sjá síðu 18

Leiðirnar tvær kynntar:

# Sundabraut í samgöngunefnd

**SKIPULAGSMÁL Hugmyndir um legu Sundabrautar voru kynntar á fundi samgöngunefndar Alþingis í gær. Annars vegar var rætt um jarðgangaleiðina frá Gufunesi í Laugarnes og hins vegar svokallaða Eyjaleið.**

**„Við vildum fá að heyra sjónarmið Vegagerðarinnar um hvernig leiðirnar væru, og sjá þær á korti,“ segir Ólöf Nordal, varaformaður nefndarinnar. Að hennar sögn var aðeins um kynningarfund að ræða, engar ákvarðanir hafi verið teknar.**

**Lagning Sundabrautar hefur verið í undirbúningi síðan 1996.**

- sþs

Eigendum Kaupþings að fjölga:

# Rætt við fjárfesta frá Katar

**VIÐSKIPTI Kaupþing banki á í viðræðum við fjárfestingarsjóði frá Katar um mögulega aðkomu þeirra að bankanum. Þetta staðfesti Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, í viðtali við Markaðinn.**

**Í síðustu viku var á ferð í Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmunum sendinefnd á vegum Útflutningsráðs skipuð fulltrúum fyrirtækja héðan. Fjárfestar frá Arabalöndum hafa síðustu misseri verið áberandi á bæði evrópskum og bandarískum bankamarkaði. „Auðvitað væri mjög áhugavert fyrir okkur að fá inn fjárfesta frá þessum svæðum,“ segir Hreiðar. „Tíminn verður svo að leiða í ljós hver niðurstaðan verður.“**

- óká / sjá síðu 18

Föstudagur er nýtt fylgirit:

# Fréttir af fólki, hönnun og stíl

Föstudagur, nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins, lítur dagsins ljós í dag. Það kemur í stað Sirkuss sem hefur fylgt Fréttablaðinu. Marta María Jónasdóttir, ritstjóri blaðsins, segir að blaðið muni fanga hina einu sönnu föstudagsstemningu. „Það er alltaf eftirvænting í loftinu á föstudögum. Fatastíl, útliti og hönnun verður gert hátt undir höfði í bland við viðtöl við fólk sem skarar fram úr ásamt fréttum af fólki,“ segir Marta María.




Í blaðinu í dag er meðal annars viðtal við innanhúsarkitektinn Hönnu Stínu, skrifstofa lögmannsins Vilhjálms Vilhjálmssonar er skoðuð og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir segir frá tíu hlutum sem eru í mestu uppáhaldi.

# Neitar að gefa upp nafn höfuðpaursins

**Einar Jökull Einarsson neitaði fyrir dómi að gefa upp nafn mannsins sem bað hann um að flytja fíkniefni landsins. Aðalmeðferð í Pólstjörnumálinu lauk í gær og hafa allir mennirnir sem ákærðir eru játað aðild sína.**

**DÓMSMÁL** Einar Jökull Einarsson, 28 ára Kópavogsbúi, neitaði við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að gefa upp nafn mannsins sem hann segir hafa staðið að baki innflutningstilraun á miklu magni verksmiðjuframleiddra fíkniefna. Einar Jökull játaði að hafa skipulagt innflutninginn og fengið aðra sem eru ákærðir til að aðstoða sig. „Ég átti að fá ákveðnar prósentur af þessu,“ sagði Einar Jökull en hann sagði engar upphæðir, eða fíkniefnamagn, hafa verið nefndar.

Lögreglan greip Alvar Óskarsson og Guðbjarna Traustason með um fjörutíu kíló af verksmiðjuframleiddum fíkniefnum, amfetamíni og MDMA, í Fáskrúðsfjarðarhöfn að morgni 20. september. Alvar og Guðbjarni sigldu efnunum til landsins á skútu frá Danmörku, með viðkomu í Hjaltlandseyjum og Færeyjum. „Þetta var auðvitað áhætta en við fylgdumst með veðri og svona, áður en farið var að stað,“ sagði Einar Jökull er Guðjón Marteinsson dómari spurði hvernig Einari Jökli hefði dottið í hug að skipuleggja siglingu á lítilli skútu yfir Atlantshafið á þessum árstíma. „Þetta átti upphaflega að gerast í ágúst en tafðist,“ sagði Einar Jökull.

Hann sagðist jafnframt hafa „gert þetta áður“ og fundist það gaman. „Ég er bara ævintýrakarl,“ bætti hann við.

Einar Jökull sagðist hafa hitt Bjarna Hrafnkelsson, einn ákærðu, „fyrir tilviljun“ í Danmörku þegar hann var að undirbúa innflutninginn. „Hann lá bara vel við höggi og ég ákvað að fá hann til þess að pakka efnunum,“ sagði Einar Jökull. Bjarni sagðist hafa pakkað hluta efnanna eftir að hafa fallist á að gera það eftir fund sinn og Einars Jökuls á veitingastaðnum Hard Rock í Kaupmannahöfn. „Ég sé eftir þessari ákvörðun [...] Ég var í mikilli óreglu og hef verið síðan ég var unglingur,“ sagði Bjarni en hann neitar alfarið að hafa komið að skipulagningu á innflutningi efnanna.



**Í DÓMSAL** Lögmenn sakborninga í málinu lögðu áherslu á það í málflutningi að refsing yrði í lægri kantinum, og tekið yrði mið af því að aðeins einn mannanna hefði skipulagt innflutninginn. Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari fór fram á hörðustu refsingu sem lög leyfa, það er tólf ára fangelsi, yfir þremur af sex sakborningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arnar Gústafsson, einn ákærðu, játaði að hafa heimilað geymslu á efnunum í sumarbústaðarlandi tengdaforeldra sinna í Rangárvallasýslu. Hann sagði Marinó Einar Árnason, sem játaði að hafa átt að taka við efnunum á Fáskrúðsfirði, hafa átt að koma efnunum til sín. „Ég hafði hugmynd um að þetta væru fíkniefni en vissi ekki að þetta væri svona mikið. Það kom mér á óvart,“ sagði Arnar. Marinó Einar játaði þátt sinn en sagðist með engu móti hafa skipulagt innflutninginn.

Dómur í málinu verður kveðinn upp innan mánaðartíma.

magnush@frettabladid.is

## ORÐRÉTT Í DÓMSAL

*„Þetta er líklega bara meðfætt eða eitthvað. Svo er ég svolítill spennufíkill.“*

Alvar Óskarsson eftir að Guðjón St. Marteinsson dómari hafði spurt hann hvort hann kynni eitthvað að sigla og hvernig honum hefði dottið í hug að sigla skútunni með fíkniefnin þvert yfir Atlantshafið.

*„Er hann í smóknum? Hann verður að koma núna. Hann er ekki með lyklavöld hérna.“*

Guðjón St. Marteinsson eftir að Guðmundur Haraldsson dómvörður hafði tjáð honum það að Bjarni Hrafnkelsson væri „úti í smók“ með fangavörð sér við hlið.

*„Ég er edrú og er á meðferðargangi á Litla-Hrauni og er byrjaður í Stýrimannaskólanum.“*

Bjarni Hrafnkelsson um stöðu sína og persónuhagi. Hann er í gæsluvarðhaldi, eins og hinir ákærðu, á Litla-Hrauni.

*„Ég þekkti Einar Jökul ekki neitt, þannig. Er bara búinn að vera að hanga með honum í fangelsinu.“*

Alvar Óskarsson spurður hvort hann þekkti Einar Jökul Einarsson eitthvað.

*„Ég hef siglt áður og þá voru fimmtán metrar á sekúndu eða eitthvað. Ég vissi að þetta gæti ekkert verið verra en það.“*

Einar Jökull Einarsson um hvort hann hafi talið það mikla áhættu að fara með fíkniefnin þvert yfir Atlantshafið á skútu.

*„Ég er bara að reyna að verða að betri manni. Er að lyfta á fullu og svona.“*

Alvar Óskarsson um hagi sína innan fangelsisins á Litla-Hrauni þar sem hann er í gæsluvarðhaldi. Hann sagðist vera búinn að taka sig á og reyndi að horfa fram á veginn.




Húsleit lögreglu í íbúðarhúsnæði í Vogum á Vatnsleysuströnd:

# Lögregla tók amfetamín og kókaín á heimili Annþórs

**LÖGREGLUMÁL** Umtalsvert magn af kókaíni og amfetamíni fannst við húsleit í húsnæði Annþórs Karlssonar í Vogum á Vatnsleysuströnd í fyrradag, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Í gær var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald í fimmtán daga. Húsleitin fór fram að lokinni handtöku hans.

Annþór var handtekinn í tengslum við rannsókn lögreglu á fíkniefnasmygli til landsins. Reynt var að koma tæpum fimm kílóum af amfetamíni og 600 grömmum af kókaíni til landsins.

Annþór er fjórði maðurinn sem situr nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Hann var úrskurðaður í Héraðsdómi Reykjaness til að sitja inni til 15. febrúar. Hann var á reynslulausn vegna eldri brota þegar hann var handtekinn nú. Hann hafði hlotið þriggja ára dóm fyrir hrottalega líkamsárás þegar hann barði rúmliggjandi mann til óbóta með kylfu. Annþór var dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir verknaðinn en sat aðeins inni í tvö ár, áður en hann fór á reynslulausn. Fíkniefnafundurinn á heimili hans nú þýðir væntanlega að hann þarf að ljúka afplánun refsingarinnar innan veggja fangelsis.



**HÚSLEITIN** Lögregla var að fara í húsleit á heimili Annþórs í fyrradag þegar myndin var tekin.

Gæsluvarðhald tveggja af þeim fjórum sem sitja inni vegna málsins rennur út í dag.

Allt að
**15,05%**
vextir



# Frábærir
## vextir á sparnaðinn þinn!

**SPRON Vaxtabót**
**– allt að 15,05% vextir***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

**SPRON Viðbót**
**– allt að 7,95% vextir***

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

**SPRON Veltubót**
**– allt að 14,59% ársávöxtun***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Þú getur stofnað reikning
á **SPRON.IS**

spron

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. febrúar 2008.*

## GENGIÐ 31.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,89 | 65,19 |
| Sterlingspund | 129,29 | 129,91 |
| Evra | 96,38 | 96,92 |
| Dönsk króna | 12,931 | 13,007 |
| Norsk króna | 11,965 | 12,035 |
| Sænsk króna | 10,208 | 10,268 |
| Japanskt jen | 0,609 | 0,6126 |
| SDR | 103,36 | 103,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

126,7234

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla stýrihóps um Orkuveitu Reykjavíkur frestað, lögð fram í næstu viku:

# OR verði ekki að hlutafélagi

**STJÓRNMÁL** Skýrsla stýrihóps um Orkuveitu Reykjavíkur var ekki lögð fram í borgarráði í gær eins og til stóð. Þess í stað verður hún lögð fram á fundi borgarráðs á fimmtudag. Samkvæmt drögum að skýrslunni verður Orkuveitan ekki gerð að hlutafélagi eins og samþykkt var á stjórnarfundi í september.

„Ég gerði grein fyrir stöðunni á undinum, og útskýrði að við myndum funda í stýrihópnum í næstu viku,“ segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri Grænna í borgarstjórn og formaður stýrihópsins. „Síðan leggjum við skýrsluna fram á fundi borgarráðs á fimmtudaginn í næstu viku.“

Stýrihópurinn var settur á laggirnar eftir að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk í október. Honum er ætlað að móta heildarstefnu Orkuveitunnar, og meðal annars rannsaka samruna Reykjavíkur Energy Invest og Geysis Green Energy.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur fram í drögum að skýrslunni að Orkuveitan skuli lúta lögum um opinbera stjórnsýslu. Þar með væri tillagan um hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar frá því í ágúst komin út af borðinu, en henni hafa Sjálfstæðismenn verið fylgjandi. - sþs



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Samþykkt var á stjórnarfundi í september að beina þeim tilmælum til eigenda Orkuveitunnar að gera hana að hlutafélagi. Samkvæmt drögum að skýrslu stýrihóps um málefni fyrirtækisins verður ekkert úr því.

Tveir dæmdir fyrir ýmis brot:

# Tuttugu mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið dæmdir til fangelsisvistar fyrir ýmis brot, annar í 20 mánaða fangelsi en hinn í 30 daga fangelsi.

Mennirnir frömdu brot sín á síðasta ári. Saman stálu þeir gosdrykkjum úr verslun Krónunnar. Þá réðst annar þeirra á mann, slasaði hann og fékk því dóm fyrir líkamsárás. Hann stal einnig fatnaði í Hagkaupum og braust inn í íbúð þar sem hann stal dýrum tölvubúnaði. Sá hinn sami ók einnig ítrekað undir áhrifum fíkniefna.

Mennirnir játuðu brot sín. Sá er þyngri dóminn hlaut var á skilorði sem hann rauf nú. - jss



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON    ILLUGI GUNNARSSON

Fylgst með þróun í Evrópu:

# Tvíhöfði fjallar um Evrópumál

**STJÓRNMÁL Þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni, og Illugi Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, eru formenn nýrrar nefndar forsætisráðherra um Evrópumál.**

**Nefndin, sem skipuð er til þriggja ára, á að fylgja eftir tillögum Evrópunefndar frá í mars á síðasta ári, athuga hvernig hagsmunum þjóðarinnar verður best borgið gagnvart Evrópusambandinu og fylgjast með þróun mála í álfunni.**

**Auk formannanna sitja í nefndinni fulltrúar þingflokkanna fimm og fulltrúar samtaka á vinnumarkaði og Viðskiptaráðs.** - bþs

# Átök í borgarstjórn hafa áhrif úti á landi

**Tæplega helmingur svarenda í landsbyggðarkjördæmunum segir nýlegar vendingar í borgarstjórn hafa áhrif á hvaða flokk þeir myndu kjósa. Tæplega sextíu prósent þeirra sem ekki gefa upp flokk segja meirihlutaskiptin hafa áhrif.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 41,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segja nýlegar vendingar í borgarstjórn hafa áhrif á hvaða flokk þeir myndu kjósa ef boðað yrði til þingkosninga nú. Vænta má að áhrif meirihlutaskiptanna í borgarstjórn á kjósendur séu tvenns konar. Annars vegar að kjósendur breyti um skoðun á því hvaða flokk þeir myndu kjósa. Hins vegar að þeir verði enn vissari í því að flokkurinn sem þeir myndu kjósa sé rétt val.

Athygli vekur að vendingar í borgarstjórn hafa meiri áhrif meðal kjósenda úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. 46,5 prósent kjósenda úti á landi segja meirihlutaskiptin hafa haft áhrif, en 33,1 prósent svarenda á höfuborgarsvæðinu. Þá hafa breytingarnar meiri áhrif meðal kvenna en karla. 48,9 prósent kvenna telja myndun nýs meirihluta hafa áhrif á afstöðu sína til þingkosninga nú, en 33,6 prósent karla.

Það eru helst kjósendur Vinstri grænna og þeir sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa sem segja nýjan meirihluta í borginni hafa áhrif á hvaða flokk þeir myndu kjósa nú.

15,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku segjast nú myndu kjósa Vinstri græn. Af þeim sögðu 52,5 prósent að nýr meirihluti hefði áhrif á afstöðu sína. Alls voru það 34,3 prósent sem ekki gáfu upp hvaða flokk þeir myndu kjósa; voru óákveðnir, neituðu að svara, sögðust ekki myndu kjósa eða skila auðu. Af þeim sögðu 57,6 prósent að nýr meirihluti í borginni hefði áhrif á afstöðu sína.

Áhrifin eru minnst meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist nú 36,7 prósent og af þeim segjast einungis 13 prósent að breytingar í borgarstjórn hafi áhrif á hvaða flokk þeir myndu kjósa í þingkosningum. Fylgi Framsóknarflokksins er hins vegar 8,9 prósent. Af þeim segja 30,4 prósent að nýr borgarstjórnarmeirihluti hafi áhrif á afstöðu sína til þingkosninga.

45,7 prósent kjósenda Samfylkingingarinnar segja meirihlutaskiptin hafa áhrif á afstöðu sína til þingkosninga, en fylgi þeirra mældist nú 34,8 prósent. Þá segir 47,1 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins að nýr meirihluti hafi haft áhrif á afstöðu sína, en fylgi flokksins mældist 3,6 prósent.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri miðvikudaginn 29. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hafa átökin í borgarstjórn Reykjavík áhrif á hvaða flokk þú myndir kjósa núna? 91,5 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is



**BORGARSTJÓRN** Nýleg meirihlutaskipti í Reykjavík hafa áhrif á hvaða flokk 41.3 prósent fólks myndi kjósa færu þingkosningar fram nú samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

**HAFA ÁTÖKIN Í BORGARSTJÓRN REYKJAVÍKUR ÁHRIF Á HVAÐA FLOKK ÞÚ MYNDIR KJÓSA NÚNA?**




SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 28.1.2008



**FORSTJÓRAR** Greiðslur til Lárusar og Bjarna námu tæpum milljarði króna árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vel launaðir forstjórar Glitnis:

# Hóf störf fyrir 300 milljónir

**VIÐSKIPTI** Lárus Welding, forstjóri Glitnis, fékk 300 milljóna króna greiðslu þegar hann réð sig til starfa hjá bankanum í lok apríl í fyrra. Lárus fékk einnig 76 milljónir króna í laun þá átta mánuði sem hann gegndi forstjórastarfinu árið 2007. Bjarni Ármannsson, forveri hans í forstjórastóli, fékk 90 milljóna króna launagreiðslu fyrir fjögurra mánaða vinnuframlag ársins.

Þetta kemur fram í ársskýrslu bankans. Eins kemur fram að Bjarni fékk á síðasta ári 100 milljónir króna í starfslokasamning þegar hann hætti sem forstjóri. Þá hagnaðist Bjarni um 381 milljón króna með því að nýta forkaupsrétt á hlutabréfum. - shá

Schwarzenegger ríkisstjóri:

# Styður McCain

**BANDARÍKIN, AP Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, lýsti í gær yfir stuðningi við John McCain í kosningabaráttu um forsetaefni Repúblikanaflokksins.**

**Stuðningur ríkisstjórans skiptir miklu í forkosningum í Kaliforníu, sem fram fara á þriðjudag, um leið og prófkjör í meira en 20 öðrum ríkjum Bandaríkjanna.** - gb

## SIGLUFJÖRÐUR

### Vill hefja brotajárnsvinnslu

Fyrirtækið JPP ehf. á nú í viðræðum við hafnarstjórann á Siglufirði um aðstöðu til að hluta niður gömul skip til sölu í brotajárnsvinnslu erlendis. Fyrirtækið þarf landsvæði fyrir uppsafnað járn og húsnæði eða gámaaðstöðu vegna viðkvæmari hluta.

## LEIÐRÉTTING

Fylgi Samfylkingarinnar jókst um 10 prósentustig milli kannana í landsbyggðarkjördæmunum en ekki á höfuðborgarsvæðinu eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.






# VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KULDAKAST Á TOPPNUM**

Dagurinn í dag er einn sá kaldasti í þessum frostakafla sem nú stendur yfir. Ég á von á að á hálendinu verði nálægt 20 stiga frost. Síðan á ég von á leifum af norðan strekkingi við austur- og suðausturströndina og þegar vindkælingin þar er tekin með í reikninginn jafngildir frostið um 30 stigum í logni. Ansi kalt það. Á morgun hins vegar nálgast hlýrra loft og það dregur úr frosti, fyrst fyrir austan.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hægviðri. Bjart með köflum. Frost 8-12 stig.

um hádegi »




» á morgun




Stíf norðanátt eystra, annars hægari.

» sunnudagur




18-23 m/s úti með suðausturströndinni, annars 8-15 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | London | 7°C skúrir | Friedrichshafen | 5°Cskúrir |
| Billund | 5°C rigning | París | 5°C skúrir | Lúxemborg | 4°C rigning |
| Osló | 3 °C rigning | Amsterdam | 6°C skúrir | Alicante | 17°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C skúrir | Frankfurt | 8°C rigning | Róm | 12°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C rigning | Berlín | 6°C skúrir | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# HUNANGS-HNETUHJÚPUR

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 1 stk. svínahryggur
- 80 ml hunang
- 50 g grófkorna sinnep
- 2 stk. hvítlauksgeirar
- 3 teg. hnetur eftir smekk
- 1 stk. koriander

Hryggurinn er steiktur í ofni á 170°C í 45 til 55 mín. Hunanginu, sinnepinu og hvítlauknum er blandað saman og penslað á hrygginn á 10 mínútna fresti. Stráið svo hnetunum og koriandernum yfir síðustu 5 mínúturnar. Látið hann standa í 5 til 10 mínútur áður en þið skerið hann.












Þú færð sérvalið saltkjöt beint úr kjötborðinu!




**Hagkaup Holtagörðum** ný og glæsileg verslun sem allir verða að kíkja á! Næg bílastæði




**Latabæjar orkubrauð** trefjaríkt fjölkornabrauð - fyrir káta krakka!




**Hydroxycut** er mest selda fitubrennsluefnið í heiminum í dag. Rannsóknir hafa sýnt að fólk grennist 5 sinnum hraðar með notkun þess. Eykur brennslu líkamans og minnkar matarlyst.




**Lífsins Lind** 20% afsláttur af öllum lífrænum vörum. Yfir 1000 tegundir

Gildir til 3. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Borðar þú súrmat?*

| | |
|---|---|
| Já | 47% |
| Nei | 53% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú þá verta sem leyfa reykingar inni á stöðum sínum þrátt fyrir bann?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru veitt á Bessastöðum í gær:

# Dagur ljóðskálds og ljóðarýnis

**MENNING** Forseti Íslands afhenti Íslensku bókmenntaverðlaunin á Bessastöðum í gær að viðstöddu fjölmenni. Sigurður Pálsson skáld hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir Minnisbók sína og Þorsteinn Þorsteinsson gagnrýnandi hlaut verðlaunin í flokki fræðirita og bóka almenns eðlis fyrir rit sitt um höfundarverk Sigfúsar Daðasonar skálds, Ljóðhús.

Ljóðið átti sinn dag í gær; Sigurður hefur verið mikilvirkt ljóðskáld í hartnær fjóra áratugi og sent frá sér fjölda ljóðabóka sem hann raðar í efnistengdar syrpur, jafnframt því sem hann hefur samið skáldsögur og leikverk og verið afkastamikill þýðandi úr frönsku. Þorsteinn hefur á síðari árum staðið fyrir útgáfum á ritsöfnum skálda og rithöfunda, en telja verður verk hans um skáldferil Sigfúsar Daðasonar krónu á langri vegferð rýnandans um heim ljóðlistarinnar frá unga aldri.

Minnisbók Sigurðar rekur þroskaár hans í París frá því hann heldur utan til náms, hvernig ljóðasmíði hans endurspeglar reynslu og umhverfi hins unga skálds. Þorsteinn rekur með ýmsum dæmum og hliðstæðum hvernig evrópsk ljóðahefð mótaði Sigfús Daðason, eitt helsta ljóðskáld síðustu aldar, einkum hin franska ljóðhefð. Voru þeir félagar að vonum ánægðir eftir afhendinguna í veisluskálanum á Bessastöðum í gær.

Bókmenntaverðlaunin nema 750 þúsund krónum í hvorum flokki, auk þess sem afhent eru skrautrituð verðlaunaskjöl og verðlaunagripir hannaðir af Jóni Snorra Sigurðssyni á gullsmíðaverkstæði Jens, – opin bók á granítstöpli með nafni verðlaunahöfundar og bókar hans. Þetta er í nítjánda sinn sem verðlaunin eru veitt en til þeirra var stofnað af Félagi bókaútgefenda. **- pbb**



**VERÐLAUNAHAFARNIR** Sigurður Pálsson og Þorsteinn Þorsteinsson á Bessastöðum í gær. Fréttablaðið/Anton






# Langstærsta einbýli Íslands í Mosfellsdal

**Eigandi fasteignasölu byggir fjölskyldunni 1.476 fermetra einbýlishús í Mosfellsdal. Hálft húsið er kjallari sem hann segir óvænt hafa bæst við. Bæjarstjórinn segir frekari uppbyggingu á stórum lóðum í Mosfellsdal hafa verið setta í bið.**

**SKIPULAGSMÁL** „Fólk sýpur hveljur en þetta er engin rosaleg villa,“ segir Guðbergur Guðbergsson, fasteignasali í Remax Bæ, sem er að byggja langstærsta einbýlishús landsins í Mosfellsdal.

Hús Guðbergs, sem bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ samþykktu í vetrarbyrjun, verður alls 1.476 fermetrar. Íbúð á fyrstu hæð er tæpir 490 fermetrar og áfastur henni er nærri 250 fermetra bílskúr. Undir allri byggingunni er svo 738 fermetra kjallari. Stærsta einbýlishús Íslands í eigu einstaklinga nú er 871 fermetra hús í Sunnuflöt í Garðabæ.



**GUÐBERGUR GUÐBERGSSON**

„Við ákváðum að byggja nákvæmlega eins hús og okkur langaði í; að krakkarnir fengju hvort sína 35 fermetrana og það væri góð borðstofa, tómstundaherbergi og svo alvöru bílskúr,“ segir Guðbergur sem kveðst um langt árabil hafa keppt í ýmsum akstursíþróttum og því fylgi talsverður tækjakostur. Því hafi hann viljað sérlega stóran bílskúr.

Að sögn Guðbergs gefur fermetrafjöldinn ekki raunhæfa mynd af stærð hússins sem hafi óvænt undið upp á sig.

„Húsið átti að vera á einni hæð og var hannað þannig en það þurfti að grafa svo djúpt fyrir grunninum að við ákváðum að hafa kjallara. Þess vegna fjölgar fermetrunum,“ segir Guðbergur og útskýrir að dýrt hefði verið að fylla í grunninn. Hagkvæmt hefði verið að steypa einfaldlega kjallara sem væri að auki gluggalaus og bæri því aðeins fjórðung venjulegra fasteignagjalda. „Þetta er í raun bílakjallari en ég veit ekkert í hvað ég nota hann.“

Lóð Guðbergs er tæpur einn og hálfur hektari. Þegar hafa verið deiliskipulagðar nokkrar lóðir af svipaðri stærðargráðu þar í kring en Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, segir uppbyggingu í þeim stíl komna í biðstöðu. Segir hann að með fleiri húsum dugi ekki að hvert þeirra hafi eigin rotþró og að bæta þurfi núverandi vegakerfi. Venjuleg gatnagerðargjöld myndu ekki nægja bænum fyrir kostnaði við fráveitu og vegalagningu. „Það þarf að hugsa þetta upp á nýtt,“ segir bæjarstjórinn.

**gar@frettabladid.is**



**KJALLARI Í ROÐAMÓA** Unnið er við uppslátt fyrir kjallarann í Roðamóa 9 í Mosfellsdal. Mön verður gerð til að loka húsið af frá Þingvallavegi. Mosfell er í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ROÐAMÓI 9** Húsið verður tæpir 50 metrar að breidd. TEIKNING/KJ HÖNNUN

**STÆRSTU EINBÝLISHÚS LANDSINS**

| | | Fermetrar |
|---|---|---|
| 1. | Sunnuflöt, Garðabæ | 871 |
| 2. | Veiðilækur, Borgarfirði | 844 |
| 3. | Ennishvarf, Kópavogi | 764 |
| 4. | Svalbarð, Svalbarðsstrandarhreppi | 708 |

Fimm önnur einbýlishús eru skráð á bilinu 744 til 1.672 fermetrar en þau eru í eigu fyrirtækja og stofnana og ekki nýtt sem fjölskylduhús.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Selvík, Grímsnesi | 1.672 |
| 2. | Skálatún, Úthlíð | 1.017 |
| 3. | Brú/Landsímastöð, Hrútafirði | 989 |
| 4. | Hússtjórnarskólinn, Hallormsstað | 878 |
| 5. | Skriðuklaustur, Fljótsdalshérað | 744 |

Heimild: Fasteignamat ríkisins.









Seðlabanki Bandaríkjanna beitir sér gegn efnahagskreppu með vaxtalækkun:

# Samdráttur lætur á sér kræla

**VIÐSKIPTI** Seðlabanki Bandaríkjanna lækkaði stýrivexti um hálft prósentustig síðdegis í fyrradag.

Þetta er önnur stýrivaxtalækkun bankans á rúmri viku en áður hafði bankinn lækkað vextina um 75 punkta eftir sérstakan neyðarfund eftir snarpa dýfu víða um heim á mánudag í síðustu viku. Þetta merkir að stýrivextir í Bandaríkjunum hafa lækkað úr 5,25 prósentum í 3 prósent frá síðasta hausti.

Fjármálasérfræðingar höfðu reiknað með þessari lækkun til að afstýra frekari samdrætti í einkaneyslu og efnahagskreppu í kjölfarið. Óttast er að slíkt geti smitað út frá sér til helstu viðskiptalanda Bandaríkjanna.

Hagvöxtur vestanhafs er drifinn áfram af einkaneyslu. Vísbendingar um samdrátt hafa þegar látið á sér kræla þar í landi því einkaneysla stóð næstum í stað á milli mánaða í desember auk þess sem atvinnuleysi hefur aukist. Reikna menn því með frekari lækkun stýrivaxta á næstunni þótt áhrifa þeirra gæti ekki fyrr en eftir um hálft ár að jafnaði, samkvæmt Bloomberg. **- jab**




# Rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og frábært úrval svefnherbergishúsgagna



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Skólameistarar hvaða tveggja framhaldsskóla voru áminntir fyrir að ýkja fjölda eininga sem nemendur luku?*

**2.** *Hver er nú talinn líklegastur til að tryggja sér útnefningu repúblikana fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum?*

**3.** *Hversu margir skrifuðu undir mótmæli til borgaryfirvalda vegna fyrirhugaðs niðurrifs húsa í miðborginni?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 42

Skólameistari Iðnskólans bíður enn svars ráðuneytis við bréfi vegna áminningar:

# Kynnti kennurum áminningu

**MENNTAMÁL** Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, kynnti kennurum áminningu sem menntamálaráðuneytið hefur veitt honum fyrir að oftelja fjölda nemenda sem lokið hafa prófi, á fundi á kennarastofu skólans eftir hádegi í gær.

„Ég var bara að segja kennurunum af þessu, og svo voru fleiri mál sem ég tók fyrir,“ segir Baldur.

Menntamálaráðuneytið áminnti einnig Gísla Ragnarsson, skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla, í síðustu viku. Þá var einnig skólameisturum þriggja annarra skóla veitt tiltal.

Ástæðan er sú að ráðuneytið telur skólameistarana fimm hafa ýkt tölur yfir fjölda nemenda sem luku áföngum í skólunum með prófi. Afleiðingar þess voru þær að skólarnir fengu framlög úr ríkissjóði sem námu nokkrum milljónum króna umfram það sem þeim bar, á kostnað annarra skóla, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Hvorki Baldur né Gísli vilja tjá sig um málið, en þeir segjast báðir líta svo á að málinu sé ekki lokið. Í gær sagði Baldur að enn væri beðið svars frá menntamálaráðuneytinu vegna bréfs sem þeir sendu. Þar til það svar berist muni hann ekki tjá sig um málið við fjölmiðla. **- bj**



**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Menntamálaráðuneytið telur ljóst að fjöldi nemenda sem luku áföngum með prófi hafi verið ýktur hjá fimm framhaldsskólum.

Göngustígar í Fossvogi:

# Embættismenn staðfesta lokun

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur einbýlishúsa í Fossvogi mega loka fyrir aðgang framhjá húsum sínum frá stígakerfi hverfisins. Þetta er niðurstaða skrifstofustjóra framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Hjón í Fossvoginum vildu fá skýr svör um það hvort heimild, sem eigendur í einum fjögurra einbýlishúsa klasa fengu til að loka á umferð að stígakerfinu, væri fordæmisgefandi. Framkvæmdasviðið hefur nú tekið undir þá túlkun embættis skipulagsstjóra að engin kvöð um göngustíga sé á slíkum lóðum í Fossvogi. Málið fer nú fyrir skipulagsráð. **- gar**

Dalakonan komin með síma:

# Segir málið eitt allsherjarklúður

**FJARSKIPTI „Ég er komin með síma og þar með inn í nútímann,“ segir Bára Hjaltadóttir, ábúandi á Fellsenda í Dölum. Eins og Fréttablaðið greindi frá sótti Bára um flutning á síma 8. desember í fyrra. Mikill dráttur varð á að Bára fengi símann færðan milli húsa á jörðinni.**

**Bára segir símastrenginn liggja ofanjarðar en hann verði plægður í jörð í vor. Hún þakkar það Bændasamtökunum að málið var afgreitt í hvelli. Bára segist aldrei hafa verið krafin um sannanir fyrir því að hún ætti lögheimili í húsinu. „Það var farið að bera það á mig að við ættum ekki lögheimili þarna. Þá athugaði ég málið og komst að því að það hafði klúðrast hjá mínu sveitarfélagi að tilkynna flutninginn. Þannig að þetta var svona allsherjar klúður.“** **- ovd**

Álit sérfræðings við Evrópumálastofnun í Brussel:

# Einfalt yrði að semja um ESB-aðild

**EVRÓPUMÁL** Tiltölulega einfalt yrði að semja um aðild Íslands að Evrópusambandinu og gera má ráð fyrir að það tæki stuttan tíma þar sem Ísland er nú þegar, í gegnum aðildina að EES- og Schengensamningunum, mjög náið aðlagað Evrópusambandinu. Þetta er álit Michaels Emerson, sérfræðings í stækkunarmálum ESB við Evrópumála-ráðgjafarstofnunina Center for European Policy Studies í Brussel.

Emerson var meðal framsögumanna á lokuðum fundi Samtaka atvinnulífsins um Ísland og Evrópusambandið á Hótel Loftleiðum í gær. Í erindi sínu á fundinum talaði hann annars aðallega um þær breytingar sem hafa orðið og eru að verða á stofnanauppbyggingu og starfsháttum Evrópusambandsins og hvernig búast má við að þær munu hafa áhrif á EES-samstarfið.

„Sé framkvæmdastjórn ESB spurð hvernig EES-samstarfið gangi mun hún segja: bara vel,“ segir Emerson aðspurður. „Framkvæmdastjórnin er þannig fylgjandi óbreyttu ástandi. En kerfið sjálft stefnir í að verða æ órökréttara,“ segir hann. Óljós skil milli málefnasviða og hinn gríðarlegi stærðarmunur aðila valdi því að það verði í æ ríkari mæli framkvæmdastjórnin ein sem ákveði hvaða mál beri að skilgreina sem mál sem varða gildissvið EES-samningsins og fulltrúar Íslands og hinna EES-EFTA-ríkjanna muni hafa æ minna um það að segja. **- aa**



**EVRÓPUMÁLIN RÆDD** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mælir fyrir skýrslunni á þingi í gær. Í umræðunni, sem stóð allan daginn, var sjónum beint að möguleikum Alþingis til áhrifa á mótun og útfærslu EES-gerða. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Alþingi verði skilvirkara í EES-málum

**Í þingumræðu um skýrslu utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu kom fram að Alþingi gæti beitt sér með mun markvissari hætti til áhrifa á mótun og útfærslu EES-löggjafar en gert hefur verið.**

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar hafa ekki nýtt til fullnustu þá möguleika sem þeir þó hafa til að hafa áhrif á mótun og útfærslu nýrrar Evrópulöggjafar sem þeir síðan samkvæmt EES-samningnum eru skuldbundnir til að innleiða í landslög. Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra er hún mælti í gær fyrir fyrstu árlegu sérskýrslunni um Evrópumál sem utanríkisráðuneytið gerir fyrir Alþingi í stað þess að þau séu afgreidd sem hluti af hefðbundinni haustskýrslu ráðherra til þingsins um utanríkismál.

Mælst er til þess í skýrslunni að Alþingi og fulltrúar á löggjafarþingi Íslendinga hafi vakandi auga á málefnum innri markaðarins „mun fyrr í stefnumótunar- og löggjafarferlinu en hingað til hefur tíðkast“. „Það er rétt og eðlilegt að nálgast verkefni okkar á Evrópuvettvangi sem eitt mikilvægasta hagsmunamál Íslands þar sem ríði á að sýna árvekni og meta alla stöðu rétt,“ sagði Ingibjörg Sólrún í framsögu sinni.

„Margir hafa orðið til þess að harma á liðnum árum áhrifaleysi Alþingis sem einhvers konar stimpilstofnunar EES-gerða. Í því felst vanmat á möguleikum íslenskrar stjórnsýslu og alþingismanna til að hafa áhrif og til að nýta sér val sem löggjöf Evrópusambandsins oftar en ekki gefur aðildarríkjum innri markaðarins við útfærslu EES-gerða í innlendri lagasetningu,“ sagði ráðherrann.

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra tók undir þetta og vísaði í ráðleggingar í skýrslu Evrópunefndarinnar sem hann fór fyrir og birt var í mars í fyrra, það á meðal að Alþingi hafi fastafulltrúa í Brussel og þingflokkar Alþingis komi á beinum tengslum við þingflokkana á Evrópuþinginu. Það er ein þeirra stofnana Evrópusambandsins sem hefur stóraukið áhrif sín á löggjafarferli ESB en fulltrúar Íslands og annarra EES-EFTA-ríkja hafa engan beinan aðgang að samkvæmt EES-samningnum.

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður utanríkismálanefndar, brýndi Alþingi til dáða að beita sér með virkari hætti á þessu sviði.

Ingibjörg Sólrún tók aftur á móti fram að nauðsynleg forsenda skynsamlegrar umræðu væri að allir gerðu sér „fullkomlega ljóst að með því að kjósa EES-aðild kýs Alþingi að halda Evrópusamstarfi á stjórnsýslustigi en kýs ekki þátttöku í pólitísku samstarfi Evrópuþjóða“.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, og fleiri fulltrúar stjórnarandstöðunnar fögnuðu því að til þessarar umræðu væri efnt á þingi. Steingrímur sagðist þó hafa óskað sér að hún væri víðtækari en það sem varðaði þátttökuna í innri markaði Evrópu. Hann þóttist líka greina talsverðan áherslumun á málflutningi ráðherra eftir því hvorum stjórnarflokknum þeir kæmu úr. Tönninn í máli utanríkisráðherrans væri að hans mati allur í þá átt að Íslendingum væri fyrir bestu að ganga alla leið í Evrópusambandið, jafnvel þótt það væri ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

**audunn@frettabladid.is**

Orkuveita Reykjavíkur

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum.
Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is

DEBENHAMS

# útsala

## Síðustu dagar!

## Götumarkaður

| | |
|---|---|
| Stuttermabolir | 500 kr. |
| Skyrtur og peysur | 1.000 kr. |
| Buxur | 1.000 kr. |
| Pils | 1.000 kr. |
| Jakkar og kjólar | 2.000 kr. |
| Barnaföt | 500 til 1.000 kr. |

Vorum að taka upp
nýja sendingu af sundfötum!

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA SIA.IS DEB 40926 01.2008



KLIFURKÖTTUR Hinn lipri Mark Asel klifrar upp reipi meðan hann heldur stöðugri flösku á enninu á sér. Gjörningurinn er hluti af veðmáli í þýska þættinum „Wetten, dass..?“ sem gæti útlagst á íslensku „Þorið þið að veðja..?“ Þátturinn gengur út á að veðja á hin ýmsu uppátæki. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra ræðir lagasetningu vegna hlutskiptis kvenna í stjórnum fyrirtækja:

# Þolinmæði fólks er á þrotum

**EFNAHAGSMÁL** „Ástandið breytist ekki sjálfkrafa. Það þarf mikla pressu og mikinn þrýsting utan frá til,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á hádegisfundi Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Auðar í krafti kvenna í gær. Var umræðuefni fundarins hvernig fjölga mætti konum í stjórnum og öðrum áhrifastöðum.

„Kannski þarf einhvers konar yfirvofandi hótanir um lagasetningar og drastískar aðgerðir eins og kynjakvóta til að eitthvað breytist,“ sagði ráðherrann.

Á fundinum fjallaði viðskiptaráðherra um stöðuna í dag og hvað ríkisstjórnin hygðist gera. Hann sagði framtakið glæsilegt og skipta heilmiklu máli. Þá sagðist hann sannfærður um að þolinmæði gagnvart hlutskipti og hlutföllum kvenna í stjórnum í atvinnulífinu væri á þrotum og tími aðgerða runninn upp.



FRÁ FUNDINUM Á NORDICA Vel á annað hundrað kvenna komu saman til að ræða hvernig fjölga mætti konum í stjórnum og áhrifastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hundrað konur lýsa sig reiðubúnar til að setjast í stjórnir fyrirtækja í auglýsingu sem birtist í fjölmiðlum í gær. Er þar vísað til þess að innan við tíu prósent stjórnarsæta í stærstu fyrirtækjum á Íslandi séu skipuð konum. Telja konurnar að hvorki fyrirtækin né samfélagið hafi efni á óbreyttri stöðu.

Fundinn sóttu um 150 konur og kom þar fram að nöfnum kvenna í auglýsingunni hefði verið safnað á einum sólarhring. Því mætti sjá að auðvelt ætti að vera að fá konur til að taka að sér ábyrgðarstöður og að tengslanet kvenna væri að styrkjast. - ovd

Stjórnarkreppan á Ítalíu:

# Vill bráðabirgðastjórn

**ÍTALÍA, AP Giorgio Napolitano Ítalíuforseti vill að mynduð verði bráðabirgðastjórn á Ítalíu. Stjórnin á að starfa þangað til þingið hefur afgreitt breytt kosningalög, en að því búnu verði boðað til kosninga.**

**Franco Marini, forseti þingsins, fékk á miðvikudagskvöld það hlutverk að fá þingflokkana til þess að mynda slíka stjórn.**

**Napolitano hefur síðustu daga rætt við formenn flokkanna til að kanna möguleikann á myndun bráðabirgðastjórnar. Romano Prodi forsætisráðherra sagði af sér í síðustu viku eftir að stuðningsyfirlýsing við stjórn hans var felld í öldungadeild þingsins.**

**Hægri flokkarnir vilja að kosningar verði haldnar strax, en vinstri flokkarnir vilja breyta kosningalögunum fyrst.** - gb

Grein frá vísindamönnum Íslenskrar erfðagreiningar:

# Skilja betur hvernig maðurinn þróast

**VÍSINDI** Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa uppgötvað tvo erfðabreytileika sem stýra einum af grunnþáttum þróunar mannsins. Um er að ræða áhrif á svokallaða umröðun erfðamengisins, sem verður þegar sáðfrumur og egg myndast.

„Í stuttu máli þá uppgötvuðum við erfðavísi sem hefur áhrif á það hvernig mannskepnan er að þróast áfram,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins. „Samkvæmt Biblíunni þá vorum við sett saman fyrir ansi löngu síðan en staðreyndin er að það er ekki búið að ljúka þessu verkefni enn. Skaparinn er eins og venjulegur verktaki; lýkur ekki verkefninu á þeim tíma sem hann lofar. Við erum enn að verða til, og í greininni lýsum við erfðavísi sem hefur töluverð áhrif á það hvernig það á sér stað.“



KÁRI STEFÁNSSON

Aðspurður hvaða áhrif uppgötvunin geti haft segir Kári nær ómögulegt að segja til um það. „Það er erfitt að segja hvað það er sem hefur endanlega áhrif á mig eða þig eða lífið almennt, það eina sem ég get sagt er að á þessu augnabliki er þetta býsna merkileg uppgötvun.“ - sþs








HERINN MOKAR SNJÓ Kínverska herliðið hefur verið kallað til bjargar þar sem fannfergið er til trafala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óveður og fannfergi í Kína lamar þjóðfélagið:

# Kínaher berst við náttúruhamfarir

**KÍNA, AP** Tveggja vikna nærri stöðug snjókoma í mið- og austurhluta Kína, þar sem slíkt veður er sjaldgæft, hefur að mestu lamað allt mannlíf þar. Umferð hefur stöðvast, uppskera eyðilagst og tugir manna hafa farist, bæði í umferðarslysum og vegna hruns húsa.

Spáð er áframhaldandi hríðarbyljum sem einnig hafa víða valdið rafmagnsleysi. Flugvöllum hefur þurft að loka og lestarsamgöngur hafa legið niðri.

Áhrif á uppskeru ársins hafa einnig orðið hrikaleg, að því er Chen Xiwen, framámaður í Kommúnistaflokknum segir.

Hu Jintao, forseti landsins og leiðtogi Kommúnistaflokksins, heimsótti bæði kolanámu og skipamiðstöðvar í norðurhluta landsins þar sem hann hvatti verkafólk til dáða.

„Félagar, þið vitið allir að það hafa orðið alvarlegar náttúruhamfarir í suðrinu sem hefur haft áhrif á líf fólks,“ sagði hann við kolanámumennina. „Við vonumst því til þess að þið getið beitt hinum sérstaka anda ykkar sem kolanámumenn í baráttu við náttúruhamfarirnar og byggt á þeirri hefð að koma náunganum til hjálpar, framleiða meiri kol og leggja ykkur fram við að efla efnahagslífið.“ - gb

MIÐVIKUDAGINN 13. FEBRÚAR
63% FYRIRTÆKJA
VILJA TAKA UPP AÐRA MYNT
Samkvæmt könnun meðal aðildarfélaga
Nánar á Viðskiptaþingi 2008 - Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull
Skráning og nánari upplýsingar á www.vi.is og í síma 510-7100
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Ræningjar ógnuðu starfsfólki á bensínstöð:

# Viðskiptavinirnir náðu ránsfeng af ræningjum

**LÖGREGLUMÁL** Viðskiptavinir á bensínstöðinni Select í Hraunbæ náðu ránsfeng af tveimur mönnum sem rétt áður höfðu ógnað starfsmönnum stöðvarinnar með hnífi.

Tveir menn komu inn á Select um klukkan hálftólf í fyrrakvöld og höfðu í hótunum við starfsmenn. Fengu þeir peningar og sígarettur og hlupu burt með fenginn. Kölluðu þá starfsmennirnir til viðskiptavina sem voru að taka bensín að stöðva ræningjana. Viðskiptavinirnir, tveir karlmenn, náðu ránsfengnum af ræningjunum sem hins vegar sluppu sjálfir út í nóttina og hafa ekki náðst ennþá að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

- gar



**SELECT** Bensínstöðvarræningjar sluppu en skildu fenginn eftir.




Leiðir risaolíuskipanna eru markaðar með rauðu en hefðbundin siglingaleið flutningaskipa hér við land með gulu. Stjórnvöld hafa gert ráðstafanir vegna aukinna siglinga en frekari viðbúnað þarf. Aðgerðir þarf strax þar sem umferðin mun margfaldast á næstu sjö til tíu árum, að ætlað er.

# Bregðast skal við siglingum risaolíuskipa

**Siglingar risaolíuskipa við landið kallar á viðbrögð. Siglingarnar hafa umbylt núverandi áhættumati og viðbúnaði vegna bráðamengunaróhappa við landið.**

**ÖRYGGISMÁL** Íslensk stjórnvöld þurfa að bregðast við siglingum risaolíuskipa við Ísland hið fyrsta. Innan fárra ára er búist við að hundruð slíkra skipa sigli hjá landinu, sum hver með allt að 100 þúsund tonna olíufarma. Sigling skipanna umbyltir núverandi áhættumati og viðbúnaði vegna bráðamengunaróhappa hér á landi.

Þetta kom fram á sjötta stefnumóti Stofnunar Sæmundar fróða og umhverfisráðuneytisins í gær þar sem höfðu framsögur fulltrúar frá Landhelgisgæslunni og Umhverfisstofnun. Þar var fjallað um nýja tegund flutninga við Íslandsstrendur þar sem stór tankskip fara frá olíuvinnslusvæðum Rússa í Murmansk og vestur um haf. Skip þessi bera allt að 100 þúsund tonnum af hráolíu í hverri ferð og flutningarnir eru í grennd við viðkvæm vistsvæði fugla og fiska, þar sem erfitt er um vik að veita aðstoð ef eitthvað fer úrskeiðis.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, yfirmaður vaktstöðvar siglinga hjá Landhelgisgæslunni, er nýkominn frá Noregi þar sem hann heimsótti skipaumferðarmiðstöðina í Vardo, sem Landhelgisgæslan hefur víðtækt samstarf við samkvæmt nýgerðum samningi. Kom fram að á síðasta ári fóru 212 olíuflutningaskip hlaðin olíu frá Murmansksvæðinu með um tíu milljónir tonna af hráolíu. Áætlað er að flytja allt að 100 milljónir tonna frá þessu svæði árið 2015 og hlutfallslega má gera ráð fyrir að 17-22 milljónir tonna fari um íslenska lögsögu um borð í 370 til 480 risaolíuskipum. „Stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir til að Ísland sé betur undir það búið að bregðast við þessari skipaumferð. Nýtt varðskip er í smíðum, ný eftirlitsflugvél er væntanleg og vaktstöð siglinga fylgist með og aflar upplýsinga um alla skipaumferð umhverfis Ísland. Við höfum áhyggjur af þróuninni og þurfum að vera tilbúin þegar umferð skipanna eykst verulega hér við land.“

Kristján Geirsson, fagstjóri á stjórnsýslusviði Umhverfisstofnunar, segir að sigling skipanna umbylti núverandi áhættumati og geri kröfu um að viðbúnaður vegna bráðamengunaróhappa hér á landi verði aukinn. „Það er hægt að auka siglingaöryggi með afmörkun siglingaleiða og svæða sem skipum ber að forðast.“ Hann segir ljóst að endurskoða þurfi viðbragðsáætlanir sem byggt hefur verið á hér á landi og mengunarvarnabúnað til aðgerða á sjó. „Það er alveg ljóst að fljótlega þarf að taka ákvarðanir um hvernig brugðist verður við þessum auknu siglingum.“

Spurður hvað hægt sé að gera ef risaolíuskip verður vélarvana norður af landinu ef aðstæður eru mjög óhagstæðar segir Ásgrímur að fátt sé til ráða. „En eftirlit og upplýsingasöfnun um skipin eru hugsuð til þess að skipin sigli ekki um þessi erfiðu hafsvæði við slík skilyrði.“ Hann segir ljóst að nýtt varðskip geti ekki dregið stærstu risaolíuskipin og óskastaðan væri að tvö slík skip væru í eigu Landhelgisgæslunnar. svavar@frettabladid.is

www.ellingsen.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080150

FLEETWOOD



# Sældarlíf í Fleetwood Bayside

## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock"-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasísskápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós á palli
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett




## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 584 cm (12 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Lengd að innan | 305 cm |
| Eigin þyngd | 1198 kg |
| Heildarþyngd | 1590 kg |

Verðdæmi
Verð 2.050.000 kr.
Útborgun 410.000 kr.
Mánaðargreiðsla
24.115 kr.
miðað við 84 mánuði

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 10–18, laugardaga 10–16

## „ORÐRÉTT“

### *Ríkisstjórnarflokkarnir*

**„Þannig að þetta gefur mér, miðað við það sem hefur gerst síðustu vikur, von til þess að það rísi fljótlega samstaða meðal okkar framsóknarmanna á ný. Og ég sé að vinsældir ríkisstjórnarinnar eru á fallanda fæti.“**

GUÐNI ÁGÚSTSSON UM SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS SEM SÝNDI UM 70 PRÓSENTA STUÐNING VIÐ RÍKISSTJÓRNINA.

**Fréttablaðið 31. janúar**

### *Reykingabann*

**„Ef vertar leyfa getur þú gert þér glaðan dag og kveikt í sígarettu innanhús.“**

BALDVIN SAMÚELSSON UM TÓBAKSBANN Á SKEMMTISTÖÐUM OG ÞÁ RÁÐSTÖFUN AÐ LEYFA REYKINGAR INNI.

**Fréttablaðið 31. janúar**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON LEIKSTJÓRI

## *Gauragangur í Biskupstungum*



„Það er bara allt gott að frétta,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri sem þessa dagana dvelur í Biskupstungum við leikstjórn og skriftir.

„Ég er mikið að skrifa núna. Við Ottó Borg, sem skrifaði líka Astrópíu, vorum að skrifa Gauragang. Það er bíómynd upp úr bókinni. Við erum að leggja lokahönd á kvikmyndahandritið þessa dagana.“ Spurður hvenær myndin verði frumsýnd, segir hann það vonandi verða sem fyrst. „Fyrst hefst ferlið í að fjármagna og svo að gera myndina. Það getur tekið eitt til tvö ár.“

Hann segir ýmis verkefni vera í gangi hjá sér. „Ég er á fullu að leikstýra auglýsingum en í augnablikinu er ég að leikstýra leikriti í Biskupstungum og skrifa.“

„Svo er ég að fara í gang með einleik í lok febrúar, sem ég og Anna Svava Knúts erum að semja.“

„Já, og svo er ég að ala upp dóttur mína,“ segir Gunnar og viðurkennir að hann hafi alltaf nóg fyrir stafni.

„Það sem er svo gott að frétta er þessi þróun sem er komin í sjónvarp á Íslandi. Vonandi tekur það ennþá meiri kipp.“

Gunnar Björn er líka ánægður með hvað íslenskt efni hefur fengið góðar viðtökur. „Við höfum séð það bara núna þar sem Brúðguminn fær alveg þrusugóða dóma og aðsókn. Og líka allt sjónvarpsefni eins og til dæmis Pressan og Næturvaktin. Sem er frábært.“

## NAMMISKÚFFA:
### ÁRATUGA GÖMUL HEFÐ

Ýmsar sérkennilegar hefðir hafa mótast á Bandaríkjaþingi. Ein þeirra varð til árið 1965 þegar öldungadeildarþingmaðurinn George Murphy tók upp á því að fylla skúffuna í borðinu sínu í þingsalnum af sælgæti. Sjálfum fannst honum nammið gott og svo var hann óspar að bjóða öðrum þingmönnum mola. Margir gengu fljótt á lagið og gerðu sér reglulega ferð í nammiskúffuna. Allar götur síðan hefur verið hægt að ganga að skúffu fullri af nammi í skrifborðinu sem stendur aftast repúblikanamegin í þingsalnum við aðaldyr salarins.



## SJÓNARHÓLL
KINDUR Í SJÁLFHELDU

### *Sorglegt upp á að horfa*



**LÍF MAGNEUDÓTTIR**
Vefritstjóri

„Mér finnst þetta bara hið hræðilegasta mál,“ segir Líf Magneudóttir vefritstjóri um sex ær sem eru í sjálfheldu á syllu í Ólafsvíkurenni. Ef ekki hlýnar í veðri og hlánar bíður þeirra ekkert nema dauðinn. Ein kindin er þegar dauð.

„Auðvitað vonar maður að það hláni og kindurnar bjargist en af veðurspánni að dæma er lítil ástæða til bjartsýni.“

Líf er mikill dýravinur og á erfitt með að sjá málleysingja í stöðu sem þessari. „Þetta er svo sorglegt, þarna húka þær í nístingskulda og bíða þess að lífið fjari úr þeim. Mér finnst það vera ábyrgðarhluti hjá bændum að koma dýrunum í hús á haustin; það fylgir búskap að þurfa að elta styggar rollur. Það væri að minnsta kosti betri kostur en að horfa upp á þær drepast úr kulda.“


Auglýsingasími
512 5050



– Mest lesið


# Áhugasamir framtíðarforeldrar

**Sú tíð er liðin að feður hafi aðeins það hlutverk að afla til heimilisins en geti svo látið sitt eftir liggja þegar kemur að sjálfu uppeldinu, segir kennari í foreldrafræðslu í Menntaskólanum í Kópavogi. Námskeiðið er svo vinsælt að fullbókað var í það viku eftir að skráning hófst.**

„Það er nú oft þannig að þegar foreldrar fara heim með sitt fyrsta barn af fæðingardeildinni kunna þeir góð skil á því hvernig barnastólinn virkar en kannski síður hvernig á að bera sig að við sjálft barnið,“ segir Ólafur Grétar Gunnarsson hjá ÓB ráðgjöf. Ásamt Bjarna Þórarinssyni kollega sínum hélt hann innreið í Menntaskólann í Kópavogi með foreldranámskeið fyrir menntskælinga sem fá svo einingar fyrir námskeiðið í annarlok.

„Við kynntum þetta á svokölluðum þemadögum í október og sögðum þá að við byðum upp á námskeiðið á vorönn og það er alveg greinilegt að nemendur ætla ekki að fara óupplýstir í foreldrahlutverkið því að námskeiðið var fullbókað á einni viku, það eru 45 nemendur,“ segir Ólafur Grétar. „Það fer nú líka vel á því að námskeiðið sé haldið í Menntaskólanum í Kópavogi sem ég held að sé eina ríkisstofnunin sem hefur fengið jafnréttisverðlaunin enda er hér um hið mikilvægasta jafnréttismál að ræða.“ Nú tekst Ólafur Grétar allur á loft enda er þetta honum hjartans mál.

„Áður fyrr var það nefnilega talið hlutverk karlanna að afla fyrir fjölskylduna en uppeldið sjálft kom ekki mikið í þeirra hlut. Nú erum við að undirbúar piltana engu síður en stúlkurnar í foreldrahlutverkið svo þeir séu betur undir það búnir að taka við því hlutverki sem þeim ber sem foreldri í nútíma þjóðfélagi. En þetta er ekki aðeins jafnréttismál því hvað er betra fyrir efnahagslífið og samfélagið í heild að fá hæfari foreldra sem geta hámarkað möguleika barna sinna?“ Nú er fátt um svör eins og jafnan þegar stórt er spurt.

Ólafur Grétar segir að nemendur séu afar áhugasamir í tímum. „Fjölmargir hafa spurt mig hvort við séum með slík námskeið í öðrum skólum þar sem þeir viti af fullt af félögum sem hafi áhuga á að komast á svona námskeið.“

Á meðal þess sem nemendur gera á námskeiðinu er að fara heim með brúðu sem er eftirlíking af smábarni, svokallað raunveruleiknibarn, og sinna henni svo nokkurn veginn eins og ef um barn væri að ræða. **jse@frettabladid.is**



**Í FORELDRAHLUTVERKI** Þau eru tilbúin að þjálfa foreldra framtíðarinnar með aðstoð litlu raunveruleiknibarnanna, þau Elín Birna Hjörleifsdóttir hjúkrunarfræðingur, Ólafur Grétar Gunnarsson, Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari, Sigríður A. Pálmadóttir hjúkrunarforstjóri og Bjarni Þórarinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


Þreytist þú eftir langan vinnudag?







Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

Verð frá kr. 49.900



BROS 0137/2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is



160 GB UPPTÖKU DISKUR

42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps-móttakarar
100Hz

**189.900**



42LC51
42" LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

**149.900**

# SJÓNVARPSTÆKIFÆRI



160 GB UPPTÖKU DISKUR

**259.900**

50PT85
50" Plasma Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms



**319.900**

47LY95
47" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



**259.900**

42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



160 GB UPPTÖKU DISKUR

**209.900**

42LT75
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
2 Stafrænir móttakarar



**229.900**

42LF75
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari



**199.900**

37LF75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari



**119.900**

32LB75
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



**109.900**

26LB75
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



**69.900**

22LS4R
22" LCD sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Lífið er gott



**BJARTSÝNI** Þessi líbanski maður má heita bjartsýnn að hafa tekið með sér regnhlíf út í bylinn sem geisaði í fjallahéruðum skammt frá Beirút 29. janúar. Enda veitti hún lítið skjól. NORDICPHOTOS/AFP

Metár í nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga hér á landi á síðasta ári:

# Mest aukning á Vesturlandi

**VIÐSKIPTI** Nýskráningum hlutafélaga og einkahlutafélaga fjölgaði um 15 prósent á síðasta ári samanborið við árið á undan. Alls voru 3.674 hlutafélög og einkahlutafélög skráð á árinu 2007, og árið því nýtt metár í nýskráningum.

Aukningin var mest á Vesturlandi, en í fyrra voru 45 prósent fleiri hlutafélög stofnuð í landshlutanum en árið 2006. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofu Íslands.

Nær öll nýstofnuðu félögin voru einkahlutafélög. Af 3.674 félögum voru aðeins 27 hlutafélög.

> Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2003-2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

Í árslok 2007 voru rúmlega 28 þúsund hlutafélög og einkahlutafélög skráð. Innan við helmingur þeirra, um 13 þúsund félög, borguðu laun á árinu.

Mikinn meirihluta nýskráðra félaga er að finna á höfuðborgarsvæðinu, um 72 prósent. Á landsbyggðinni er fjöldinn mestur á Suðurnesjum og Suðurlandi en fæst félög voru stofnuð á Norðurlandi vestra.

Nýskráðum félögum fjölgaði milli ára í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra, þar sem skráningum fækkaði um 38 prósent, og á Suðurlandi þar sem þeim fækkaði um fjögur prósent.

Flestar nýskráningar á síðasta ári voru vegna félaga í rekstri eignarhaldsfélaga. Alls voru 790 eignarhaldsfélög skráð á árinu, rúmur fimmtungur allra skráðra félaga. Árið 2006 voru þau aðeins sjö prósent nýskráðra félaga. - bj

Hæstiréttur staðfestir úrskurð:

# Nauðgarar sitja áfram í fangelsi

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurði héraðsdóms um að tveir Litháar sem í síðustu viku voru dæmdir í fimm ára fangelsi fyrir hrottafengna nauðgun í húsasundi við Laugaveg skuli sitja í gæsluvarðhaldi þar til áfrýjunarfrestur rennur út.**

**Mennirnir hafa setið í varðhaldi síðan brotið var framið í nóvember síðastliðnum. Gæsluvarðhaldsvistin mun koma til frádráttar þeim tíma sem þeir þurfa að afplána. Héraðsdómur Reykjavíkur taldi ekki á það hættandi að sleppa mönnunum þar til þeir hefja afplánun, og á það hefur Hæstiréttur fallist.** - sh

www.volkswagen.is




Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Ný ríkisstjórn Ástralíu:

# Frumbyggjar fá afsökunarbeiðni

**ÁSTRALÍA, AP Ríkisstjórn Ástralíu tilkynnti á mánudag að hún myndi í næsta mánuði birta formlega afsökunarbeiðni til frumbyggja landsins fyrir að börn þeirra voru á fyrri tíð mörg hver flutt nauðug burt frá foreldrum sínum.**



**KEVIN RUDD**

**Ástralíustjórn hefur ekki áður beðist afsökunar á þessu framferði, en Kevin Rudd forsætisráðherra hafði lofað því í kosningabaráttunni í nóvember að þetta skyldi verða eitt af hans fyrstu verkum ef hann næði sigri.**

**Christine King, talsmaður frumbyggja, fagnaði þessum tíðindum.** - gb

Lyfjastofnun og Matvælastofnun senda frá sér viðvörun:

# Varað við hættulegum fitubrennsluhylkjum á netinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun og Matvælastofnun hafa sent frá sér viðvörun vegna sölu á hættulegum fitubrennsluhylkjum á netinu.

Upplýsingar hafa borist í gegnum viðvörunarkerfið RASFF (Rapid Alert System for Food and Feed) um sölu á fæðubótarefninu Therma Power sem inniheldur efedrín. Það er á lista Lyfjastofnunar sem ávana- og fíkniefni. Hylkin eru einkum ætluð þeim sem stunda líkamsrækt og eru ætluð til þess að auka fitubrennslu, að því er segir í viðvöruninni. Enn fremur kemur fram að danska matvælastofnunin hefur tilkynnt um 36 ára mann sem dó af hjartaslagi eftir að hafa tekið inn þessi hylki. Með réttarkrufningu var staðfest að í hinum látna fannst mikið af efedríni og dánarorsök var blóðtappi í hjarta. Þrjú önnur tilvik hafa verið tilkynnt um alvarlegar aukaverkanir. Hylkin höfðu verið pöntuð í gegnum netið. Samkvæmt upplýsingum á netinu innihéldu hylkin efedrín, synefrín og koffín.

Dönsk yfirvöld hafa nú sent út viðvörun til annarra Evrópulanda í gegnum RASFF, þar sem varað er við hylkjunum.

Neytendur eru hvattir til þess að vera á varðbergi gagnvart vörum, sem seldar eru á netinu eða í póstverslun. - js




**THERMA POWER** Fitubrennsluhylkin sem varað er við.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Umferðarslys á Akranesi

Alls voru þrettán umferðaróhöpp tilkynnt til lögreglunnar á Akranesi í síðustu viku. Yfirlögregluþjónn segir þetta vera mjög mörg óhöpp en þau megi flest rekja til slæmra akstursskilyrða.

### Þrír undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum tók þrjá ökumenn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna á þriðjudaginn. Voru þeir allir stöðvaðir við reglubundið eftirlit. Hefur slíkum handtökum fjölgað nokkuð og þakka lögreglumenn það nýjum fíkniefnagreiningartækjum.

## MOSFELLSBÆR

### Vilja stofna framhaldsskóla

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur falið Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra að ganga frá samkomulagi við menntamálaráðuneytið um stofnun framhaldsskóla í bænum.

Keyrði á dreng sem lést:

# Bótamáli gegn foreldrum hætt

**SPÁNN, AP** Spánverji sem höfðaði skaðabótamál gegn foreldrum drengs sem hann keyrði á með þeim afleiðingum að drengurinn lést hefur hætt við málsóknina að því er foreldrarnir greindu frá í gær. Ástæðan er þrýstingur frá fjölmiðlum að sögn lögfræðings mannsins.

Dómari úrskurðaði á sínum tíma að maðurinn bæri ekki ábyrgð á dauða drengsins þar sem dimmt hefði verið og drengurinn án endurskinsmerkja þegar hann hjólaði í veg fyrir bílinn. Vildi maðurinn nú fá bætt það tjón sem varð á bíl hans er hann ók á drenginn. **- sdg**

Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, sagður hafa lofað Bílddælingum peningum:

# Fengu kvóta en ekki krónur

**ALÞINGI** Jón Sigurðsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, lofaði heimamönnum á Bíldudal beinum opinberum fjárframlögum í aðdraganda síðustu kosninga. Áttu peningarnir að renna til uppbyggingar fiskvinnslufyrirtækis í bænum.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra upplýsti um þetta á Alþingi í gær með þeim orðum að heimamenn hefðu sagt honum það.

Jón Bjarnason, þingmaður VG, spurði ráðherrann hvernig hann hygðist standa við fyrirheit stjórnvalda um beinan stuðning við að koma aftur á fiskvinnslu á staðnum.

Össur svaraði því til að hann hefði heyrt á máli heimamanna að fyrir kosningar hefði forveri hans lofað beinum fjárframlögum til fiskvinnslu auk byggðakvóta frá sjávarútvegsráðherra. Ekki fyndist stafkrókur í iðnaðarráðuneytinu um að loforð um fjárframlög hefðu verið gefin og ekki væru lagaheimildir fyrir slíku. Sjávarútvegsráðherra hefði á hinn bóginn úthlutað Bílddælingum byggðakvóta.

Össur, Jón og fleiri þingmenn lýstu djúpstæðum áhyggjum af atvinnuástandinu á Bíldudal þar sem mikil fólksfækkun hefur orðið á umliðnum árum vegna fækkunar atvinnutækifæra. **- bþs**



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



JÓN SIGURÐSSON



JÓN BJARNASON

Ofbeldi í Rússlandi:

# Fleiri drepnir í hatursárásum

**RÚSSLAND, AP Hatursglæpum fjölgar í Rússlandi og æ fleiri slíkar árásir enda með dauðsfalli. Á sama tíma gerast stjórnvöld oft sek um að nýta sér útlendingafjandsamlegar hneigðir meðal kjósenda í pólitískum tilgangi. Þetta fullyrða rússnesk mannréttindasamtök í nýrri skýrslu.**

**Sextíu og sjö manns voru drepnir og 550 slasaðir í ofbeldi sem rakið er til útlendingahaturs. Það er 13 prósenta aukning frá árinu á undan, samkvæmt nýjustu ársskýrslu SOVA-skrifstofunnar í Moskvu, sem heldur skrá yfir hatursglæpi í Rússlandi.** **- aa**






**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Utanríkisráðherra og rektor Háskóla Íslands undirrita samstarfssamninginn.

Samstarf ráðuneytis og HÍ:

# Hvetja til fræðistarfa

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneytið og Alþjóðastofnun Háskóla Íslands hafa gert með sér samning um samstarf á sviði fræðslu og rannsóknarstarfa í alþjóðamálum.

Segir í tilkynningu að með þessu sé ráðuneytið að styrkja og hvetja til fræðistarfa um alþjóða- og utanríkismál. **- ovd**

Átta tíma leikskóli með mat er einna dýrastur í Norðurþingi:

# Íþyngjandi að mati foreldris

**LEIKSKÓLAR** Almennt gjald fyrir barn í átta tíma vistun með mat á leikskóla er langhæst í Norðurþingi og næsthæst í Fjarðabyggð og á Ísafirði ef marka má samanburð við nokkur stærstu sveitarfélögin í landinu og sömuleiðis samanburð sveitarfélaga með 2.500-7.500 íbúa. Það eru Mosfellsbær, Árborg, Akranes, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Seltjarnarnes, Ísafjarðarbær, Skagafjörður, Vestmannaeyjar, Borgarbyggð, Norðurþing og Grindavík.

Leikskólavistun kostar rúmar 31.750 krónur í Norðurþingi og 31.400 í Fjarðabyggð. Leikskólavist er þar með dýrari en sambærileg þjónusta á Ísafirði. Ódýrust er leikskólavistun í Skagafirði. Þar kostar hún tæpar 22.700 krónur og er um leið ódýrari en leikskólavistun í stóru sveitarfélagi á borð við Mosfellsbæ.

„Það er ljóst að leikskólagjöld eru verulega íþyngjandi útgjöld fyrir foreldra í Norðurþingi og ekki líður í að gera Norðurþing að því fjölskylduvæna umhverfi sem það ætti að vera,“ segir Guðmundur Vilhjálmsson, faðir leikskóladrengs á Húsavík.

**LEIKSKÓLAGJÖLD**

| Sveitarfélag | Íbúafjöldi | Verð* |
|---|---|---|
| Mosfellsbær | 7.501 | 23.810 |
| Árborg | 7.280 | 25.749 |
| Akranes | 5.955 | 28.432 |
| Fjarðabyggð | 5.705 | 31.400 |
| Fljótsdalshérað | 4.644 | 26.265 |
| Seltjarnarnes | 4.467 | 27.295 |
| Ísafjörður | 4.098 | 30.448 |
| Skagafjörður | 4.078 | 22.667 |
| Vestmannaeyjar | 4.075 | 26.580 |
| Borgarbyggð | 3.713 | 28.248 |
| Norðurþing | 3.023 | 31.753 |
| Grindavík | 2.697 | 27.839 |

*Verð á 8 tíma leikskólavistun með fullu fæði

Bergur Ágústsson bæjarstjóri bendir á að börn séu tekin inn á leikskóla frá eins árs aldri og því sé boðið upp á aðra þjónustu en annars staðar. Í Norðurþingi búi 3.000 manns í nokkrum þéttbýliskjörnum. Ef allir væru í einum kjarna væri leikskólinn bara einn. „Það hefur heilmikið að segja í sambandi við kostnaðinn. Við erum meðvituð um þetta og teljum okkur veita mjög góða þjónustu. En við erum í hærri kantinum, það er alveg rétt,“ segir hann. **- ghs**



**VERULEGA ÍÞYNGJANDI** Guðmundur Vilhjálmsson með syni sína, Friðrik Aðalgeir og Loga Vilhjálm. MYND/ÚR EINKASAFNI



**Vefurinn:** Metacritic

Vefur sem tekur saman kvikmynda-, tónlistar- og bókagagrýni hvaðanæva að á internetinu.

www.metacritic.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** HILMAR VEIGAR PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CCP

## *EVE Online gufuknúinn um miðjan febrúar*



Íslenska fjölspilunarleiknum EVE Online verður brátt dreift í gegnum Steam, vinsæla leikjaveitu á netinu. Búast má við að áskrifendum leiksins fjölgi við það þar sem um þrettán milljónir leikjaspilara um allan heim hafa aðgang að Steam.

„Við vorum að tilkynna þetta fyrir nokkrum dögum en þetta er ekki enn komið í gang,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, framleiðanda leiksins. „Þessari tilkynningu fylgdi nokkur fjölmiðlaumfjöllun sem við höfum að einhverju leyti séð skila sér í auknum áskrifendafjölda en um miðjan febrúar, þegar leikurinn dettur inn á Steam, þá sjáum við betur hvaða áhrif þetta hefur.“

Aðspurður hvað fleira sé að frétta af EVE þessa dagana segir Hilmar leikinn halda áfram að vaxa og ýmsar breytingar séu planaðar á árinu. Þó geti hann ekki sagt frá þeim að svo stöddu. „Við verðum með tilkynningu á leikjahönnuðaráðstefnu í Bandaríkjunum í febrúar, þangað til get ég lítið sagt.“

Eins er Hilmar þögull sem gröfin um stöðuna á World of Darkness, nýjum fjölspilunarleik sem CCP er að gera. „Það er ýmislegt að frétta af honum en ekkert sem við gefum upp.“

Húsnæðismál hafa lengi verið þrándur í götu CCP, bæði hér heima og erlendis, vegna þess hve fyrirtækið er fljótt að sprengja utan af sér rýmið. Hilmar segir að verið sé að undirbúa stækkun á húsnæði fyrirtækisins í Atlanta í Bandaríkjunum, og þrengslin séu farin að segja til sín í Sjanghæ í Kína.

„Við vorum síðan að taka fjórðu hæðina í notkun í Grandagarðinum, og það rýmkaði aðeins um starfsemina. Þetta er orðið mjög fínt hjá okkur hérna heima, enda held ég að okkur verði ekki leyft að byggja fleiri hæðir á húsið.“

## TÆKNIHEIMURINN

### Nettruflanir í Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu

Miklar truflanir hafa verið á nettengingum í Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu undanfarna daga, eftir að sæstrengur í Miðjarðarhafinu varð fyrir skemmdum. Indland hefur nú aðeins um helming af sinni venjulegu bandvídd og Egyptaland fjórtíu prósent. Truflana hefur einnig orðið vart í Katar, Sameinuðu furstadæmunum, Kúvæt og Sádi-Arabíu auk fleiri landa.

### Yahoo í vandræðum, segir upp þúsund manns

Netfyrirtækið Yahoo hefur sagt þúsund starfsmönnum sínum upp í kjölfar tilkynningar um töluverða minnkun á hagnaði á síðasta ársfjórðungi. Hlutabréfaverð í fyrirtækinu lækkaði um meira en tíu prósent eftir þessar fréttir, og hefur ekki verið lægra í þrjú ár.

### Vinsæll ofbeldisleikur kominn með útgáfudag

Grand Theft Auto IV, nýjasti leikurinn í leikjaröðinni vinsælu, kemur út 29. apríl. Rockstar Games, framleiðandi leiksins, sendi frá sér tilkynningu þess efnis í vikunni. Leikurinn kemur út samtímis fyrir Xbox 360 og PlayStation 3 leikjatölvurnar.

### Evrópskt geimfar í loftið



Verið er að leggja lokahönd á stærsta geimfar sem evrópska geimferðastofnunin, ESA, hefur smíðað. Það heitir Automated Transfer Vehicle (ATV), og verður skotið á loft í lok febrúar eða byrjun mars. Það leggur síðan að í Alþjóðlegu geimstöðinni nokkrum vikum síðar, og færir íbúum hennar matarbirgðir og eldsneyti.

### Löglegt niðurhal hjá Qtrax, en engin lög í boði

Kálið er ekki sopið fyrr en í ausuna er komið. Á þessu fengu aðstandendur tónlistarþjónustunnar Qtrax að kenna í vikunni, en þeir höfðu lofað ókeypis og löglegu niðurhali fyrir hvern sem er í gegnum vefsvæði þeirra. Samið hefði verið við fjögur stærstu útgáfufyrirtæki heims og yfir 25 milljónir laga yrðu í boði, gegn því að notandinn hefði nokkrar auglýsingar fyrir augunum á tölvuskjánum. Hugmyndin varð að engu þegar talsmenn útgáfufyrirtækjanna tilkynntu að þau hefðu alls ekki samið við Qtrax. Aðstandendur Qtrax segja að um misskilning sé að ræða, og ætla að leiðrétta hann sem fyrst.

Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin
Samgönguráðuneytið

Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til fimmta fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

Almenningssamgöngur

Sporvagnakerfið í Stuttgart – tekist á við áskoranir 21. aldarinnar
– Manfred Bonz fv. yfirmaður almenningsvagna í Stuttgart í Þýskalandi

Samþætt svæðis- og samgönguskipulag með almenningssamgöngur sem burðarás
– Gunnar Eiterjord yfirmaður samgöngumála hjá Rogalandsfylki í Noregi

Drög að skýrslu um almenningssamgöngur sveitarfélaga
– Páll Brynjarsson, formaður nefndar um þetta efni skipaðri af samgönguráðherra

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 7. febrúar 2008 kl. 15:00 – 17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 7. febrúar 2008.

# Vaktin stendur vaktina

**Allt frá 2002 hefur Vaktin.is kynt undir samkeppni milli tölvuverslana á Íslandi með verðsamanburði á tölvuvörum. Stofnandinn segir viðbrögð fyrirtækja við vefnum hafa verið mjög misjöfn. Eitt hafi gengið svo langt að kæra hann til samkeppnisyfirvalda.**



**STENDUR VÖRÐ** Kristján segir ævintýrið hafa byrjað þegar hann hafi sjálfur ætlað að kaupa og setja saman tölvu fyrir um sex árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Þetta byrjaði þegar ég var sjálfur að fara að kaupa mér tölvu árið 2002,“ segir Kristján Kristjánsson, einn af stofnendum Vaktarinnar. „Ég hef alltaf verið tölvunörd og frekar viljað setja tölvuna saman sjálfur úr stökum hlutum, þannig að ég tók niður verð úr öllum búðunum og setti á netið sem Excel-skjal. Áður en ég vissi af var hellingur af fólki búinn að heimsækja síðuna, og þar fæddist hugmyndin.“

Á Vaktin.is má finna verðsamanburð á tölvuvörum milli ýmissa verslana, og er sú verslun sem selur hvern hlut ódýrast merkt sérstaklega. Meðal þeirra vara sem eru kannaðar á síðunni eru örgjörvar, skjákort, harðir diskar, vinnsluminni og tölvuskjár.

„Við höfum fengið mikil viðbrögð frá verslunum vegna Vaktarinnar, bæði góð og slæm,“ segir Kristján, sem seldi vefinn nýlega til Guðjóns Rúnarssonar, annars stofnanda síðunnar. „Það eru til dæmis nokkrar verslanir sem hafa beinlínis orðið til út af síðunni, með því að koma sér á kortið í gegnum okkur í staðinn fyrir að eyða milljónum á mánuði í markaðssetningu.“

Hann segir önnur fyrirtæki hafa tekið verr í síðuna, og eitt gengið svo langt að kæra hana til samkeppnisyfirvalda. „Þetta var gamall viðskiptamaður sem var orðinn örvæntingarfullur og vildi bara láta loka okkur,“ segir Kiddi, sem vill ekki gefa upp hvaða fyrirtæki átti þar í hlut. Ekkert varð úr kærunni.



**TÖLVUVÖRUR** Á Vaktinni er verð á tölvuvörum borið saman milli verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Vaktin hefur vissulega aukið samkeppnina á markaðnum, það er ekki hægt að neita því á nokkurn hátt,“ segir Guðbjartur Nilsson, framkvæmdastjóri tölvuverslunarinnar Kísildals.

Hann segir erfitt að svara játandi eða neitandi hvort verslunin væri til ef ekki væri fyrir Vaktina, en hún hafi tvímælalaust haft mótandi áhrif. „Ég held það sé hvergi harðari samkeppni eða lægri álagning á nokkrum markaði en tölvuvörumarkaðnum. Það er að hluta til vegna Vaktarinnar.“

salvar@frettabladid.is

Tölvuþrjótar segjast hafa fengið nóg af ritskoðun:

# Ætla að knésetja Vísindakirkjuna

Stríð geisar á internetinu. Hópur tölvuþrjóta, sem kalla sig Nafnlausir (e. Anonymous) hefur lagt til atlögu gegn Vísindakirkjunni og einsetur sér að koma henni á kné. Þeir hafa meðal annars gert mörg vefsetur kirkjunnar óvirk, stolið leynilegum gögnum úr tölvum safnaðarmeðlima og faxað kolsvörtum síðum á skrifstofur kirkjunnar til að eyða bleki.

Tölvuþrjótarnir sjálfskipuðu eru mörg þúsund talsins. Þeir eiga það sameiginlegt að halda til á spjallborðum á internetinu þar sem allir eru nafnlausir. Þar eru árásirnar oft skipulagðar.

Í bréfi, sem var sent Vísindakirkjunni fyrir hönd hópsins, segir að það sem hafi hrundið árásinni af stað hafi verið aðgerðir kirkjunnar vegna myndbands þar sem Tom Cruise, leikari og einn frægasti meðlimur kirkjunnar, talar um mikilfengleik og mikilvægi kirkjunnar. Myndbandinu, sem átti aðeins að vera fyrir augu safnaðarmeðlima kirkjunnar, var lekið á internetið en lögfræðingar hennar létu fjarlægja það af mörgum vefsíðum, meðal annars YouTube, með hótunum. Þrjótarnir segjast hafa fengið nóg af ritskoðun kirkjunnar, og hófu aðgerðir sínar.



Talsmenn kirkjunnar hafa lítið tjáð sig um árásirnar, en beðið lögregluyfirvöld í Bandaríkjunum að hefja rannsókn á árásum gegn vef hennar. Hann hefur verið fluttur til fyrirtækis sem sérhæfir sig í vörnum gegn árásum tölvuþrjóta.

- sþs

The Pirate Bay í Svíþjóð:

# Vefræningjar handteknir

Fjórir umsjónarmenn vefsíðunnar The Pirate Bay hafa verið handteknir í Svíþjóð. Þeir eru ákærðir fyrir að ýta undir brot á höfundarréttarlögum með því að aðstoða notendur við að skiptast á gögnum. Þeirra bíður allt að tveggja ára fangelsisvist verði þeir sakfelldir.

Vefinn, sem má finna á slóðinni www.thepiratebay.org, nota milljónir manna til að skiptast á kvikmyndum, tölvuleikjum, forritum og öðrum gögnum með hjálp Torrent-tækninnar. Segja má að vefurinn virki á svipaðan hátt og hinn íslenski Torrent.is, sem var lokað fyrir áramót eftir lögbannsbeiðni frá Smáís. Ekkert höfundarréttarvarið efni er geymt á netþjónum vefjarins, en hann gerir fólki kleift að senda það á milli sín.

Meðal verka sem nefnd eru í ákærunni eru platan Let It Be með Bítlunum, Intensive Care með Robbie Williams og kvikmyndin um Harry Potter og eldbikarinn.

- sþs

# KALDIR DAGAR



SILVER NANO er gott dæmi um hina byltingakenndu Nano-tækni. Silfrið í nano-stærð hefur þann eiginleika að eyða bakteríum. Ransóknir hafa staðfest að SILVER NANO dauðhreinsar hátt í 700 tegundir baktería. Þessi staðreynd er fyrst og fremst bylting í öryggi og heilsuvernd neytenda – en ekki síður gleðiefni, því líftími matvæla í SILVER NANO kæliskápum er margfalt lengri en í öðrum skápum. Nýting hráefnisins er mun betri og býður upp á umtalsverðan sparnað.
Síðast en ekki síst heyrir vond lykt úr kæliskápum sögunni til – þökk sé SILVER NANO.

**NÝ TÆKNI**
**SILVER NANO**
drepur bakteríur

SAMSUNG



AEG

# 15-20% AFSLÁTTUR

## AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

31. JANÚAR – 9. FEBRÚAR

OPNAR DYR AÐ AEG GÆÐUM

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.481 **-1,09%**

**Fjöldi viðskipta:** 833
**Velta:** 8.176 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KAUPÞING** | 1,69% | **FLAGA** | 13,19% |
| | | **SLÁTURF. SUÐURL.** | 10,26% |
| | | **FL GROUP** | 7,69% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,18 -3,88% ... Bakkavör 50,00 -2,72% ... Eimskipafélagið 32,05 -1,54% ... Exista 13,62 -2,01% ... FL Group 10,20 -7,69% ... Glitnir 19,50 -2,50% ... Icelandair 27,50 -1,61% ... Kaupþing 784,00 +1,69% ... Landsbankinn 30,80 -1,91% ... Marel 99,50 -0,10% ... SPRON 6,76 -5,59% ... Straumur-Burðarás 13,98 -1,76% ... Teymi 5,67 -3,41% ... Össur 95,20 -0,83%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Hagnaður hjá Teymi

„Við erum mjög vel fjármagnaður út árið 2009. Við erum með góða samsetningu á lánum á hagstæðum kjörum. Reksturinn er auk þess þannig að handbært fé frá rekstri stendur undir afborgunum, vöxtum og fjárfestingum félagsins. Félagið fjármagnar sig sjálft og það hlýtur að teljast gott hjá rekstrarfélagi,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis.



**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON** Kynnir uppgjör Teymis fyrir árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Teymi skilaði 1.354 milljóna króna hagnaði í fyrra. Tekjur félagsins námu 21,5 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir nam ríflega fjórum milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall félagsins er 22 prósent.

Innan Teymis eru til að mynda Vodafone, Skýrr, EJS og Kögun. **- ikh**

## Ætla að ná utan um vöxtinn

„Ég held að á heildina litið getum við verið sátt við þetta uppgjör. Árið 2007 var umfangsmikið ár í sögu Eimskips. Veltan þrefaldaðist, við seldum út flugreksturinn og réðumst í stórar skuldsettar yfirtökur,“ segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, en uppgjörsfundur félagsins var haldinn í gærmorgun.

Eimskip tapaði 856 milljónum króna árið 2007 og er tapið vegna flugrekstrar sem nú hefur verið seldur frá félaginu. „Stærsta verkefni ársins 2008 verður að ná samlegð og samþættingu í rekstrinum. Það er fullt verkefni að ná utan um vöxtinn.“

Baldur segir markmið Eimskipsmanna að ná tíu prósenta innri vexti, með því að vinna úr þeim efnivið sem þegar er fyrir hendi. Frekari yfirtökur séu að óbreyttu ekki á dagskránni. **- jsk**



**BAKKABRÆÐUR** Hagnaður Bakkavarar dróst saman um þrjátíu prósent á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bakkavör undir væntingum

**Hagnaður Bakkavarar nam 47,4 milljónum punda, jafnvirði 6,1 milljarðs íslenskra króna, á síðasta ári samanborið við 68,2 milljónir punda í hitteðfyrra. Þetta jafngildir 31 prósents lækkun á milli ára. Afkoman á lokaársfjórðungi er undir væntingum en afkomuhorfur ágætar, að sögn greiningardeildar Glitnis.**

**Stjórn félagsins hefur lagt til að arðgreiðslur nemi 55 aurum á hlut sem jafngildir 55 prósentum af útgefnu hlutafé.**

**Bakkavör keypti fimm fyrirtæki á síðasta ári og bætti tveimur við í janúar, grænmetisframleiðanda í Kína og matvælaframleiðslu í Bandaríkjunum.**

**Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir félagið standa frammi fyrir erfiðustu skilyrðum í áratugi en að undirstöðurnar séu traustar og uppgjörið ágætt. - jab**

## Króna eða evra?

Viðskiptavild Straums, tengd Burðarási, nemur 450 milljónum króna, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins.

Fram kom í Vegvísi Landsbankans að hún næmi 450 milljónum evra. Viðskiptavild Straums er í heild metin um þriðjungur af eigin fé.

Ólafur Teitur Guðnason, fjölmiðlafulltrúi Straums, segir það áþekkt því sem finna megi dæmi um hjá viðskiptabönkunum. **- ikh**



**Á KYNNINGU KAUPÞINGS** Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri kynnti uppgjör bankans. Á fremsta bekk má sjá frá hægri Sigurð Einarsson, stjórnarformann bankans, Guðnýju Örnu Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, Guðna Aðalsteinsson, framkvæmdastjóra fjárstýringar, og Ingólf Helgason forstjóra Íslandsstarfsemi bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kaupþing hægir ferðina að sinni

**Hagnaður Kaupþings 2007 nemur 70 milljörðum króna. Horft er til innri vaxtar í erfiðu markaðsárferði. Fjárfestar í Katar sýna bankanum áhuga.**

Hagnaður hluthafa Kaupþings á árinu 2007 nemur 70.020 milljónum króna. Afkoman er tæpum 18 prósentum verri en árið áður þegar hagnaðurinn nam 85,3 milljörðum.

Þynntur hagnaður á hlut (en þá hefur verið reiknað inn í útistandandi hlutafé, svo sem vegna samninga um kauprétt) fer úr 123,4 krónum á hlut árið 2006 í 93,3 krónur á nýliðnu ári.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings er engu að síður ánægður með uppgjörið, þrátt fyrir að viðsnúningur á fjármálamörkuðum hafi sett á það mark sitt. Hann segir 23,5 prósenta arðsemi eigin fjár á árinu vel viðunandi. Í kynningu á uppgjörinu í höfuðstöðvum Kaupþings við Borgartún í gær kom fram að Hreiðar Már telur sérstakt fagnaðarefni að innlán sem hlutfall af heildarútlánum til viðskiptavina jukust verulega á árinu, fóru úr 29,6 prósentum í byrjun árs í 41,8 prósent við lok árs. Hann segir að haldið verði áfram að auka hlutfall innlána í fjármögnun bankans, svo sem með eflingu og frekara landnámi innlánastarfsemi sem rekin er á netinu undir merkjum Kaupthing Edge.

**HAGNAÐUR Á HLUT**

| 2007 | 2006 | Breyting |
|---|---|---|
| 95,2 kr. | 127,1 kr. | -25% |
| 93,3 kr * | 123,4 kr.* | -24% |

*Þynntur hagnaður

Hreiðar segir að í ljósi erfiðra aðstæðna á fjármálamörkuðum verði áhersla bankans fremur á innri vöxt en stækkun. Engu að síður hafi bankinn augun opin gagnvart tækifærum sem upp kunni að koma. Hann segir lausafjárstöðu bankans góða. Í vikunni féll Kaupþing frá yfirtöku á hollenska bankanum NIBC. Kaupþing á laust fé til að greiða útistandandi lán í 440 daga án þess að afla fjár á mörkuðum.

Þá segir Hreiðar ýmsar leiðir í fjármögnun bankans til skoðunar. Í viðtali við Markaðinn staðfesti hann einnig að í gangi væru viðræður við fjárfesta í Katar um aðkomu þeirra að bankanum, en þar lægi ekki fyrir niðurstaða enn.

Stjórn Kaupþings leggur til greiddur verði 14,8 milljarða króna arður vegna ársins 2007, eða sem jafngildi 20 krónum á hlut, eða 21 prósenti af hagnaði. **olikr@frettabladid.is**

# Eignir yfir 730 milljörðum

„Ég held að uppgjörið sýni að allar fréttir af slæmu gengi okkar séu rangar,“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu. „Verðmæti hafa sannarlega tapast, og það er slæmt.“

Hagnaður félagsins eftir skatta var tæplega 574 milljónir evra, eða sem nemur um 50 milljörðum íslenskra króna. Uppgjör fyrir síðasta ár var birt eftir lokun markaða í gær. Hagnaðurinn jókst um ríflega þriðjung miðað við árið á undan. Hagnaður á hlut var 5,11 evrur, eða 448 krónur. Arðsemi eigin fjár var 23 prósent. Eigið fé nemur 2,4 milljörðum evra, eða 216 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall félagsins er rétt undir þrjátíu prósentum.

„Svo eigum við lausafé til 69 vikna. Þetta sýnir að viðskiptamódel okkar hefur reynst ógurlega vel á erfiðum markaði,“ segir Lýður.

Í lok ársins 2007 námu heildareignir Existu 8 milljörðum evra eða 731 milljarði króna. Þær jukust um 82 prósent á árinu.

Stærstu eignir Existu eru í Sampo, Storebrand, Kaupþingi, Bakkavör Group og VÍS. Auk þess á félagið stóran hlut í Skiptum, móðurfélagi Símans. Bakkavararbræður eru langstærsti hluthafinn í Existu. Félag í eigu sparisjóða á tæplega níu prósenta hlut. Þá eiga þrír lífeyrissjóðir milli fimm og sex prósenta hlut í félaginu. **- ikh**

SÉR-
TILBOÐ!

# baðinnréttingar

# Eitt flottasta úrval landsins

## Mikið úrval fyrir öll baðherbergi • til afgreiðslu af lager



WLU 600 - 700 - 900 Fáanlegt í eik-hvítt og svörtu



WLU 147 Eik — Neðri skápur með handl. 61x48 — **34.300,-** stgr.



WLU 125 Eik — Neðri skápur m handl. 45x30 — **23.900,-** stgr.



WLU 06A Eik — 120 sm — **58.900,-** stgr.



WLU 06A Hvítt háglans — 120 sm — **58.900,-** stgr.



WLU 147 Hvítt háglans/eik — 61x48 +25 sm — **49.900,-** stgr.



WLU 147 Eik — 61x48 +25 sm — **49.900,-** stgr.



K-W049 Hvítt háglan — **105.900,-** stgr.



K-W056 Rautt háglans — **98.900,-** stgr



WLU 125
45 x 30 sm
Eik
**27.900,-** stgr

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Fyrir bolludaginn mánudaginn 4.feb
98
298
Bónus bollur 14 stk 298 kr pakkinn.
298
129
Bónus rjómabollur 2 stk í pakka
298 kr pakka
Kjarna bollursulturnar 400g.
Bláberja, blönduð berja, jarðarberja 129 kr.
98
149
489
Bónus súkkulaðiglassúr á bollurnar 280g
149 kr brúisnn.
Íslandsnaut ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 30% afsláttur
489 kr pakkinn. Merkt verð 698 kr.
839
129
Coke light 2 ltr. 98 kr
Toppur 2 ltr.
Venjulegur og sítrónu
98 kr.
Ferskt íslenskt 100% ungnautahakk 40% afsláttur
839 kr/kg. Merkt verð 1398 kr.
Myllu heimilisbrauð 770 gr 129 kr.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJARNAFÆÐI
Saltkjöt á fínu verði !
20% AFSLÁTTUR
1199
SÉRVALIÐ
Lambasaltkjöt sérvalið 20% afsláttur
1199 kr/kg.
Merkt verð 1499 kr.
20% AFSLÁTTUR
799
1. FLOKKUR
Lambasaltkjöt 1.flokkur
20% afsláttur 799 kr/kg.
Merkt verð 998 kr
20% AFSLÁTTUR
398
BLANDAÐ
Lambasaltkjöt blandað
20% afsláttur 398 kr/kg.
Merkt verð 499 kr.
69
SÍÐUBITAR
Lambasíður saltaðar 69 kr/kg.
Ódýrt
359
HÁLSBITAR
Lambahálsbitar saltaðir 359 kr/kg.
Ali
BACON
1099
Ali beikon 2 pk 40% afsláttur
1099 kr/kg.
Merkt verð 1831 kr.
Ali
Svínabógur
498
Ali ferskur svínabógur 498 kr/kg.
498
Grillaður heill kjúklingur
ca 1100 gr aðeins 498 kr stk.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.
BÓNUS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópuumræðan:

## Nýjar aðstæður

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á síðastliðnu vori skilaði sérstök Evrópunefnd undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra vandaðri skýrslu um Ísland og Evrópusambandið. Þar komu meðal annars fram ábendingar um aukið samráð og meiri tengsl bæði embættismanna og stjórnmálamanna við Evrópusambandið.

Evrópunefndin lagði einnig til að Alþingi tæki Evrópumálefnin til umfjöllunar með skipulagðari og markvissari hætti en verið hefur. Það var þörf ábending í ljósi þess hversu samofin íslensk löggjöf er Evrópulöggjöfinni á mörgum sviðum.

Í framhaldi af áliti Evrópunefndarinnar gerði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra Alþingi í gær grein fyrir skýrslu um innri markað Evrópu. Það er markvert nýmæli í störfum þingsins. Umfram allt annað er umræða af þessu tagi þó lýðræðisleg nauðsyn þegar til þess er horft að snar þáttur í löggjöf landsins á evrópskar rætur.

Krafa Bjarna Benediktssonar, formanns utanríkisnefndar, um virkari afskipti Alþingis af stefnumótun í einstökum málum áður en þeim er endanlega ráðið til lykta á Evrópuvettvangi er tímabær. Það á einnig við um hugmyndir hans um formleg tengsl þingflokka á Alþingi við þingflokka á Evrópuþinginu.

Helsti gallinn á skýrslu utanríkisráðherra er sá að í henni er ekkert vikið að þeim miklu breytingum sem orðið hafa síðan aðildin að innri markaði Evrópusambandsins var ákveðin. Þetta á bæði við efnahagslegar og alþjóðapólitískar aðstæður. Þegar horft er til framtíðar er ekki síður brýnt að meta þessar breytingar en augljósan og óumdeildan ávinning af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hér er vert að hafa í huga að pólitískt vægi þeirra alþjóðasamtaka sem við höfum helst treyst á til að tryggja pólitíska stöðu okkar innan Evrópu hefur minnkað og áhrif þeirra veikst. Þetta á bæði við um Norðurlandaráð og Atlantshafsbandalagið. Að því kemur að við verðum að svara því hvernig við viljum mæta þeim pólitísku breytingum í þeim tilgangi að staða okkar í alþjóðlegu samhengi veikist ekki.

Í annan stað eru valdahlutföllin í heiminum að breytast mjög hratt. Vaxandi áhrif Kína og Indlands eru augljósustu merkin þar um. Svara þarf þeirri spurningu hvort þær breytingar gefi tilefni til að styrkja Evróputengslin eða ekki. Í þessu sambandi þarf að meta hagsmuni Íslands í víðtæku samhengi hvort heldur litið er til menningar, viðskipta eða pólitískrar stöðu.

Loks má í þriðja lagi nefna nærtækari efnahagslegar breytingar. Í því efni bendir nú flest til þess að til framtíðar verði ekki unnt að tryggja fjármálalegan stöðugleika með íslensku krónunni. Utanríkisráðherra vék að vísu lítillega að þessu atriði í ræðu sinni þó að það sé ekki nefnt í skýrslunni. Í þessu samhengi má einnig nefna að sjávarútvegsmálin sýnast ekki lengur vera sú sama hindrun fyrir fullri aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntbandalaginu og áður var.

Tengsl Íslands og annarra Evrópuþjóða í framtíðinni á ekki einvörðungu að meta í ljósi góðs árangurs af ákvörðunum sem réttilega voru teknar fyrir einum og hálfum áratug. Hitt er mun mikilvægara að leggja línur um framtíðarstöðu Íslands í ljósi ríkjandi aðstæðna og þess sem við blasir um breyttar aðstæður. Æskilegt hefði verið að ríkisstjórnin kastaði betur ljósi á þá framtíðarhagsmuni sem Ísland stendur andspænis í þessum efnum og í stærra og víðtækara samhengi en gert var í skýrslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

Föstudaginn 1. febrúar

Dagskrá:

::: Kynning á heimildarmynd um Veiðivötn
- Gunnar Sigurgeirsson
::: Veiðistaðalýsing – Víkurá
::: Kastað með Zpey stönginni – Ásgrímur Ari
::: Guðmundur formaður – Varmá ofl.
::: Myndagetraunin stórskemmtilega
::: Happahylurinn magnaði

MIKIÐ STUÐ - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

SVFR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ágæt spurning**

Siv Friðleifsdóttir hefur þungar áhyggjur af að Íslendingar innbyrði allt of mikið af transfitusýrum. Eigum við víst Norðurlandamet í neyslu transfitusýra og það er ekkert til að stæra sig af enda sýrurnar stórskaðlegar heilsunni. Það kemur ekki til af sjálfu sér að Danir neyta nánast engra transfitusýra heldur helgast það af lögum sem reisa matvælaframleiðendum miklar skorður í þessum efnum. Siv tók málið upp á þingi í gær og ætlaði að grennslast fyrir um hvort ríkisstjórn Íslands hefði í hyggju að fara dönsku leiðina og nánast banna transfitusýrur í matvælum.



**Rangur ráðherra**

Siv beindi spurningu sinni til Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra og vonaðist líklega eftir innihaldsríkum svörum. Henni varð þó ekki að ósk sinni því Þórunn upplýsti Siv um að allt sem lýtur að matvælaeftirliti hafi um síðustu áramót færst frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þórunn tók engu síður undir með Siv um mikilvægi málsins.



**Lýsi er hollt**

Þótt Siv hafi spurt rangan ráðherra hafði hún ekki sagt sitt síðasta um málið. Hún fór aftur í pontu og ítrekaði að ekki væri gaman að eiga Norðurlandamet í transfitusýruhlutfalli og kvað nauðsynlegt að breyta lögum svo hægt yrði að vernda fólk. Benti hún á að þangað til ný lög væru samþykkt gæti fólk varið sig með lýsi því það veitti vörn. Og þrátt fyrir að Þórunn hefði einu sinni tekið til máls og sagt málið ekki á sinni könnu fannst henni nauðsynlegt að tala aftur. Hún þurfti nefnilega að koma því á framfæri að fólk þyrfti að hreyfa sig meira.

bjorn@frettabladid.is

## Gleymd saga úr kalda stríðinu



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Indónesía

Soeharto fyrrverandi forseti Indónesíu, sem lést sl. sunnudag, hefur ekki hlotið verðskuldaðan sess í mannkynssögubókum þrátt fyrir að hann hafi gegnt mikilvægu hlutverki í alþjóðastjórnmálum á dögum kalda stríðsins. Meðal annars var Soeharto ábyrgur fyrir einum ógurlegustu fjöldamorðum 20. aldar – en töluverð tregða er til þess að rifja upp þá sögu á Vesturlöndum þar sem Soeharto var lengi mikilvægur bandamaður engilsaxneskra þjóða í baráttu þeirra við heimskommúnismann og keypti m.a. af þeim vopn í stórum stíl.

Málsatvik voru þau að í október 1965 tók her Indónesíu völdin í landinu til að bregðast við valdaránstilraun hóps hershöfðingja. Hið raunverulega áhyggjuefni hershöfðingjanna var þó vinsældir Kommúnistaflokks Indónesíu (PKI) meðal fátækra bænda landsins og óttuðust þeir að hann yrði stærsti flokkur landsins í frjálsum kosningum. Annar skotspónn hershöfðingjanna var Soekarno, forseti landsins, en hann rak sjálfstæða utanríkisstefnu og varðist auknum áhrif hersins. Í kjölfar valdaránstilraunarinnar hófust fjöldamorð á stjórnarandstæðingum. Meðal þeirra sem frömdu ódæðisverkin voru stúdentafélög og sérsveitir múslima sem nutu stuðnings hersins. Bandaríska leyniþjónustan veitti einnig dygga aðstoð og afhenti dauðasveitum nöfn vinstrisinna sem skyldi útrýma. Alls myrtu vígasveitir á vegum hersins milli 500 þúsund og tvær milljónir manns. Fórnarlömbin voru aðallega vinstrimenn, en líka fólk af kínverskum ættum og aðrir minnihlutahópar.

Að fjöldamorðunum loknum var stjórn hersins trygg í sessi. Soekarno var ýtt til hliðar og settur í stofufangelsi, en Soeharto falið einræðisvald í mars 1966. Valdaran hersins vakti heimsathygli og var fyrirmynd svipaðra aðgerða um víða veröld, t.d. valdaráns hersins í Chile 1973. Í kjölfarið var komið á hinni svokölluðu „nýrri skipan“ (orde baru). Kommúnistaflokkurinn og verkalýðsfélög voru bönnuð og ritskoðun tekin upp. Mörghundruð þúsund manns voru hneppt í varðhald án dóms og laga og haldið þar áratugum saman án ákæru. Aðrir voru dæmdir að loknum sýndarréttarhöldum og sumir líflátnir. Pyntingar voru daglegt brauð í fangelsum Indónesíustjórnar, en hinn merki rithöfundur Pramoedya Ananta Toer lýsti vistinni þar ágætlega í endurminningum sínum, Einræða málausa mannsins (Nyanyi sunyi seorang bisu).

**Stríð við þjóðernisminnihluta**

Soeharto barðist af hörku gegn sjálfstæðishreyfingum smáþjóða innan indónesíska ríkjasambandsins. Vegna alþjóðlegs þrýstings fór fram atkvæðagreiðsla um stöðu Vestur-Papúa árið 1969. Í stað þess að standa við fyrirheit um þjóðaratkvæði var völdum fulltrúum falið að kjósa fyrir hönd eyjarskeggja, með byssukjafta yfir sér. Í kjölfarið var Vestur-Papúa innlimað í Indónesíu. Íbúarnir hafa búið við samfellda skálmöld og þurft að þola ofríki Indónesíuhers. Opinberar tölur hersins telja að 100.000 manns hafi fallið.

Hinn 6. desember 1975 fékk Soeharto tigna gesti, Gerald Ford Bandaríkjaforseta og Henry Kissinger utanríkisráðherra, í heimsókn. Daginn eftir, 7. desember 1975, réðst Indónesíuher inn í Austur-Tímor. Frelsishreyfing Austur-Tímors (Fretilin) var skilgreind sem kommúnistahreyfing og barin niður, en í staðinn komið á leppstjórn. Um 250.000 manns létu lífið í styrjöld Indónesíuhers við sjálfstæðissinna næstu áratugina, eða um þriðjungur eyjarskeggja; þar af um 10% fyrstu þrjá mánuðina. Austur-Tímor endurheimti ekki sjálfstæði sitt fyrr en 2002. En Indónesía var náinn bandamaður Bandaríkjanna og stjórnvöld þar vitorðsmenn að innrásinni: Því hlutu sjálfstæðiskröfur eyjarskeggja lítinn hljómgrunn á alþjóðavettvangi fyrr en að kalda stríðinu lauk á 10. áratugnum.

**Óuppgerðar sakir**

Á dögum Soehartos ríkti efnahagslegur uppgangur í Indónesíu og var iðulega litið framhjá því hvaða verði hann var keyptur. Það sem að lokum varð Soeharto að falli var tvennt; umfangsmikil spilling sem þreifst í skjóli ríkisstjórnar hans og aukinn óróleiki á jaðarsvæðum. Árið 1990 hófst uppreisn í Acehhéraði á Súmötru og komst hrottaskapur hersins í heimsfréttir. Jukust þá friðsamleg mótmæli uns Soeharto sagði af sér árið 1998. Fljótlega hófst rannsókn á gríðarlegri auðsöfnun hans og fjölskyldu hans og hann var settur í stofufangelsi. Frá málinu var þó fallið af heilsufarsástæðum. Sonur hans Hutomo Mandala Putra (oft kallaður Tommy Soeharto) var dæmdur í 15 ára fangelsi fyrir að fyrirskipa morð á dómara, en var látinn laus 2006.

Enn alvarlegri eru þó glæpir Soehartos sem hafa hlotið minni athygli fjölmiðla. Enn eru að finnast fjöldagrafir frá árunum 1965-1966 og mannréttindastofnun Indónesíu (Komnas HAM) tók fjöldamorð Soehartos til rannsóknar 2003 en allar götur síðan mætt umtalsverðri andstöðu. Enginn hefur enn verið dreginn fyrir rétt eða dæmdur vegna fjöldamorðanna.

## Hláturinn lengir lífið – eða hvað?

**UMRÆÐAN**

Geðheilbrigði



**EGGERT S. SIGURÐSSON**

Misjöfn viðbrögð vekur hversu ánægjulegt og skemmtilegt Spaugstofumönnum finnst að Ólafur F. Magnússon hafi átt við sársaukafull veikindi að stríða og viðleitni þeirra til að deila gleði sinni með þjóðinni allri.

Í næsta þætti geta allir hlegið dátt að baráttu Margrétar Frímannsdóttur við krabbamein eða skemmt sér með fjölskyldu Davíðs Oddssonar vegna veikinda ástvinar. En líklega verða þeir þættir aldrei framleiddir því að sumt gerir maður bara ekki.

Nær öll umræðan um veikindi Ólafs er frekar til þess fallin að auka fordóma en minnka og því miður er hlutur Ólafs sjálfs þar ekki undanskilinn. En við megum ekki tapa því sem þó hefur áunnist í baráttunni gegn fordómum. Í þeirri baráttu eru frásagnir þeirra sem eru eða hafa verið veikir ómetanlegt framlag. Það er hætt við að þessum hetjum fari fækkandi ef veikindi þeirra verða notuð sem forskeyti í allri umræðu um líf þeirra og störf.

En við verðum líka að horfast í augu við að fordómar eru á ábyrgð okkar allra. Hvers vegna er hugtakið „geðveikur“ hlaðið svo neikvæðri merkingu í hugum okkar? Þetta er bara hugtak samsett úr orðunum „geð“ og „veikur“. Menn eru geðstirðir og geðgóðir, hjartveikir og magaveikir án þess að þess að það kalli á slík viðbrögð í hugum okkar. Það erum við sem höfum gefið hugtakinu geðveikur þessa neikvæðu merkingu og það er okkar að draga úr henni.

Í mínum huga er ekki rangt að álykta að sá sem tekur hjartalyf sé hjartveikur, sá sem tekur magalyf sé magaveikur og því hlýtur sá sem tekur geðlyf að vera geðveikur. Líkt og með aðra sjúkdóma þá getur mikil þjáning fylgt geðsjúkdómum og sú þjáning getur dregið fólk til dauða. Þjáningin væru ólíkt minni og dauðsföllin færri ef okkur tækist að vinna bug á fordómunum.

*Höfundur er fræðslu- og upplýsingafulltrúi Geðhjálpar.*

Lærðu kínversku á skemmtilegan hátt



Nýtt námskeið byrjar 3. febrúar

Fyrir alla aldurshópa

Gallery Kína

趣味汉语

Ármúla 42 · Sími 895 8966



Snocross Iceland

ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í SNOCROSS



**Fyrsta umferð** verður haldin í Motocrossbrautinni í Bolöldu **Laugardaginn 2. Febrúar kl. 13.00.**

(við Litlu Kaffistofuna)

**Aðgangseyrir 1.000 kr.**
Frítt fyrir 14 ára og yngri.

**Sýning og kynning á keppendum**
verður Föstudagskvöldið 1. Febrúar kl. 21.00 fyrir framan Össur hf., Grjóthálsi 5.

Frekari upplýsingar á www.lexi.is

CTI · ÖSSUR · Life Without Limitations




Jón sker hér væna flís af þurrkuðu svínalæri sem hefur fengið að hanga í ein tvö ár. Á borðinu er einnig taðreykt sauðalæri úr Mývatnssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Enginn skyndibiti

***Jón Stefánsson, organisti og kórstjóri við Langholtskirkju, er hrifinn af þjóðlegum mat sem hann verkar í stórum stíl á háaloftinu hjá sér. Í kringum þorrann heldur hann árlega fjölmennt þorrablót og býður meðal annars upp á þurrkað svínalæri.***

„Ég hef gert eitt svona læri á ári síðastliðin fimmtán ár. Ég gref það í saltbing í þrjár vikur og hengi það svo upp á köldum stað þar sem loftar vel um það. Ég þurrka það í tvö ár svo þetta er enginn skyndibiti," segir Jón Stefánsson og hlær. Hann sker svo af lærinu örþunnar sneiðar og ber það fram með melónubitum.

„Svo er ég líka með taðreykt sauðalæri sem ég fæ sent frá bræðrum mínum norðan úr Mývatnssveit. Það ber ég fram með piparrótarsósu og laufabrauði. Þetta eru svona aukaréttir sem ég býð upp á í árlegri sjötíu manna þorraveislu sem ég verð næst með um miðjan febrúar."

Jón súrsar allan þorramatinn sjálfur og er með áttatíu lítra súrtunnu með blóðmör, lifrarpylsu, bringukollum og ýmsu fleiru. Háaloftið hjá Jóni er óeinangrað en þar hefur hann útbúið aðstöðu til verkunarinnar. „Þar hanga til dæmis þrjár risastórar hákarlabeitur og ég fer nánast á hverjum morgni og næ mér í bita," segir Jón. Hann er úr Mývatnssveit og segist alinn upp við súrmat. „Ég er reyndar líka alinn upp við að borða hákarl en frændi minn var kvæntur konu frá Berufirði og í æsku var komið með heilu bílfarmana, að mér fannst, af hákarli. Hann hékk úti í bragga og það var ekkert sagt við því þó að við krakkarnir værum að stelast þangað og næla okkur í bita."

Jón stýrir fjórum kórum af átta við Langholtskirkju og er fjöldi tónleika á dagskrá næstu mánuðina. Næstkomandi sunnudag stendur listafélag kirkjunnar fyrir ljóðakvöldi með Þóru Einarsdóttur söngkonu.

*vera@frettabladid.is*


ÚTSALA

Úlpur 17.900 kr
NÚ 5.900 kr

Vattkápur 19.900 kr
NÚ 5.900 kr

Pelskápur 26.900 kr
NÚ 5.900 kr

......og mörg fleiri tilboð.

ATH Ný sending af dúnúlpum
Kr 25.900 5 síddir.

Opið:
Laugardaga 10-16
SUNNUDAG 12-16

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518



**Pitsa** er einfaldur og góður matur en þarf þó ekki að vera skyndibiti. Hægt er að útbúa gómsætar pitsur úr gæðahráefni og er þetta þá orðin hin fínasta veisla. Veldu uppáhaldshráefnið þitt og smelltu því á pitsubotn og skolaðu herlegheitunum niður með góðu vínglasi eða öðrum drykk.




Hákarla Afi

Þorrablótsnefndir & Veisluþjónustur athugið!
Hákarl til sölu sími: 892-8080




Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Býr til heita súpu og ís
Hraðastillir
Lífstíðareign!

Verð kr. 53.974
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir

S. 440-1800 www.kælitækni.is
Okkar þekking nýtist þér ...


## Lagt í bleyti

GÓÐ RÁÐ ÞEGAR ÞÚ KÆLIR OG FRYSTIR NEFNIST HANDBÓK SEM RÖNNING GEFUR ÚT OG FÆST ÓKEYPIS Í VERSLUNUM FYRIRTÆKISINS.

Ráðleggingar og ábendingar í bókinni frá Rönning eru kryddaðar skemmtilegum eldhúsbrellum og skreyttar litríkum myndum. Afskornu grænmeti má til dæmis halda stökku með því að leggja það í bleyti. Kannski hljómar út í hött að láta blaðlauk, sellerí, graslauk og annað grænmeti á stilk í vasa. En hugmyndin er ekki jafn biluð og hún hljómar. Vatn hjálpar grænmetinu að geyma vökva og varðveitir þannig bæði safa og bragð þar til þau eru skorin og tilbúin til matreiðslu. (Vasarnir eru þá líka tilbúnir undir blóm ef gestirnir koma með þau.).



# Bolla, bolla, bolla!

***Bolludagur er án efa einn skemmtilegasti dagur ársins. Hvað er skemmtilegra en að föndra bolluvönd og baka bollur? Flengja síðan mömmu og pabba eldsnemma til að næla sér í sem flestar bollur. Bjóða svo allri fjölskyldunni í veglegt bollukaffi, ýmist með fagurlega skreyttum gúmmilaðibombum eða hollum bollum úr spelti.***



Davíð Freyr Jóhannsson bakar algjörar sælgætisbollur fyrir bolludaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fagurkerinn býður til borðs

Vatnsdeigsbollurnar úr smiðju Davíðs Freys Jóhannssonar hjá Mosfellsbakaríi eru vægast sagt girnilegar.

**Innihald:**
**175 g smjörlíki**
**310 g vatn**
**185 g hveiti**
**4 egg (50 g stykkið)**
**Hnífsoddur af hjartasalti sett í lokin.**



**Aðferð:** Vatn og smjörlíki sett í pott og hitað að suðu. Potturinn tekinn af hita og hveitið sett út í. Hrært vel með sleif þar til deigið er kekkjalaust og losnar frá börmum pottsins. Eggin sett saman við, eitt í einu, og hrært mjög vel á milli. Deigið á að vera algjörlega slétt og kekkjalaust en nógu þykkt til að halda lögun sinni. Sett með skeið eða sprautað úr sprautupoka. Hafið gott bil á milli bollanna. Bakið við um það bil 200 C° í um það bil 15-18 mín., mismunandi eftir ofnum.



Valentína Björnsdóttir hefur hollustuna að leiðarljósi við bollubaksturinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Hollustan í fyrirrúmi

Valentína Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Móður náttúru, er sannkölluð bollustelpa sem galdrar fram dýrindis bollur úr spelti.

**Innihald:**
**300 g heilhveiti**
**800 g fínmalað spelt**
**1 bréf þurrger**
**100 g hrásykur**
**1½ tsk. salt**
**2 egg**
**700 ml ylvolg mjólk**
**1 tsk. vanilludropar**



**Aðferð:** Blandið saman þurrefnunum í hrærivélarskál, hrærið vanilludropum og eggjum út í volga mjólkina. Hellið mjólkurblöndunni rólega saman við þurrefnin á meðan hnoðað er í hrærivélinni. Látið deigið hefast á hlýjum stað með rakan klút yfir skálinni, í um það bil klukkustund.

Hnoðið deigið aftur í höndunum. Mótið litlar bollur og setjið á bökunarplötu sem er klædd með smjörpappír. Breiðið yfir rakt stykki og látið hefast aftur í 20 mín. Bakið bollurnar við 200°C í um það bil 12 mín.

Látið bollurnar kólna á bökunargrind. Skerið þær í tvennt og setjið sykurlausa sultu og rjóma á milli. Einnig er gott að nota sýrðan rjóma í staðinn fyrir rjóma. Um það bil 25 til 30 bollur.

*rh@frettabladid.is*


PRÓTÍNBOMBUR!




Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

BÓNUS
Fæst í Bónus

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

# FÖSTUDAGUR

1. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



**ELLÝ ÁRMANNS**
aftur á skjáinn

**NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR**
opnar barnavöruverslun

**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**
topp 10

Hanna Stína er eftirsóttur innanhúss-arkitekt:

# Það lærir enginn að vera hugmyndaríkur

## *Helgin 1.-3. febrúar*

**FÖSTUDAGUR:**

- Ljósmyndarinn Gunnar Þór Nilsen opnar ljósmyndasýningu í VIRTUS á Laugavegi 170 á 3. hæð, milli klukkan 17-19.
- Hin sínvinsæla Sprengjuhöll spilar á Organ.

**LAUGARDAGUR:**

- Tónleikar hljómsveitarinnar Hoffman á skemmtistaðnum Organ.



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Guðjón Davíð Karlsson leikari*

„Dagskrá helgarinnar er fullbókuð. Á föstudagskvöld verður rennsli á gamanleiknum Fló á skinni sem frumsýnt verður hjá Leikfélagi Akureyrar að viku liðinni. Á laugardagskvöld ætlum við félagarnir, ég og Halli vinur minn, að troða upp á skemmtistaðnum Græna hattinum hér á Akureyri og bjóða upp á hressandi dagskrá þar sem við munum flytja leikhúslög fyrir gesti staðarins. Helgin mun síðan enda á síðustu sýningu verksins Ökutíma á sunnudagskvöld. Ef aðstæður leyfa mun ég reyna að taka einhvern góðan göngutúr en annars verður helgin að mestu helguð vinnu."



## þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



...nema koma við á Kaffitári og byrja daginn á **einum góðum kaffibolla**. Morgunninn í vinnunni verður mun betri. Þeir sem eiga ekki leið um Bankastræti ættu að heimsækja Kaffitár í Lágmúla. Þar eru fáir á ferli, engin biðröð en samt svo ógurlega notalegt.



...án **múnbútsa**, ef þú átt ekki slíkar vetrarnauðsynjar fjárfestu þá í slíkum. Nauðsynlegt í kulda og gaddi.

...án **snjóþotuferðar**. Það eyðir ekki bara kaloríum heldur er stórskemmtilegt líka!



...án þess að sjá **lokaþátt** spennuþáttarins **Pressu** sem fer í loftið á sunnudagskvöldið. Pressan heldur okkur í spennutreyju þangað til yfir lýkur.



...nema leyfa þér að **fá þér eitthvað verulegt gott að borða** sama hvað einkaþjálfarinn segir. Nú þegar frostið og veturinn eru í hámarki er þörfin fyrir hitaeiningaríkan mat aldrei meiri og fátt betra en að borða í sig hita og örlitla gleði.



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Valgarður
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

*Ellý Ármanns kveður Sviðsljósið á mbl.is og hlakkar til að takast á við spennandi hluti*

# Ljósbláar sögur Ellýjar á skjáinn



Ellý hefur kvatt Sviðsljósið á mbl.is og selt höfundarréttinn að bloggi sínu til Pegasus.

Framleiðslufyrirtækið Pegasus keypti réttinn af blogginu mínu frá upphafi og út frá því verður unnið handrit fyrir sjónvarpsþætti," upplýsir Ellý Ármanns en hún hefur haldið úti krassandi bloggsíðu í tæpt eitt og hálft ár með hléum eða frá því hún gekk með dóttur sína, Ellý yngri. Þegar Ellý byrjaði að blogga sprakk teljarinn á síðunni næstum því, svo mikill var spenningurinn. „Ég hlakka mikið til að fylgjast með framvindu mála og sjá hvernig þetta allt saman þróast. Ég var sjálf búin að stinga upp á því í meira gríni en alvöru að gera raunveruleikaþætti með sjálfri mér í aðalhlutverki," segir Ellý hlæjandi, alsæl með kaup Pegasusar á bloggi hennar. Framkvæmdastjóri Pegasus, Snorri Þórisson, gat að svo stöddu lítið tjáð sig um málið þar sem ferlið er allt á frumstigi. „Við erum að kanna möguleikana á því að þróa sjónvarpsþætti út frá bloggi Ellýjar og það verður síðan að koma í ljós hvert það ferli leiðir okkur," sagði Snorri um fyrirhugaða sjónvarpsþætti sem byggjast á líflegum ástarsögum Ellýjar. Blogg Ellýjar hefur notið mikilla vinsælda og þegar best á lét var hún með eitt mest lesna blogg landsins. Bloggið hefur sömuleiðis þótt umdeilt þar sem Ellý gengur ansi langt í líflegum lýsingum sínum á ástarleikjum vinkvenna sinna og verður gaman að sjá hvernig þeir verða útfærðir á skjánum. Síðan í haust hefur Ellý stýrt Sviðsljósinu á mbl.is og verið með fasta dálka í 24 stundum en þar hefur hún tekið púlsinn á íslensku mannlífi. Í gær birtist síðasti dálkurinn í blaðinu. „Það var sameiginleg ákvörðun mín og ritstjórnar blaðsins að hætta með dálkinn og ég skil við blaðið í góðu. Ég hef ekki ákveðið hvað ég mun taka mér fyrir hendur en allar breytingar geta verið af hinu góða og það verður bara að koma í ljós hvað gerist," segir Ellý að lokum og hvort að Ellý muni helga sig handritaskrifum verður framtíðin að leiða í ljós. *bergthora@365.is*



Snorri Þórisson framkvæmdastjóri Pegasus blæs lífi í reynslusögur Ellýar og vinkvenna hennar.

## NANNA KRISTÍN OPNAR BARNAVERSLUN

# Ný alda ríður yfir leikarastéttina

Líf leikonunnar ástsælu Nönnu Kristínar Magnúsdóttur hefur heldur betur verið viðburðaríkt síðustu misseri en hún og maður hennar, Kristinn Vilbergsson, framkvæmdastjóri eignuðust sitt fyrsta barn 5. desember síðastliðinn. Nanna hefur átt hvern leiksigurinn á fætur öðrum, nú síðast í spennuþáttaröðinni Pressu sem sýndur er á Stöð 2. Þar leikur Nanna Kristín þuluna Ester, eiginkonu hins dularfulla Mána, sem virðist hafa ýmislegt gruggugt í pokahorninu og leysir það hlutverk á afar sannfærandi hátt. Nanna Kristín virðist þó ekki ætla að sitja auðum höndum í barneignaleyfinu því í byrjun april opnar hún verslunina Stubbasmiðjuna í Holtagörðum, en eins og nafnið gefur til kynna er það verslun fyrir börn þar sem áherslan er lögð á vönduð barnahúsgögn. Leikkonan Edda Heiðrún Backman opnaði verslun sína Súkkulaði og rósir nú rétt fyrir jól. Á dögunum opnaði leikarinn Gunnar Hansson vespuverslun í húsnæði Saltfélagsins. Því mætti ætla að ný alda væri farin af stað meðal leikarastéttarinnar, verslunarrekstur. Við ættum að taka þessum nýgræðingum í verslunarrekstri fagnandi því þarna eru á ferðinni leikarar með blóðheita ástríðu fyrir öllu því sem þau taka sér fyrir hendur og verður gaman að fylgjast með verslunum þeirra í framtíðinni. *bergthora@365.is*



Edda Heiðrún Bachman



Gunnar Hansson



Nanna Kristín Magnúsdóttir




# ÚTSÖLULOK

**GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING!**

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



# borgin mín REYKJAVÍK

ELSA MARÍA JAKOBSDÓTTIR dagskrárgerðarmaður

**MORGUNMATURINN:**
Latte og beygla með rjómaosti, helst á Kaffitári í Bankastræti, ef tími gefst. Það er ávísun á stórkostlegan dag ef mér tekst að koma mér þangað áður en ég mæti í vinnu.

**SKYNDIBITINN:**
Eldsmiðjan, pitsa númer S á matseðlinum. Hún er tryllt!

**UPPÁHALDSVERSLUN:**
Krambúðin og búsáhaldaverslun Þorsteins Bergmann. Eðalbúllur.

**LÍKAMSRÆKTIN:**
Að vera ekki með bílpróf er líkamsrækt sem dugar mér.





**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
Það getur nú verið hvar sem er, bara ekki með hverjum sem er.

**BEST VIÐ BORGINA:**
Miðbærinn, allt góða fólkið og íbúðin mín.

*Bryndís Jakobsdóttir söngkona slær í gegn*

# Listrænn lagasmiður

„Ég og bandið mitt, Dísa og Moses Hightower, erum að leggja lokahönd á breiðskífuna okkar þessa dagana en stefnt er á að hún komi út í byrjun mars,“ upplýsir söngkonan Bryndís Jakobsdóttir betur þekkt sem Dísa. Lag Bryndísar Anniversary, sem verður að finna á væntanlegri breiðskífu, hefur notið mikilla vinsælda upp á síðkastið og hefur verið í öðru sæti lagalistans nú í nokkrar vikur. „Ég samdi lagið með vini mínum, Sam Frank saxfónleikara. Við vorum hálfpartinn að leika okkur þegar stefið við lagið varð til,“ segir Bryndís um tildrög lagsins en annars semur hún alla texta og lögin á plötunni að undanskildu einu lagi sem vinkona hennar samdi fyrir hana. „Ég fékk skólafélaga mína úr FÍH til liðs við mig við gerð plötunnar en þeir mynda hljómsveitina Moses Hightower og hafa verið að gera mjög góða hluti. Við erum að fínpússa plötuna núna og förum hvað úr hverju að verða tilbúin með tónleikaprógrammið okkar,“ segir Bryndís og hlakkar mikið til að fylgja fyrstu breiðskífunni sinni eftir en fyrirtæki hennar Crocodile Music gefur út plötuna. Það er varla hægt að komast hjá því að nefna að Bryndís er dóttir Ragnhildar Gísladóttur og Jakobs Frímanns Magnússonar og á því ekki langt að sækja hæfileikana. Bryndís söng lag móður sinnar „Ljáðu mér eyra“ í kvikmyndinni Veðramót og hlaut mikið lof fyrir en Ragnhildur samdi tónlistina við kvikmyndina. Listrænir hæfileikar Bryndísar eru þó ekki einungis bundnir við tónlistina því um daginn gerði hún sér lítið fyrir og brá sér í leikstjórastólinn. „Ég leikstýrði tónlistarmyndbandi í fyrsta sinn um daginn fyrir hljómsveitina Frummenn við lagið Teenage Love en myndbandið fer í spilun með vorinu. Mér fannst þetta rosalega skemmtilegt ferli og fannst gaman að fá að taka þátt í þessu með þeim,“ segir Bryndís sem er komin með fullt af hugmyndum fyrir tónlistarmyndbönd eigin laga. „Annars er ég farin að plana næstu og þarnæstu plötu og er komin með fullt af efni til að vinna úr,“ segir hæfileikaríka söngkonan að lokum.



Fyrstu plötu Bryndísar er beðið með mikilli eftirvæntingu en lagið Anniversary hefur setið í öðru sæti Lagalistans síðustu vikurnar.

*bergthora@365.is*

# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Villi Vill | ↑ | Myndin af þér |
| 2 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 3 | Hjálmar | – | Ferðasót |
| 4 | Radiohead | ↑ | In Rainbows |
| 5 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 6 | Hjaltalín | – | Hjaltalín |
| 7 | Lay Low | N | Ökutímar |
| 8 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 9 | Sprengjuhöllin | ↑ | Tímarnir okkar |
| 10 | Led Zeppelin | ↑ | Mothership |
| 11 | Creedence Clearwater R | ↓ | Chronicle: 20 Greatest Hits |
| 12 | Cat Stevens | ↑ | The Very Best Of |
| 13 | Dísella | A | Solo Noi |
| 14 | Bloodgroup | ↑ | Sticky Situation |
| 15 | Johnny Cash | ↓ | Ring Of Fire |
| 16 | Robert Plant & A. Krauss | A | Raising Sand |
| 17 | Eivör | A | Human Child/Mannabarn |
| 18 | Gus Gus | ↓ | Forever |
| 19 | Sigur Rós | A | Hvarf / Heima 2cd |
| 20 | Eagles | ↓ | Long Road Out Of Eden |

### VINSÆLUSTU DVD

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Næturvaktin | ↑ |
| 2 | Astrópía | ↓ |
| 3 | No Reservations | N |
| 4 | I Now Pron. You Chuck & | ↓ |
| 5 | Secret, The - íslenskt | ↑ |
| 6 | Top Gear | – |
| 7 | High School Musical 1 | – |
| 8 | Bourne Ultimatum | ↓ |
| 9 | Hairspray | ↑ |
| 10 | Bring It On - In it to win it | N |
| 11 | Disturbia | ↓ |
| 12 | Meet the Robinsons | ↓ |
| 13 | Pirates of the Caribbean 3 | A |
| 14 | Mýrin | ↓ |
| 15 | Doddi þættir 1-8 | ↓ |
| 16 | Grettir í Raun | ↓ |
| 17 | DIE HARD 4 | A |
| 18 | Knocked Up | – |
| 19 | Invisible | N |
| 20 | Taxi 4 | N |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað




Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn gildir 1. - 8. febrúar 2008

S·K·Í·F·A·N


Coca-Cola kynnir
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS
20 ÁRA
afmælistónleikar
1988-2008
GOSPELKÓR
BLÁSARAR
LEYNIGESTIR
STRENGJASVEIT
TRÚÐUR
MIÐASALA Á midi.is
LAUGARDALSHÖLL FÖS.14. MARS 2008
BALL Í HÖLLINNI 14. MARS. SÁLIN FLYTUR ÚRVAL LAGA SINNA UNDANFARIN 20 ÁR MEÐ FULLTINGI BLÁSARA, STRENGJASVEITAR, GOSPEL-KÓRS, LEYNIGESTA OG TRÚÐS. AÐEINS ÞETTA EINA SKIPTI! ÖLLU TIL TJALDAÐ Í SVIÐSBÚNAÐI; ÞRÍR RISASKJÁIR, LJÓS Í ÖLLUM LÍFSINS LITUM, WÖTT Í MASSAVÍS – ALLUR BALLETTINN. HÚSIÐ OPNAR KL. 21, TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 22.
MIÐAVERÐ: 5.000 (STÚKA) OG 4.000 (GÓLF: STANDANDI)
tónlist Coke megin í lífinu

# fatastíllinn

*Frosti Gnarr Gunnarsson, listnemi, hönnuður og rappari*

**Uppáhaldshönnuður:**
Hlín Reykdal fatahönnuður og Marjan Pejoski fyrir KTZ.

**Eftirlætisflíkin í fataskápnum:**
Annað hvort Aftur-peysan mín eða KTZ-peysan mín.



**Fyrir hverju ertu veikastur:**
Fylgihlutum; sylgjum, derhúfum, hálsfestum og úrum.

**Nauðsynlegt í fataskápinn:**
Nóg af flottum bolum.

**Búðirnar:**
Kron Kron, Hjálpræðisherinn og Classic Knicks í New York.

# Rappari í húð og hár

Stíll minn getur verið mjög breytilegur frá degi til dags en oftast reyni ég að blanda neu-rave stíl og hiphop-fötum saman. Derhúfur, stór úr og high top-strigaskór úr hiphop-heiminum og miklir litir úr neu-rave-heiminum eru því einkennandi fyrir fatastíl minn,“ upplýsir Frosti Gnarr Gunnarsson listnemi en Frosti hefur vakið athygli fyrir skemmtilegan stíl og óvenjulega djarfar litasamsetningar í klæðaburði. „Ég er á öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands. Meðfram náminu rek ég hönnunarstofuna Dot Design ásamt tveimur félögum mínum úr skólanum, þeim Högna Högnasyni og Brynjari Sigurðssyni,“ segir Frosti en í frítíma sínum rappar hann með hljómsveitinni Jezebel. „Ég versla oftast í versluninni Kron Kron og finn þar alltaf eitthvað sem mig langar í. Uppáhaldsfatamerkið mitt KTZ er sömuleiðis selt þar, en fatahönnuðurinn Marjan Pejoski er yfirhönnuður merkisins,“ segir Frosti sem er mjög hrifinn af grafíkinni sem þeir prenta á fötin. „Ég prenta mikið á bolina mína og vil alls ekki nota mjög dýra boli í það og enda þar af leiðandi oft í verslun Hjálpræðishersins þar sem ég finn alltaf flotta boli og margt skemmtilegt á góðu verði,“ bætir Frosti við og ítrekar að honum líði vel í notuðum fötum með sál eins og hann orðar það sjálfur. „Bestu kaupin mín eru án efa Cheap Monday buxurnar sem ég hef notað mikið en ég keypti þær í New York og borgaði aðeins 1.800 krónur fyrir sem verður að teljast ansi vel sloppið.“ Frosti vill meina að hann geri sjaldan slæm kaup en rifjar þó upp ein slík sem hann flokkar sem verstu kaupin. „Ég fjárfesti einhvern tímann í kúrekastígvélum sem voru rándýr en dugðu skammt því eftir einungis viku rifnuðu þau og voru þar með úr leik,“ segir Frosti en er þó langt frá því að gráta stígvélin enn í dag.

En hvað finnst Frosta um íslensku tískuna? „Mér finnst frábært hvað það er mikil uppsveifla í íslensku tískunni. Fólk er virkilega farið leggja það á sig að fylgjast með því sem er í gangi annars staðar í heiminum og einnig er ótrúlega mikið umburðarlyndi fyrir fatastíl fólks sem er mjög jákvætt,“ bætir Frosti við að lokum.

*bergthora@365.is.*






**1** Frosti blandar saman hiphop- og neu-rave-heiminum á skemmtilegan hátt í klæðaburði sínum.

**2&3** Stór úr og sylgjur gegna lykilhlutverki í fatastíl Frosta.

**4** Frosti á ógrynni öll af derhúfum í öllum regnbogans litum og munstrum.

**5** Frosti á vinnustofunni sinni. Í baksýn má sjá brot af afrakstri þeirra félaganna í Dot design.













# Ekkert rúm loftar betur

**Á venjulegri nóttu losar líkaminn sig við um 350 millilítra af svita. Safnast þegar saman kemur og á 10 ára tímabili þarf dýnan að soga í sig meira en 1.200 lítra!**

Auping rúm og dýnur er sérstaklega hönnuð til að losa sig við raka þannig að hann safnist ekki upp eins og í venjulegum rúmum og það tryggir þér þægilegri og heilbrigðari svefn nótt eftir nótt, ár eftir ár. Viltu vita meira? Komdu og prófaðu nýju og frábæru rúmin frá Auping.

**Sérfræðingur frá Auping verður hjá okkur í dag og á morgun laugardag.**

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

epal








*Það er glamúrfílingur í kringum innanhússarkitektinn Hönnu Stínu Ólafsdóttur, en síðan hún útskrifaðist hefur hún haft það markmið að hönnuninni séu engin takmörk sett. Þetta hefur gert það að verkum að hún er orðin einn af eftirsóttustu innanhússarkitektum landins. Marta María Jónasdóttir fór í heimsókn til hennar.*

# Verkin eru bestu meðmælin

Hanna Stína tekur á móti mér í nýjum húsakynnum AVH arkitekta þar sem hún starfar. Stofan er nýflutt í stærra húsnæði þar sem allt var tekið í gegn og innréttað í þeirra anda. Ljós úr smiðju Toms Dixon hanga í loftinu, röndótt veggfóður prýðir veggina og fundarborðið er sprautulakkað karrígult með háglans áferð. Þegar hún er spurð út í útlitið á vinnustaðnum segist hún vera hæstánægð, þetta geri lífið ennþá líflegra og hún er ekki frá því að hún afkasti meiru. Ekki veitir af því hún hefur varla undan, svo mörg eru verkefnin. Síðustu árin hefur hún einna mest verið í því að hanna íslensk lúxusheimili en inn á milli hefur hún teiknað verslanir og vinnustaði. Hún á til dæmis heiðurinn að skrifstofum Novator í Lundúnum, skrifstofum Avion Group í Englandi og tækjaversluninni Sense í Hlíðarsmára.

Það var af einskærri ævintýraþrá sem Hanna Stína lenti í innanhússarkitektanámi á Ítalíu. Vinkona hennar var á leið þangað og á tveimur dögum ákvað hún að freista gæfunnar og fara með. Hún byrjaði í Flórens en færði sig svo yfir til Mílanó þar sem hún hóf nám í skólanum Istituto superiore di architettura e design. Að fara í arkitektanám var þó alls ekki úr lausu lofti gripið því hún hafði frá barnsaldri haft brennandi áhuga á innanstokksmunum. Þegar hún var fjórtán ára heimtaði hún svarthvítan, köflóttan gólfdúk á herbergið sitt og linnti ekki látum fyrr en móðir hennar lét undan. „Sem barn hafði ég miklar skoðanir á öllu sem móðir mín kom með inn á heimilið og við mamma vorum ekki alltaf sammála. Ég hef alltaf verið mikið fyrir glamúr og mér fannst mamma ekki vera alveg inni á þeirri línu. En auðvitað mótaðist ég af æskuheimilinu og því sem var í gangi þá. Amma mín átti til dæmis Hansahillur og tekkhúsgögn og í dag finnst mér það flott og innanstokksmunir hinnar ömmu minnar voru í rókókóstílnum, en sá stíll finnst mér alltaf töluvert heillandi,“ segir hún og brosir að endurminningunni.

**Ekki hægt að læra að vera hugmyndaríkur**

Á Ítalíu blómstraði hún í skólanum og hefur orð á því að það toppi enginn þá þjóð þegar kemur að hönnun. Það er þó alls ekki einn stíll sem ræður ríkjum á Ítalíu heldur mætast þar tveir ólíkir heimar, annars vegar nútímahönnun þar sem mikið er lagt upp úr lýsingu og einföldum línum og hins vegar gamli stílinn þar sem útskorin húsgögn og hin aldagamla ríka listhneigð ræður ríkjum. Hún segist sækja í bæði elementin og hún er sérlega flink í því að blanda skrítnum hlutum saman án þess að það verði klúðurslegt. „Mér finnst mjög mikilvægt að vera samkvæm sjálfri mér í stað þess að reyna að gera eitthvað sem ég held að aðrir fíli. Það kemur alltaf einkennilega út á endanum því þá er hugsjónin horfin.“

Hanna Stína lauk námi árið 2002 og síðasta mánuðinn var hún í starfsnámi á arkitektastofu hjá Franco Raggi sem teiknaði meðal annars höfuðstöðvar Gianfranco Ferré. „Hann er skondinn, sirka 108 cm á hæð en með egó á stærð við fjölbýlishús, eins og svo margir Ítalir. Hann teiknaði allt í höndunum og ég var að vinna í tólf tíma á dag,“ segir Hanna Stína og segist hafa verið pískað út en hún starfaði hjá honum nokkrum mánuðum lengur en áætlað var.

Þegar heim var komið fór hún í samstarf við annan hönnuð. „Ég vann með Rúnu Kristinsdóttur sem er einn mesti snillingur sem ég hef kynnst. Hún hefur ótrúlegt hugmyndaflug og ákaflega flink í sínu starfi. Þótt hún sé ekki sprenglærð hefur hún miklu meiri dýpt en margir aðrir sem eru langskólagengnir hönnuðir. Það sýnir manni enn og aftur að námið er stökkpallur og opnar manni dyr inn í atvinnulífið en þetta er ekki eins og að læra að vera læknir. Maður lærir ekki að vera hugmyndaríkur.“

**London kallar**

Hanna Stína og Rúna unnu saman í eitt og hálft ár en þá fékk hún það verkefni að hanna skrifstofur Novator í London en það er fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar. Hönnu Stínu fannst forsvarsmenn Novators djarfir að ráða svona ungan hönnuð í jafn veigamikið verkefni og viðurkennir að hún hafi stundum sopið hveljur á meðan á verkefninu stóð. „Ég henti mér algerlega út í djúpu laugina og í raun var ég mjög hissa á því að þeir skyldu velja mig þar sem þeir hefðu getað fengið hvaða heimsþekkta hönnuð sem er. Mér fannst þetta lýsa þeirra hugsunarhætti vel enda þora þeir að taka áhættu.“ Þegar hún er spurð að því hvað hafi verið erfiðast við Novator-verkefnið nefnir hún eigið óöryggi. „Í fyrstu var ég svolítið feimin við að koma mínum hugmyndum á framfæri en sjálfstraustið jókst þegar líða tók á verkefnið og auðvitað er það alltaf að aukast. Það er aldrei hægt að hafa of mikla trú á sjálfum sér og það er aldrei hægt að segja að neitt verkefni sé fullkomið í huga mínum þó að það sé að sjálfsögðu vonandi svoleiðis fyrir þeim sem ég er að teikna fyrir, mér finnst ég alltaf geta bætt mig og eflt með hverju verkefni sem klárast.“

Þegar verkefni Novator lauk fór hún að vinna sjálfstætt. Það leið þó ekki á löngu þar til hún var komin í samstarf. „Fljótlega fór ég að vinna töluvert með AVH arkitektum og við hönnuðum skrifstofur Avion Group í Manston í Englandi. Í framhaldinu fór ég að taka mikið af einkaheimilum. Í dag eru einkaheimilin stærstu verkefnin mín,“ segir Hanna Stína sem hefur aldrei auglýst sig að ráði. Þegar hún er spurð út í kúnnahópinn vill hún ekki segja mikið en blaðamaður hefur heimildir fyrir því að hún hafi hannað heimili fyrir marga þekkta og vel stæða Íslendinga. „Það er allur gangur á því. Þótt ég sé að vinna fyrir fólk sem á peninga þá hugsa ég alltaf um praktísku hliðarnar og gæti þess að keyra kostnað ekki úr hófi fram. Ég hugsa alltaf um fjárhagslegu hliðina. Oft byrja ég með dýrari útfærslur og svo dreg ég úr ef fólk vill það. Ég hef aldrei verið

***Draumaframtíðarverkefni:*** Heilt hotel concept, allt frá branding og þess háttar til innanhússhönnunar (herbergi, veitingastaður, spa o.s.frv.) til hönnunar á borðdúkum og borðbúnaði.

***Fyrirmyndir í hönnun og arkitektúr:*** India Mahdavi, Antonio Citterio, Tom Dixon, Patrizia Urquoila, Piero Lissoni, Marc Newson, Santiago Calatrava, Zaha Rashid, Kelly Hoppen, Mies Van Der Rohe, Verner Panton.

***Heimili mitt er ...*** „a work in progress“, samansafn af fortíð og nútíð, hlýlegt og persónulegt, griðastaður fyrir mig og dóttur mína.

***Vinnan mín er...*** mitt áhugamál og ástríða, mín útrás fyrir sköpunargleði og orku

***Mesti lúxusinn...*** að eyða tíma með dóttur minni og geta hlakkað til að fara í vinnuna alla morgna.

***Dekrið:*** Þriggja daga spa-meðferð í Sviss.

***Slökunin***: Frí, hvar sem er á jarðkringlunni án gsm og tölvupósts.

***Drykkurinn:*** Soya latte með vanillu

***Uppáhaldsmaturinn:*** Ítalskur, oriental fusion, og sushi.

***Uppáhaldsverslunin:*** Það slær ekkert við upplifuninni að ganga um fallega húsgagnabúð og að koma við hluti með sál, ég er hrifin af Nicole Farhi í London, þar er allt í bland, antíkhlutir, retro-hlutir og svo nýir, og svo er alltaf gaman að fara í Zara Home, frábærir hlutir á frábæru verði, kannski er ég hrifnust af búðum erlendis sem ég kemst sjaldan í, lætur mig meta þær meira – of langur listi!

***Hvað getur umbreytt heimili:*** Fallegar gólfmottur og púðar, lampalýsing, fersk afskorin blóm og ilmkerti.

***Ofmetið í hönnun***: Stór nöfn.

***Vanmetið í hönnun:*** Fólkið á bakvið stóru nöfnin.

***Áramótaheitið:*** Að nýta alla fyrri reynslu mínar til góðs, hvort sem um er að ræða jákvæðar eða neikvæðar og brosa.

kópavogur
FÖSTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2008

## Glaðheimar kvaddir

**Hestamenn í Kópavogi njóta nú síðasta vetrarins á gamla félagssvæðinu í Glaðheimum.** BLS. 2 OG 4



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KÆLISKÁPA ÚTSALA
Við rýmum fyrir nýjum gerðum og seljum síðustu skápana af eldri gerð með 50% afslætti.
Aðeins 1-6 stk. af hverri gerð eru í boði. Það gildir því gamla reglan, að FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR.

Gerð C-290
HxBxD=145x60x60 cm
280 ltr. kælir
Hvítur ......47.200
Nú 23.600

Gerð F-245
HxBxD=145x60x60 cm
205 ltr. frystir
Stál..........58.400
Nú 29.200

50% afsláttur

Gerð RF-310
HxBxD=173x60x60 cm
193 ltr. kælir
92 ltr. frystir
Hvítur ....74.600 Nú 37.300
Stál..........95.000 Nú 47.500

Gerð RF-315
HxBxD=173x60x60 cm
229 ltr. kælir
61 ltr. frystir
Hvítur ......68.000 Nú 34.000

Gerð RF-360
HxBxD=191x60x60 cm
225 ltr. kælir
90 ltr. frystir
Hvítur ....82.200 Nú 41.100
Stál.......102.000 Nú 51.000

Gerð RF-390
HxBxD=200x60x60 cm
253 ltr. kælir
90 ltr. frystir
Hvítur .......88.800 Nú 44.400
Stál..........106.900 Nú 53.450

Opið:
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga 11-16

Snaigė
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

Snaigé kæliskáparnir eru sparneytnir, ( A orkuflokkur) og lágværir (38-41 dB-A).
Danfoss kælivél, hægri eða vinstri, hurðaropnun, glerhillur, flöskuhilla.
2ja ára ábyrgð og fullkomin þjónusta, (eigið verkstæði).

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

BETRI STOFAN


Berta María leggur á rauðblesóttan og glófextan gæðing.


Mörgu þarf að sinna í hesthúsinu. Hér er Rósa María að moka út úr einni stíunni í hesthúsinu í Granaholti.


Gengið heim götuna.


Kaffistofan er eins og annað heimili og breytist oft í félagsmiðstöð. Hér sitja þau saman Rósa María, Bjarnleifur, Auður og Halldór.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Njóta síðasta vetrarins í Glaðheimum

**Ef allt fer samkvæmt áætlun munu hestar og menn hverfa úr gamla hesthúsahverfinu Glaðheimum eftir þennan vetur. Íbúarnir eru þó fastráðnir í að njóta síðustu daganna.**

Mæðgurnar Rósa María og Berta María Waagfjörð voru í óða önn að sinna hinum fjölmörgu störfum sem fylgja hestamennsku þegar ljósmyndara bar að garði við hesthús þeirra í Granaholti 1 í Glaðheimum í Kópavogi. Rósa og fjölskylda hennar, eiginmaður og þrjú börn, hafa stundað hestamennsku í áratugi og ávallt í Gusti.

Það er því viss eftirsjá sem fylgir því að þurfa að sjá fram á að yfirgefa hið gamalgróna svæði þó ævintýrin bíði vissulega hinum megin við hornið með nýju húsi, og nýjum nágrönnum. „Þetta er vissulega leiðinlegt enda mikið sama fólkið sem við umgöngumst og mikil stemning sem hefur myndast í þessu hverfi,“ segir Rósa en fjölskyldan hefur þegar fest kaup á lóð á hinu nýja svæði sem mun rísa á Vatnsendanum. „Okkur lýst svo sem bara vel á það ef allt stenst sem sagt hefur verið,“ segir Rósa sem ásamt manni sínum og börnum ver öllum sínum frítíma í hesthúsinu. „Krakkarnir eru að keppa og við gerum þetta alveg af heilum hug,“ segir hún.

Kaffistofan í hesthúsinu er því vissulega vel nýtt og Rósa líkir henni við félagsheimili. „Þetta eru notalegar stundir og allur kunningjahópurinn sem kemur saman,“ segir hún en yfirleitt safnast fjölmargir saman við hesthúsin þegar leggja á af stað í reiðtúr.

Þótt Rósa og hennar fólk ætli að byggja hesthús í nýja hverfinu vonast hún hálfpartinn til þess að verkið á Vatnsendanum muni tefjast svo þau nái að vera einn vetur í viðbót í hinum gömlu góðu Glaðheimum. *- sg*

# Heilt hestamannafélag flytur um set

**Gustur er rúmlega 40 ára gamalt hestamannafélag sem hefur verið til húsa í Glaðheimum í Kópavogi alla sína tíð. Miklar breytingar eru framundan en um næstu jól verður starfsemin flutt yfir á Kjóavelli uppi við Vatnsenda.**

„Við reiknum með því að þetta verði síðasti veturinn hér. Við sleppum hrossunum út í júní og tökum þau vonandi inn í ný hesthús um næstu áramót,“ segir Bjarnleifur Bjarnleifsson, formaður Gusts. „Stórt svæði hefur verið tekið frá fyrir okkur uppi við Vatnsenda en hestamannafélagið Andvari er nú þegar komið þangað og er stefnt að sameiningu félaganna tveggja. Þarna mun fara fram mikil uppbygging af hálfu Kópavogsbæjar og stærsta reiðhöll landsins reist. Hún mun rúma löglegan keppnisvöll innanhúss og 2.000 manns í sæti.“

Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram en áætlað er að lóðum verði úthlutað á næstu dögum.





Séð frá hesthúsahverfinu Heimsenda. Milli þess og Andvara sem sést í fjarska mun rísa stórt og mikið hesthúsahverfi Kópavogsbúa.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við vonum að þetta eigi eftir að geta gerst hratt og örugglega þegar við förum af stað. Ásóknin er gríðarleg en í fyrsta áfanga fáum við líklega ekki fleiri lóðir en svo að við getum flutt félagið sem við vorum með í Glaðheimum,“ segir Bjarnleifur sem telur að flestir félagsmenn muni fylgja félaginu á nýja svæðið. „Gustur er samheldið og öflugt félag. Það er vissulega stórt og mikið mál að flytja heilt félag, enda hefur mikið gengið á, en ég held okkur hafi tekist að vernda félagið félagslega. Um leið og við förum að byggja þá dettur gamli félagsandinn inn.“

Bjarnleifur lítur björtum augum á framtíðina og telur að Kjóavellir verði afskaplega gott svæði fyrir hestafólk. „Stutt er í náttúruna í Heiðmörk þótt hún sé nálægt þéttbýli og þetta mun nýtast unga fólkinu okkar vel sem þarf ekki lengur að taka strætó langar leiðir.“ Búið er að skipuleggja svæðið að mestu og teikna hesthúsin sem í boði verða. „Flest húsin í Gusti eru allt að 40 ára gömul og með þeim vanköntum sem því fylgja. Nú erum við komin inn í framtíðina og í boði eru nýtískuleg hús sem fylgja nýjustu reglugerðum hvað varðar kröfur um rými og aðbúnað. Þarna mun fara vel um fólk og hesta og má segja að við förum úr hreysi yfir í höll,“ segir Bjarnleifur að lokum. *- mth*










**SWISSFLEX**

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

Swissflex stillanlegt hjónarúm
með ViscoX dýnu á **kr. 129.900**,
var áður allt að kr. 299.900.

Dýnustærðir í boði: 80, 90, 100 og 120 cm.










## Útlitsgallaðar dýnur og rafmagnsbotnar

## 25% afsláttur af fylgihlutum

## Höfuðgaflar, náttborð og kommóður

## Nýkomnir tungusófar og borðstofstólar

## Smávara og gjafavara




**20-70%**
**afsláttur**

Inngangur




## Klettháls 13

Lokadagur - lokað laugardag

Sími lagerútsölunnar er 660 0035

**Svefn & heilsa** ★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Vill helst halda jólin í hesthúsinu

**Garðar Gíslason segir marga félagsmenn í Gusti hafa áhyggjur af fyrirhuguðum flutningum upp að Vatnsenda. Hann ætlar sér þó að fylgja félaginu og vonar að sem flestir Gustarar geri slíkt hið sama.**



Garðar ásamt nokkrum félögum úr Gusti, þeim Rögnu Emilsdóttur, Ásgeiri Ásgeirssyni og Helga Kristjánssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er yndislegt að vera hérna í Glaðheimum. Nálægðin við aðra er mikil og félagsandinn alveg einstakur. Menn þekkjast, bjóða góðan daginn, spjalla og ríða út saman,“ segir Garðar Gíslason félagsfræðingur. Hann hefur verið með hesthús í Glaðheimum í mörg ár og deilir húsinu með börnum sínum, leikurunum Gísla Erni og Rakel, og Björgvini Þórissyni dýralækni. „Hesthúsið okkar er eins og félagsheimili. Þar höldum við upp á afmæli og þorrablót og eldum skötuna þar. Á slíkum stundum er mikil stemning og þá koma nágrannarnir í heimsókn. Það hefur komið fyrir að ég hef verið í Glaðheimum á gamlárskvöld og helst vildi ég halda upp á jólin þar líka.“

Garðar segir félagsmenn í Gusti hafa áhyggjur af fyrirhuguðum flutningum að Kjóavöllum við Vatnsenda og að ekki séu allir sannfærðir um að nýja svæðið verði tilbúið á fyrirhuguðum tíma. „Það skapaðist mikil óvissa í kringum flutningana sem gerði það að verkum að einhverjir fóru strax að reyna að tryggja sig og keyptu í öðrum félögum og aðrir eru að íhuga slíkt hið sama. Þessar breytingar munu því sundra félaginu og eins og málið lítur út í dag þá mun taka tíma að byggja upp sterka félagsheild aftur,“ segir Garðar og heldur áfram. „En auðvitað er líka hópur af fólki sem trúir á að þetta muni ganga upp og er fullur bjartsýni, og ég er einn af þeim. Ég stefni að því að flytja upp að Kjóavöllum, fyrst og fremst vegna þess að ég vonast til að sem flestir félagsmenn í Gusti komi þangað líka. Þó að þetta sé tímabundið áfall þá mun okkur vonandi takast að byggja upp góðan félagsanda aftur. Þarna munum við hitta fyrir alveg prýðisfólk í hinum félögunum og svo verður styttra í Heiðmörkina sem við hlökkum til að komast í,“ segir Garðar sem sér greinilega bæði kosti og galla við breytingarnar. „Það er auðvitað söknuður eftir gamla svæðinu því þetta svæði liggur hærra uppi og er snjóþyngra. Einnig höfum við þungar áhyggjur af byggðinni sem er nú þegar í kringum þessi hesthúsasvæði, en við teljum of mikið áreiti á þessu svæði,“ segir Garðar að lokum. *- mth*




Ekki missa af Ívanov
„Sviðsetning Baltasars Kormáks á Ívanov er eitt besta verk hans frá upphafi. Hún er þaulhugsuð og samvinna þeirra Gretars Reynissonar hefur sjaldan borið glæstari ávöxt, og er þá ekki lítið sagt.“
Jón Viðar Jónsson, DV, 9. jan.
1/2 uppselt
2/2 uppselt
7/2 uppselt
8/2 örfá sæti laus
9/2 örfá sæti laus
10/2 aukasýn.
20/2
24/2 allra síðasta sýn.
Ívanov eftir Anton Tsjekhov
Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur
Sjáðu og heyrðu meira á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÚTSALA
20-70% AFSLÁTTUR
OPIÐ ALL HELGINA
BORÐ FYRIR TVO
SKEMMUVEGI 6 - 568-2221

# Fimir Kópavogsbúar

**Fimleikafélagið Gerpla fékk góða viðurkenningu á dögunum fyrir starf sitt enda voru lið ársins, íþróttakarl og -kona ársins í Kópavogi öll úr félaginu.**

Það voru þau Viktor Kristmannsson og Fríða Rún Einarsdóttir sem hlutu titlana íþróttakarl og -kona ársins 2007 í Kópavogi. Bæði stóðu þau sig frábærlega á árinu. Viktor varð sexfaldur Íslandsmeistari í áhaldafimleikum auk þess sem hann varð bikarmeistari með félagi sínu Gerplu. Hann sigraði í fjölþraut á Smáþjóðaleikunum og varð í þriðja sæti í gólfæfingum á Norður-Evrópumeistaramótinu í fimleikum. Auk þess tók hann þátt í tveimur af stærstu fimleikamótum ársins á heimsvísu. Hann hafnaði í 47. sæti á Evrópumeistaramótinu í Hollandi og í 108. sæti á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi.

Fríða Rún sigraði í öllum greinum á Norðurlandamóti unglinga sem fram fór í Danmörku á liðnu ári auk þess að verða Norðurlandameistari í liðakeppni. Hún sigraði í fjölþraut á Smáþjóðaleikunum og komst í úrslit í fjölþraut á Ólympíuleikum æskunnar. Þá náði hún ágætum árangri á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi þar sem hún hafnaði í 90. sæti. Hún var skammt frá því að vinna sér þar inn þátttökurétt á Ólympíuleikana í Peking 2008 og eru vonir bundnar við að hún nái því markmiði síðar.



Flokkur ársins var P-1 meistaraflokkshópur Gerplu í hópfimleikum sem varð Norðurlandameistari á árinu.

Fimleikar voru áberandi í kjörinu en fyrir utan íþróttakarl og -konu ársins var flokkur ársins einnig úr sama íþróttafélagi en það var P-1 meistaraflokkshópur Gerplu í hópfimleikum sem varð Norðurlandameistari á árinu.

Fríða er í tíunda bekk og hefur æft fimleika frá því hún var fimm ára. Hún æfir sex sinnum í viku í þrjá og hálfan til fjóra tíma í senn. Hún segist þrátt fyrir það vel hafa tíma til að sinna öðrum hugðarefnum. „Ef maður skipuleggur sig vel er alltaf hægt að finna tíma,“ segir Fríða glaðlega en hún hefur gaman af að vera með vinum sínum og ferðast. Hún segist alls ekki hafa búist við að vera valin íþróttakona ársins en henni þykir það mikill heiður. „Það var alveg frábært að við skyldum vera tvö valin úr fimleikunum,“ segir Fríða sem bauð fjölskyldunni í kaffi í tilefni dagsins. Fríða er að ná sér eftir meiðsli en stefnir nú á að byggja sig upp að nýju og ætlar sér að taka þátt í öllum þeim stórmótum sem í boði eru. Hún segist þó líklega ekki munu gera fimleikana að aðalstarfi enda ætli hún sér í áframhaldandi nám þótt hún hafi ekki enn þá ákveðið hvað það verði.

Viktor er 23 ára og hefur æft fimleika frá fjögurra og hálfs árs aldri. „Ég æfi sex sinnum í viku, tvo og hálfan til þrjá tíma í senn,“ segir Viktor og tekur fram að hann hafi stytt æfingatímann nokkuð eftir áramót þar sem hann er nýlega útskrifaður úr Iðnskólanum og farinn að vinna fulla vinnu sem smiður. „Það er nú þrek út af fyrir sig,“ segir hann glottandi en viðurkennir að erfitt sé að æfa svo mikið með fullri vinnu en vonar að það muni venjast. Viktor stefnir enn lengra í fimleikunum. Draumurinn sé að komast á Ólympíuleikana en úrtökumót fyrir það er ekki fyrr en eftir fjögur ár. „Hvort maður endist svo lengi verður að koma í ljós,“ segir Viktor en næsta markmiðið er að verða meðal 24 efstu á Evrópumóti. *- sgi*



Fríða og Viktor voru kjörin íþróttakona og - karl Kópavogs árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## Nokkrar góðar ástæður til að heimsækja Kópavog





**Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs**
Sími: 570 0400
www.salurinn.is



**Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Sími: 570 0430
www.natkop.is



**Bókasafn Kópavogs**
Sími: 570 0450
Lindasafn, sími: 5640621
www.bokasafnkopavogs.is



**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn**
Sími: 570 0440
www.gerdarsafn.is

Kópavogur
Menning og listir


Sundlaugin í Versölum
Opið:
Sumar Vetur
Virka daga: 6:30-22:30 6:30-22:30
Um helgar: 8:00-22:00 8:00-20:00
Helgidaga: Samkvæmt auglýsingum
SUNDLAUGIN Í VERSÖLUM - SALAHVERFI - S: 570 0480















„Sumum hefur þótt erfitt að rata í Kópavogi en ég get ekki sagt að mér hafi fundist það," segir Þóranna sem hefur horft á bæinn sinn þenjast út. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Hefur allt við höndina

**Þóranna Tómasdóttir Gröndal íslenskufræðingur hefur búið við Hlíðarveg í Kópavogi í yfir þrjátíu ár. Keilir blasir við úr gluggunum og þótt hann sé ávallt sá sami hefur útsýnið mikið breyst frá því hún flutti inn.**

„Þegar við komum hingað, ég og maðurinn minn, Gylfi Gröndal, sem er nú látinn, þá gátu börnin okkar farið hér niður í dalinn í berjamó. Þar var allt óbyggt. Því var mjög mikið frjálsræði fyrir þau að alast hér upp," segir Þóranna brosandi og bendir til suðurs yfir Kópavogsdalinn og hæðirnar handan hans. Hvarvetna getur nú að líta víðáttumikla byggð, íbúðarhús, verslunarmiðstöðvar, turna og vegamannvirki. Spurð hvort Hlíðarvegurinn hafi verið neðsta gatan í suðurhlíðum Kópavogs þegar hún flutti þangað svarar hún: „Nei, Hvammarnir voru byggðir áður. Svo voru komin nokkur hús hér uppi í brekkunni líka en engin niðri í dalnum. Þar voru ræktaðar kartöflur og við leigðum þar garðland í nokkur ár."

Þóranna tekur fram að þegar að sé gætt sé dalurinn enn mjög fallegur því haldið hafi verið eftir ágætu útivistarsvæði nærri læknum sem liðast þar um. Þar séu góðar gönguleiðir, falleg tjörn og fuglalíf. „Svo eru bekkir og lítið tréhús sem hægt er að setjast inn í niðri við vatnið," lýsir hún og kveðst ákaflega vel í sveit sett enda hafi hún allt innan seilingar sem hún þurfi. „Það er allt við höndina, annaðhvort uppi á hæðinni eða niðri í dalnum," bendir hún á og heldur áfram: „Kópavogur er menningarlegur bær með frábæru bókasafni, náttúrufræðistofu, listasafni og tónlistarhúsi og það er gaman að ganga hér upp á hæðina og heimsækja þessi menningarhús. Þar blasir líka við okkar fagra Kópavogskirkja. Hamraborgin varð hins vegar aldrei eins og hún átti að vera því upprunalega var gert ráð fyrir að hún yrði yfirbyggð. En við höfum mikilvægar stofnanir þar í nágrenninu eins og bæjarskrifstofurnar."

Þóranna nýtur þess líka að eiga stutt í vinnu því hún kennir íslensku við Menntaskólann í Kópavogi sem einmitt er uppi á hálsinum eins og Kópavogsskóli þar sem hún byrjaði kennsluna. Hún hefur vitaskuld fylgst með ófáum Kópavogsbúum vaxa úr grasi og finnst það ánægjulegt en skyldi hún fara eitthvað um nýju hverfin; Lindirnar, Kórana, Vatnsendann og Hvörfin? „Já, ég geri það nú," svarar hún glaðlega. „Ég fer oft í Salalaugina bæði í sund og líkamsrækt. Gamla laugin okkar við Borgarholtsbrautina býður upp á það líka og ég fer í þær til skiptis.

Að lokum er Þóranna spurð hvort hún sé ánægð með hvernig Kópavogur hefur þróast.

„Ég er ekki alveg sátt við turnana, mér finnst þeir spilla útsýninu en að öðru leyti er ég ánægð með hvað bæjarfélagið hefur vaxið, hvað það er öflugt og hvað allt gengur vel. Svo höfum við eignast kirkjugarð svo við þurfum ekki lengur að fara úr Kópavogi þegar við deyjum." *- gun*

# Leikarar innrétta leikhúsið

**Leikfélag Kópavogs stendur í stórræðum en síðustu mánuði hafa meðlimir þess verið að innrétta og smíða nýtt leikhús að Funalind 2.**



Gísli Björn og Hörður leggja sitt af mörkum við að klára húsnæði leikfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Kópavogsbær úthlutaði okkur húsnæði í ágúst í fyrra sem við erum núna að innrétta sem leikhús. Þetta verður fyrsta húsnæðið í Kópavogi sem ætlað er til leiksýninga," segir Hörður Sigurðarson, varaformaður Leikfélags Kópavogs. „Við gerðum rekstrarsamning við bæinn og skuldbindum okkur til að sinna ákveðinni starfsemi svo sem setja upp sýningar, vera með barnastarf og fleira. Við sjáum svo um að koma húsinu í stand og gera leikhús úr því. Þetta gengur hægt og bítandi og kostar mikla peninga. Við höfum leitað stuðnings hjá ýmsum aðilum og fengum meðal annars smá styrk frá bænum," segir Hörður en meðlimir félagsins hafa unnið í sjálfboðavinnu við að koma húsinu í stand. „Við fengum arkitekt til að hanna húsið að innan en þar fyrir utan höfum við séð um vinnuna ein. Hér leynist fólk með kunnáttu og þekkingu á fjölmörgum sviðum."

Leiklistarstarfsemin gleymist ekki þrátt fyrir framkvæmdirnar og eru tvær leiksýningar væntanlegar. „Unglingadeildin okkar er að setja upp verk sem heitir Börn mánans og er í leikstjórn Sigurþórs Alberts Heimissonar. Frumsýning er áætluð í nýja húsnæðinu eftir rúman mánuð við frumstæðar aðstæður. Svo er almenna deildin einnig að fara af stað með verkefni undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Það verður frumsýnt í vor, um það leyti sem húsnæðið verður að mestu fullbúið. Ég vil ekki upplýsa strax hvaða verk þetta er en get sagt að það er sótt úr íslenska leiklistararfinum," segir Hörður.

En hverjir eru meðlimir í leikfélaginu? „Þetta eru allra handa kvikindi," segir hann hlæjandi. „Þetta er opið félag og allir sem hafa áhuga geta gerst meðlimir í því. Þetta er áhugaleikfélag sem starfar á föstum grunni." *- mth*


Náttúrufræðistofa Kópavogs
• Sýningarsalir • Fræðsla • Rannsóknir • Ráðgjöf
Sýningarsalir opnir:
Mánudaga – fimmtudaga kl. 10–20
Föstudaga kl. 11–17
Laugardaga og sunnudaga kl. 13–17
Hópum veitt leiðsögn eftir samkomulagi
Pantanir í síma 570 0430
Ókeypis aðgangur
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur
Hamraborg 6 A · Kópavogi · Sími 570 0430 · Fax 570 0431 · www.natkop.is


HORTON sjálfvirkar hurðir
CIBES - CAMA - OTO
& IMEM lyftur
Lyftur og sjálfvirkar hurðir
Oto
sætis
lyftur
Cibes lokaðar
pallalyftur
Engin gryfja
Ekkert lyftuhús
Cama opnar
pallalyftur
Horton sjálfvirkir
hurða opnarar
fyrir allar
sveiflu hurðir
Horton sjálfvirkar
ál rennihurðir,
ýmsar gerðir og
útfærslur
Ri
VERSLUN
Hamarshöfða 1. Sími 511 1122
Myndir og tækniupplýsingar á
www.ri-verslun.is





**● ÉG HEF MJÖG EIN-FALDAN SMEKK**

Í Gerðarsafni stendur yfir sýning á verkum úr eigu hjónanna Sævars Karls Ólasonar og Erlu Þórarinsdóttur. Verkunum hafa þau safnað undanfarin 40 ár og kennir ýmissa grasa í safninu. Þar er til dæmis að finna úrval verka eftir Gunnlaug Blöndal, Kristján Davíðsson og marga af þekktustu samtímalistamönnum þjóðarinnar auk áhugaverðra verka eftir erlenda listamenn. Í þeim flokki eru til dæmis sjaldgæfar litógrafíur eftir Salvador Dalí frá árinu 1971 þar sem hann myndgerir hugmyndir sínar um klæðnað spjátrunga framtíðarinnar.

Á sýningunni gefur einnig að líta röð handunninna veggspjalda sem listamenn hafa gert fyrir sýningar sínar í galleríi Sævars Karls, sem komið var á laggirnar árið 1988. Þessi fjölbreyttu veggspjöld mynda áhugaverða röð, þar sem hægt er að rekja sögu gallerísins allt til upphafsins og fá yfirlit yfir þau fjölbreyttu verk sem þar hafa verið sýnd.

Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út í tengslum við hana. Þar skrifar Guðbergur Bergsson um hlutskipti kaupmanna og málverkasafnara auk þess sem þar má finna ítarlegt viðtal Guðbjargar Kristjánsdóttur við Erlu og Sævar Karl.








EURO NCAP
www.euroncap.com
Fiat Grande Punto
Númer 1 í Evrópu
Frábær bíll – punktur!
• Stíll. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
• Eyðsla. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
• Öryggi. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.
Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.
PI PAR • SÍA • 70589
Fiat Ducato
Fiat Scudo
Fiat Dobló
Fiat Multipla
Fiat Punto
Fiat Panda
Fiat Croma
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

# MAX RAFTÆKI

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# útsölulok á sunnudag

## – verð í frjálsu falli

**Nú fer hver að verða síðastur!**

# 25% aukaafsláttur af völdum vörum

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

skömmuð fyrir að eyða of miklum peningum, ekki ennþá allavega!“

Hún segist líka getað sparað fólki peninga. „Það er oft miklu meiri hagræðing í því að fá arkitekt til að hanna fyrir sig heldur en að gera hlutina sjálfur og þurfa svo að fá hjálp til að laga það. Fyrir fimm árum þótti það lúxus að vera með arkitekt í vinnu hjá sér en núna þykir þetta eðlilegur hlutur.“

Eru arkitektar ekki stundum eins og sálfræðingar? „Jú, það kemur fyrir en mér finnst það bara skemmtilegur þáttur af starfinu. Í gegnum störf mín hef ég eignast mikið af vinum. Það er engin drottnunarárátta í mér þótt ég sé að stýra fólki. Hjón eru oft mjög ósammála og þá er maður á milli og reynir að finna góðar lausnir. Stundum er maður í hlutverki hjónabandsráðgjafa og það er alltaf gaman þegar það kemst niðurstaða í það,“ segir hún og þegar Hanna Stína er spurð að því hvort það hafi aldrei gerst neitt hrikalegt segir hún svo ekki vera. „Það hefur allavega aldrei neinn skilið út af mér,“ segir hún og hlær.

**Að hugsa út fyrir rammann**

Eitt af einkunnarorðum Hönnu Stínu er að hugsa út fyrir rammann. „Það er alltaf gaman að vinna fyrir fólk sem þorir og líka fyrir fólk sem treystir manni skilyrðislaust, þá kemur besta útkoman. Það eru alls ekki allir sem þora. Sumir vilja bara vera hefðbundnir og það er bara gott mál, þá dregur maður úr. En ég reyni alltaf að finna leiðir svo allir verði ánægðir og ég líka.“ Síðustu ár hefur borið mikið á hvítum sprautulökkuðum innréttingum og svörtum borðplötum úr graníti.

Ertu ekkert orðin þreytt á þessu eldhúsútliti? „Bæði og. Það er gott að finna hluti sem einhverjum fjölda líkar og er sáttur við, en persónulega finnst mér fólk hafa farið offari í þessu, þótt fjölföldun sé mesta hrósið fyrir þann sem hannaði upphaflega. Mér finnst svart og alveg snjóhvítt ekki passa sérstaklega vel saman þó að ég hafi hannað flott eldhús sem eru þannig. Ég vil frekar milda hvíta litinn á móti svarta eða nota gráan á móti hvítu eða að nota þriðja efnið með sem dempar þetta aðeins, en það gæti breyst eins og annað,“ segir hún og er alveg komin á flug. Þegar hún er spurð út í næstu tískustrauma yppir hún öxlum. „Þetta er rosalega erfið spurning. Vildi óska þess að ég ætti tímavél og gæti séð fram í tímann. Þá væri ég farsælasti hönnuður landsins. En ég hef á tilfinningunni að bæsaður viður eigi eftir að koma sterkari inn ásamt háglansandi sprautulökkuðum innréttingum í náttúrulegum litum og jafnvel með smá sanseringu. Ég held að þjóðin fari að verða móttækilegri fyrir sterkum litum og ég hef trú á þessu retroútliti í bland við nýtísku hönnun. Ég er samt ekki að tala um kóngabláan à la 1994 heldur hlýrri liti.“

Er þjóðin ekki alltaf að spegla sig í nágrannanum? „Núna vill fólk vera allt öðruvísi en nágranninn. Sumir eru svo langt leiddir að vilja bara vera öðruvísi til að vera öðruvísi. Það er smá munur á þessu tvennu. Þótt ég sé fylgjandi því að hugsa út fyrir rammann þá verður maður stundum að reyna að fá fólk inn í rammann aftur þegar það vill vera svo mikið öðruvísi að það veit ekki lengur hvað það vill. Ég hræðist það að endurtaka sjálfa mig í verkefnum. Ég reyni eins og ég get að koma alltaf með eitthvað nýtt. Ég vil ekki fá þann stimpil á mig að ég sé alltaf að gera það sama.“

*martamaria@365.is*


2


5


3


4

**1** Gullveggurinn er gerður úr dúk sem er vanalega settur sem hljóðeinangrandi efni undir gólfefni, en í þessu tilviki notaður sem veggfóður og límdur beint á vegginn. Skrifborðið er leðurklætt og úr aski.

**2** Óeldhúslegt eldhús úr smiðju Hönnu Stínu, hvítlakkaðar innréttingar og marmari eru í aðalhlutverki. Stólarnir eru eftir India Mahdavi sem er einn af uppáhaldshönnuðum hennar.

**3** Hlýlegt og stílhreint fjölskyldueldhús með eikarinnréttingum og steinborðplötu.

**4** Afgreiðsluborð í versluninni Sence er leðurklætt og í bakgrunninn er fallegt tréverk sem minnir á stulaberg.

**5** Hanna Stína leggur mikið upp úr lýsingu eins og sést á þessu heimili.

MYNDIR/VALLI/VILHELM

# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**GEGGJUÐ TASKA** frá versluninni Kronkron, gengur við nánast hvað sem er. Nauðsynleg í fataskápinn.



**PARTÍSKÓR** Það mun engum leiðast í þessum skrautlegu skóm frá versluninni Kronkron.

# Rómantískt & stelpulegt

Loksins er janúar að ljúka og það tekur heldur betur að birta til. Tískuvöruverslanir eru nú þegar farnar að taka upp vor- og sumarlínur og við erum minnt á það að bjartar sumarnætur eru ekki langt undan í allri sinni dýrð. Vor- og sumartískan hefur oft reynst okkur eybúum í Norður-Atlantshafi óhagstæð, þar sem skærir litir, flegnir kjólir og léttur klæðnaður á ekki alltaf við í íslenskri veðráttu eða hentar ekki einfaldlega íslensku litarafti.

Nú lítur út fyrir að sumarið verði okkur afar hagstætt hvað tískuna varðar þar sem allt virðist vera leyfilegt og litaskalinn er afar breiður en tískan í sumar verður afar fjölbreytt og litskrúðug. Mörgum ólíkum stílum og stefnum er blandað saman á skemmtilegan hátt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Innblásturinn er sóttur víða, þar sem ættbálkar frá Afríku, blómamunstur, gegnsæ efni, hippafílingur, sjóræningjar, rendur og skærir litir koma við sögu þótt fátt eitt sé nefnt. Rauði þráðurinn í gegnum alla þessa strauma er rómantískur og allt að stelpulegur stíll, sem skein í gegn á tískusýningarpöllunum þegar hönnuður kynntu vor- og sumarlínu sína á haustdögum. Virtist þá engu skipta hvort um var að ræða fatnað sem bar með sér áhrif frá sjóliðum eða ættbálkum Afríku.

Ákveðnar endurtekningar gætir í sumartískunni þetta árið enda er ekki alltaf hægt að finna upp hjólið. Það er ekki langt síðan að rendur og áhrif sjóliða og sjóræninga voru áberandi en svo virðist sem kvikmyndirnar „Pirates of the Caribbean“ sé endalaus innblástur fatahönnuða en í vor- og sumarlínu Jean Paul Gaultier mátti glöggt sjá áhrif frá kvikmyndunum en þriðja myndin, „Pirates of the Caribbean: At World's End“, var frumsýnd á síðasta ári. Á þeim óeirða- og umbrotatímum sem ríkja í dag hafa áhrif hippatískunnar verið áberandi allt frá því 9/11 átti sér stað, enda eiga hugsjónir hippanna vel heima í því samfélagi sem við búum í. En í vor- og sumarlínu franska fatahönnuðarins Pierre Balmain eru hippaáhrifin ríkjandi í sniðunum á meðan litirnir sem hann notar eru aftur mýkri og rómantískari. Þrátt fyrir að margir hafi fengið sig nú þegar fullsadda af víðum mussum og blómamunstri þá er óskin um alheimsfrið ekki að detta úr tísku og mun vonandi aldrei gera. Vor- og sumartískan boðar góð fyrirheit, fyrirheit um rómantík í loftinu, alheimsfrið, hnattvæðingu og allt þar á milli.

*bergthora@365.is*



**1** Pierre Balmain vor/sumar 2008
**2** Blómamussa og sjóræningjahálsmen úr Topshop
**3** Carolina Herrera vor/sumar 2008
**4** Jean Paul Gaultier vor/sumar 2008
**5** Triologia







## Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.




**GRAND VITARA frá 2.940 þús.**
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.




**Swift 4X4 1.799 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.




**JIMNY 1.859 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

**SUZUKI SPARNEYTNI**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SUZUKIBILAR.IS · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100**

# heima

*gleði og glysgjörn húsráð*



**KENZO Á MATARBORÐIÐ** Japanski hönnuðurinn Kenzo kom fram á sjónarsviðið þegar hann opnaði fataverslun með hönnun sinni árið 1970. Núna, tæpum fjörutíu árum seinna, skín stjarna hans enn þá skært. Árið 1999 kom hann með heimilislínu á markað en í henni er að finna guðdómleg matarstell, prjónateppi og púða. Því miður eru vörur frá hinum japanska Kenzo ekki í íslenskum verslunum en hægt er að kaupa þær á netinu.
http://www.unicahome.com/

*Stjörnulögmaðurinn Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson á svala skrifstofu með mögnuðum steríógræjum.*

# Skrifstofan er mitt annað heimili

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, héraðsdómslögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur, státar af sérlega smekklegri skrifstofu. Hann er fagurkeri í eðli sínu og skrifstofan er í stíl við það. Hann valdi húsgögnin ásamt konunni sinni, Önnu Lilju Johansen, en þau eru flest fengin frá Casa. Skenkurinn og stóllinn eru frá Poltrona Frau,“ segir Vilhjálmur. Í einu horninu á skrifstofunni er hinn frægi Emes-stóll en hann er með svörtu leðri og svörtum við og er algerlega klæðskerasniðinn inn í rýmið. Þegar hann er spurður að því hvort það sé nauðsynlegt

## „Þegar hurðin er læst og dregið er fyrir gluggana, þá er ég sofandi“

að hafa hægindastól fyrir skjólstæðingana segir hann svo ekki vera. „Ég var fyrst og fremst að hugsa um að skapa notalegt vinnuumhverfi. Þessi stóll er hugsaður fyrir mig, þegar ég les gögn eða fæ mér„powernap“. Þegar hurðin er læst og dregið er fyrir gluggana, þá er ég sofandi,“ segir hann og hlær og bendir á að fólk spái mikið í húsgögnin sem það velur inn á heimilið en gleymi oft vinnustaðnum. „Ég lít fyrst og fremst á þetta sem mína vinnuaðstöðu og mitt annað heimili. Ég vildi hafa notalegt, þægilegt og fallegt í kringum mig en oft er ég upp undir 14 tíma á dag í vinnunni.“ Á skrifstofunni hans Vilhjálms er ekki útvarpsgarmur heldur magnaðar steríógræjur sem eiga sér sögu en hann keypti þær rétt fyrir síðustu aldamót. „Mig vantaði hljómtæki og fékk kunningja minn, Tómas Tómasson tónlistarmann, til að hjálpa mér við valið enda vel ég hljómburð umfram útlit. Ég hringdi í Tomma til að koma með mér að velja græjur miðað við ákveðið „budget“. Hann tók mjög vel í þetta en hann var á þessum tíma að taka upp barnaplötu ásamt Hilmari Erni og Röggu Gísla. Það var þessi hópur sem fór saman á þrjá fyrirfram valda staði og hlustaði á hljóminn í nokkrum tegundum af hljómtækjum og þessar urðu fyrir valinu. Og hljómurinn leynir sér ekki, silkimjúkur, og þegar vel stendur á setur Vilhjálmur bassaboxið í samband. Á dögunum þegar lögmannsstofan hélt innflutningsboð slógu græjurnar alveg í gegn en Vilhjálmur segir þó að einhverjir hafi kvartað yfir tónlistarsmekknum sem þótti helst til of einsleitur og þunglyndislegur á köflum. Hann segist nota hljómtækin mikið og hlusti gjarnan á tónlist meðan hann fer yfir gögn og annað slíkt.

**Hvernig er venjulegur dagur á skrifstofunni?**

„Ég flyt mikið af málum og er því oft í héraðsdómi. Svo eru mikil fundarhöld hér á skrifstofunni eða annars staðar. Einnig er mikið um viðtöl við umbjóðendur og aðra fundi. Síðan þarf að útbúa stefnur og skila greinargerðum. Þá fer einnig mikill tími í bréfaskriftir og gagnaöflun.“ Hann segist ekki fara í hefðbundna matar- eða kaffitíma heldur grípi eitthvað fljótlegt og haldi svo áfram að vinna. Stöku sinnum fer hann og hittir félaga sína í hádegismat. Þegar hann er spurður að því hvað sé mest heillandi við starfið nefnir hann fjölbreytileikann. „Það er frábær andi hér á Lögfræðistofu Reykjavíkur og mjög gaman í vinnunni enda stórskemmtilegt fólk sem hér starfar. Mér finnst líka mjög skemmtilegt að flytja mál. Það er svipuð tilfinning sem grípur um sig og þegar ég var að spila fótbolta í gamla daga, en þegar inn á völlinn er komið þarf að gefa allt í leikinn og það er ekkert annað sem kemst að en sigur. Munurinn er þó sá að úrslitin eru ekki ljós fyrr en að nokkrum vikum liðnum og það veltur á rökstuðningi dómsins hvort maður er sáttur við niðurstöðuna eða ekki.“

martamaria@365.is










**1** Þótt allt sé á sínum stað segist hann ekki vera nema meðalmaður þegar komi að snyrtimennsku, hann hafi tekið sérstaklega til fyrir myndatökuna.

**2** Hann situr gjarnan í Emes-stólnum þegar hann fer yfir gögn eða fær sér „powernap“ til að hressa sig við í önnum dagsins.

**3** Málverkið er eftir Laufeyju Johansen listakonu en hún er mágkona Villhjálms. Á skenknum sóma græjurnar sér vel en þær eru mikið notaðar.

**4** Í góðum félagsskap meistaranna: Kjarval, Steins Steinars, Halldórs Laxness og Ástu Sigurðardóttur. Myndirnar eru allar eftir ljósmyndarann Jón Kaldal.

MYNDIR/VALLI






# ÚTSALA

**Mikið úrval af sófasettum, svefnsófum, stökum sófum, hornsófum o.fl. o.fl.**










Vandaður tungusófi m/áklæði

**Verð nú kr. 179.000.-**

Verð áður kr. 224.000.-




Afar vandað sígilt sófasett 3+1+1

**Verð nú kr. 290.000.-**

Verð áður kr. 390.000.-



## *Julia*

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri
Litir: Brúnt, koníaksbrúnt og ljóst

**Verð m/áklæði nú kr. 198.000.-**

Verð áður kr. 239.000.-

**Verð m/leðri nú kr. 239.000.-**

Verð áður kr. 289.000.-



## *Sígildir stólar*

Afar vandaðir stólar með
dralon plussi

**Verð nú kr. 19.900.-**

## *Slökunarstólar*

í miklu úrvali

Afar vandaður slökunarstóll með
skemli og sterku áklæði eða leðri
Margir litir

**Verð m/áklæði nú kr. 39.000.-**

**Verð m/leðri nú kr. 59.000.-**





## *Borðstofustólar*

í miklu úrvali

Afar vandaður og þægilegur borðstofustóll | Litir: Dökkbrúnt með ljósum eikarfótum

**Verð m/leðri nú kr. 16.500.-**

Verð áður kr. 18.900.-

**Opið laugard. kl.11-16**

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ▪ 568-5375

# bland

*í gær og á morgun ...*

## MUGISON Í KAUPMANNAHÖFN

Ef þú ert á ferð og flugi um helgina og átt leið um Kaupmannahöfn þá skaltu ekki láta Mugison fram hjá þér fara. Hann verður að spila á töffarabarnum Lille VEGA og byrja tónleikarnir stundvíslega klukkan níu. Umhuuu ...



## díana mist

**Aldur:** Rétt skriðin yfir þrítugsaldurinn.
**Hjúskaparstaða:** Einhleyp í tíu mánuði á ári að meðaltali.
**Börn:** Einhvern tímann.
**Starf:** Viðskiptafræðingur.
**Áhugamál:** Líkamsrækt, detox-meðferðir, tíska og hönnun.

**FIMMTUDAGUR 24.JANÚAR**



Ég elska fimmtudaga, helgin liggur í loftinu og stemningin á börum bæjarins er full af ferskleika. Ég skellti mér á B5 eftir vinnu en þar hélt tímaritið Nýtt líf hóf þar sem nýútkomnu tímariti var fagnað. Ég varð að vísu örlítið svekkt þegar veigarnar kláruðust áður en partíið var að enda. Þar voru Guðmundur Steingrímsson, og kærasta hans Alexia Jóhannsdóttir, Hallgrímur Helgason rithöfundur og menningarvitinn Kolbrún Bergþórsdóttir. Þegar ég var farin að finna vel á mér skellti ég mér á Vegamót og fyllti á stuðtankinn. Þaðan héldum við á Ölstofuna sem toppaði kvöldið með leiðindum, ég ákvað því að drífa mig heim áður en ég gerði mig að fífli fyrir framan ritstjórn Viðskiptablaðsins.



**FÖSTUDAGUR 25. JANÚAR**

Ég vaknaði fáránlega þreytt og þrútin, deginum ljósara að Hlölli rétt fyrir svefn er ekki alveg málið. Skellti í mig grænu tei, spírulínatöflum, þremur glösum af eplaediki og máladi yfir bauga og þreytu. Í vinnunni héldu súr msn-samskipti við karlkyns samstarfsfélaga mér gangandi. Sumir eru voða frakkir á msn en þora svo ekki að heilsa manni í matsalnum. Eftir vinnu ætlaði ég að losa mig við 500 kaloríur á hlaupabrettinu en vegna þynnku var það bara sófinn og Dómínós. Hversu aumkunarvert er það?

**LAUGARDAGUR 26. JANÚAR**

Skellti mér í ræktina þegar ég vaknaði og hljóp af mér syndsamlega liferniö. Þaðan lá leiðin á Kaffitár í Bankastrætinu þar sem ég fylgdist með fallega fólkinu. Rithöfundurinn Gerður Kristný sat þar með Kristjáni B. Jónassyni bókaútgefanda og börnum sínum tveimur. Þar var líka Sölvi Tryggvason. Eftir morgunverðinn fór ég á búðarráp og keypti mér örlitla hamingju á útsölum borgarinnar. Um kvöldið hitti ég gömlu vinkonur mínar á Herford steikhúsi. Engir frægir á staðnum fyrir utan sjónvarpsmanninn Gísla „út og suður“ sem naut þar matarins í faðmi fjölskyldunnar. Eftir nokkra mojito og gómsæta nautasteik dró ég þessar vinkonur mínar inn í nútímann á Boston og þar var líf í tuskunum. Vinkonur mínar sem fara varla út úr Garðabænum voru ekki alveg að kaupa Boston og fögnuðu þegar ég stakk upp á því að fara á Ölstofuna. Þar var aðeins meira stuð en á fimmtudagskvöldið. Hjaltlínssöngkonan Sigríður Thorlacius var í miklu stuði með vinkonu sinni, Elsu Maríu Jakobsdóttur Kastljóssdrottningu, og þar sást sömuleiðis glitta í Andreu Gylfadóttur sem virtist vera stödd á vitlausum áratug í svart/hvítum '80-galla. Fyrrverandi elskhugar mínir virtust sömuleiðis hafa tekið sig til og mætt á Ölið í knippum þetta kvöld og ég þurfti að þola nokkrar vandræðalegar augngotur og aumingjaleg hæ. Þegar ég var komin heim óskaði ég þess að ég byggi í stórborg.



## 10 HLUTIR SEM ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR GETUR EKKI VERIÐ ÁN



Ég er alltaf með gloss í töskunni enda getur það komið sér vel þegar þreytan fer að segja til sín þegar líða tekur á daginn.



Ég fer ekkert án gsm-símans míns en hann er mikilvægt samskiptatæki mitt í leik og starfi.



Ég get ekki verið án góðrar bókar og því gegna bækur stóru hlutverki í lífi mínu.



TOPP 10

Mig hafði lengi dreymt um þennan stól en ég keypti hann á síðasta ári. Stóllinn er hönnun frá sjöunda áratugnum og er eftir Finn Juhl. Hann er alveg hrikalega þægilegur og er í miklu uppáhaldi hjá mér og heimilisfólkinu.



Gróður og tré veita mér vissa vellíðan og því eru trén í garðinum mínum mér lífsnauðsynleg.



Svæfillinn minn, en hann fylgir mér hvert sem ég fer af því að ég er ekki hrifin af stórum koddum. Koddaverið er eftir son minn.



Seðlaveskið mitt. Þar geymi ég allt það nauðsynlegasta, Kaffitárs-klippikortið mitt, kreditkortin mín og aðgangskortin mín.



Hárgreiðslumaðurinn Svavar Örn er algerlega ómissandi í mínu lífi en hann sér um hárið á mér.



Skrifborðið. Þetta er skrifborð afa míns, Björns Sveinbjörnssonar, en hann var forstjóri Ofnasmiðjunnar á sínum tíma. Ég er með það í geymslu fyrir bróður minn sem erfði það. Mig grunar að skrifborðið sé íslensk hönnun og hafi verið sérsmíðað fyrir afa minn en í því eru mörg leynihólf.



Kuldastígvélin mín eru óendanlega hlý og eru því algerlega ómissandi þessa stundina í snjónum og slabbinu.

## KLINGENBERG SPÁIR *Vala Matt*

WWWW.KLINGENBERG.IS

# *Ástin í spilunum hjá Völu*

Sjónvarpstjarnan ástsæla Vala Matt er fædd 19. 03. 1953. Klingenberg sér mikinn kraft í kringum Völu og mikla staðfestu. „Vala hefur gríðarlega mikla orku. Hún minnir spámanninn á Snæfellsjökul sem er alltaf á sínum stað og gefur manni kraft þegar maður þarfnast þess. Samkvæmt talnaspekinni er tala Völu fjórir sem gefur henni þennan stöðugleika og ábyrgðarfulla kraft sem á sér engin takmörk. Vala er að fara inn á rosalega gott ár eftir að hafa verið á tölunni fjórum árið 2007 en á þeim tíma var mikið álag á henni en nú mun mikill viðsnúningur eiga sér stað í lífi Völu. Það verður brjálað hjá henni að gera sem endranær og hún mun tengjast mikið útlönd-



um. Ég get ekki betur séð en að það komi maður óvænt inn í líf Völu en hann er af erlendu bergi brotinn. Útkoman úr þessu ástarævintýri verður sérstaklega góð fyrir árið 2009. Ég spái því að þá verði Vala á forsíðu Séð og heyrt með yfirskriftinni „Alltaf jafn glæsileg og ástfangin í Köben“ segir Klingenberg og ítrekar það að árið 2008



verði Völu afar gott. „Vala er að fara inn á tímabil þar sem hún lærir betur að slaka á og leyfir forlögunum að velja sig. Hún mun dveljast mikið erlendis í framtíðinni og er langt frá því að syngja sitt síðasta á skjánum. Með haustinu kemur eitthvað nýtt verkefni til hennar og hún á eftir að slá í gegn eina ferðina enn. Árið 2008 verður ár þar sem óvæntir atburðir eiga eftir að gerast Völu til happs og gleði,“ segir Klingenberg og endar á þessari vísu:

*Hjá Völu verður leiðin ljós,*
*er líða tekur á daginn.*
*Hún mun blómstra þessi rós*
*og ganga allt í haginn.*

LONDON SYMPHONY SÓFINN ER HANNAÐUR

# Í TAKT VIÐ HEIMILIÐ

London Symphony sófinn er bráðsnjöll hönnun og framleiðsla sem kemur frá frændum okkar í Danmörku. Þú getur aðlagað sófann að þínu heimili með því að raða saman ólíkum formum, velja mismunandi áklæði, arma og fætur.



BROS 0040/2008

## FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ UPPSETNINGU

Komdu við í verslun okkar og fáðu aðstoð við uppsetningu á sófa sem hentar þínu heimili







## MÖGULEIKARNIR ERU NÁNAST ÓENDANLEGIROG VERÐIÐ KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART.






PÚÐAR FRÁ DANISH ART WIEVING

SETT

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** LOKAÐ

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400 • WWW.SETT.IS



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
BANG & OLUFSEN
B&O
www.bang-olufsen.com
Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.

## Skemmtanir




**ÖLDURÓT**
Alhliða danstónlist fyrir öll tækifæri. Uppl. í síma 895 9376 og 866 2169.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**Seljum og leggjum parket**
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökkun ofl. á parketi, eigum margar tegundir af gegnheilu parketi til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar o. fl.**
Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Uppl. í s. 660 0139 Ath. Geymið auglýsinguna.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Rýmingarsala. Verslunin hættir! Bónus húsið út á nesi verður rifið bráðlega. Komið og gerið góð kaup á eftirprentunum, ljósmyndum, málverkum og myndum í römmum. Fallegar myndir fyrir heimilið. Allt á að seljast! Allt að 90% afsláttur. Verslunin Hjá Hirti, Suðurströnd 2, Seltjarnarnesi. www.hjahirti.com

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. 28" tv á 10þ. Nýr Eldavélahúfur á 10þ. Þurrkari á 10þ. Ný eldhúsvifta á 5þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Frystikista á 10þ. Bíla CD á 5þ. Bíla hátalarar á 5þ. Glerborð á 5 þ. Glerskápur á 3þ. S. 896 8568.

Lopapeysur, herðasjöl og húfur í kuldanum. Sími 553 2996.



Stórir skór.is hætta 30% afsláttur af öllum dömu skóm í stærðum 42-44 og herra skóm í stærðum 47-50 Opið þriðjudaga til föstudaga kl.16-18,30 laugardaga 11-14 Ásta skósali Súðarvogi 7. S. 553 6060.

Verslunarinnréttingar úr burstuðu stáli og hvítu plexi. Mjög flottar. Einnig borð úr stáli með sýruþvegnu gleri. Allt í fínu standi. Verðtilboð. Þóra í s. 897 7917.

## Óskast keypt

**Gasgrill óskast gefins eða Ódýrt**
Er einhver sem vantar að losna við gasgrillið sitt, eða selja fyrir lítinn pening. Áhugasamir hafið samband í síma 696 4519.

## Hljóðfæri




**Stagg Þjóðlagagítar**
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Verslun




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

Mótaborð 3000-2500x500x21mm á 1.545 kr/m2, m/VSK. Einnig mótatimbur 1x6 og 2x4 óheflað. Uppl. í s: 840-7273 hjá Halldóri og á ulfurinn.is

750 lm af nýju girðingarefni með steyptum undirstöðum, kjörið í kringum byggingasv., verð 4.500 kr stk m/vsk (girðing og steypt undirstaða), uppl. í s. 660 2407, Grétar.

Til sölu 3 WC skúrar, sitthvor eining ca. 1m x 1m, verð 150.000 m/vsk stk. Uppl. í s. 660 2407, Grétar.

Iðnaðarhurðir, hef til sölu 5 stk. Flekahurðir, verð 180.000 kr. stk m/vsk. Um er að ræða 4,7m háar og 3,4m breiðar hurðar með brautum og mótor, innfluttar frá danmörku. Uppl. í s. 866 4643, bjarni.

Libherr byggingakrani 40K, þarfnast lagfæringar, verð 1.200.000 kr. m/vsk, Uppl. í s. 660 2413, Hörður.

Tökum að okkur að grafa grunna. Útvegum allt fyllingarefni og gröfum fyrir lögnum. Fljót og góð þjónusta. Uppl. í s. 893 3915.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun í World Class**
Tek að mér þjálfun einstaklinga og hópa á öllum aldri. Uppl. í s. 868 1777 fhreinsson@hotmail.com

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Viltu heilnudd? Hafðu samband í síma 823 7541.

## Þjónusta

STOÐ
Við styðjum þig

PODO - innlegg 3.-15. febrúar býður Stoð uppá innlegg byggð á PODO aðferðafræðinni. PODO er sænskættuð aðferð fyrir hrygg- og stoðkerfi og fellst í greiningu og sérgerðum innleggjum. Pantið tíma hjá Myriam Steffen í síma 565 2885 Stoð hf. Trönuhraun 8, Hafnarfirði.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Nýl. Sófasett 3+1+1+ koddar Til sölu Kirsub.við. V kr. 29.000. Hafdís 661-7597

Sófi, sjónvarpsskápur, 6 eldhússtólar, 6 borðstofustólar allt úr Miru. Antik 2 x rúm, kommóða & grammarfón. S. 663 3883.

**FLEXA rúm og TYLÖSAND sófi**
FLEXA rúm frá Húsgagnaheimilinu til sölu með dýnu, skúffa með dýnu undir sem hægt er að smella niður löppum og er þá skúffurúmið í sömu hæð og hitt rúmið. Rúmið er úr furu, dýnurnar eru báðar FLEXA. TYLÖSAND sófaeiningar úr IKEA, svart áklæði - letisófi+sófagrind+skemilgrind. Óska eftir tilboðum - er í Kópavogi. Dísa s. 896 0753.

2 ára vel með farinn svefnsófi úr Svefn og heilsu á 15 þ. S. 843 9567.

## Antík

Antik sófasett 3+1+1 til sölu, 50þ. Upplýsingar í síma 6923933/6619133.

## Málverk



Málverk eftir Mundu, Dyrfjöll í Borgarfirði Eystra 40x50. V. 120 þús eða tilboð. Einnig mynd eftir Ásgrím Jónsson. S. 821 4756.

## Dýrahald



Hefur þú séð nýju línuna frá Theo í Dýraríkinu Miðhrauni...? 30% afsl. af eldri línunni frá Theo. Dýraríkið Miðhrauni (við brúna hjá IKEA) Opið alla daga frá 11 - 19 www.theo.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969

Skráningarfrestur á alþjóðlega hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands rennur út föstud. 1. feb. Fimm erlendir dómarar dæma hundana. Skráning og upplýsingar á www.hrfi.is

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

Til sölu flottir Chihuahua hvolpar heilsufarssk., örmerktir og með ættbók. Tilbúnir til afh. S. 897 8848.

Lítill kassavön kettlinga læða fæst gefins. Uppl. í s. 893 0571 e. kl. 14.

Til sölu flottur silky terrier hvolpur. Heilsufarskoðaður, örmerktur, með ættbók. Uppl. í s. 897 9257.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



Til leigu sumarhús af ýmsum gerðum og stærðum í lengri og skemmri tíma. Góð aðstaða til æfinga fyrir kóra og sönghópa bæði í Úthlíðarkirkju og veitingasal. Veitingasala. Gerum hópum föst tilboð. Sjá nánar á www.uthlid.is eða í s. 699-5500

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á ALICANTE SPÁNI FRÁBÆR AÐSTAÐA GOLF, STRÖND OG M.FL. S. 695 1239 WWW.SPANARHUS.COM

Pokoje do wynajecia. Nuomojami kambariai. Simi 892 9295.

**Norðurbakki**
Ný glæsileg 90 ferm íbúð ásamt stæði í bílkjallara á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. Upplýsingar á www.heimahagar.is

Glæsileg 3ja herb íbúð í Hafnarfirði Til leigu glæsileg 3ja herb 98 fm íbúð á góðum stað í Hfj. Nýlega standsett. Búnaður og húsgögn innifalin ef vill. Langtímaleiga. Laus mjög fljótleg. Sjá nánar á Kassi.is

Herbergi í 105 til leigu með húsg., sturtu,þvottav., eldh.krók og adsl. Reyklaust. 30 þ./m. S. 892 6363.

34 ára kk. óskar eftir 2 meðleigjendum í miðbæ kóp. með aðgangi að öllu. Annað herbergið er 10 fm og leigist á 50 þ. hitt er 6 fm á 40 þ. Aðeins reyklausir og reglusamir koma til greina. Fyrirspurnir á e-mail: olafurth@hi.is

5herb 118fm íbúð til leigu á svæði 105 Reykjavík. Leiga 180þ á mánuði 1 mánuð fyrirfram og bankatrygging. Allt nýtt, 2 baðh. Uppl s 861 5701

35 fm. Stúdíóíbúð í 107 til leigu fyrir skilvísan og reglusaman einstakling. Leiga 75 þús með rafmagni og hita. Uppl. í s. 696 6906.

2 herb. 50 fm. Íbúð (107 Rvk) til leigu frá 1 feb - 15 júní. Leiga 100 þús/mán. Uppl. í s. 844 0478.

Til leigu kjallaraíbúð miðsvæðis í Kópavogi. Reglusemi og skilvísi áskilin. Uppl. í s. 864 5920.

Herbergi í 101 Rvk til leigu. 40 þús/mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

## Húsnæði óskast

**Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis**
**Eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Langtímaleig.**
**Uppl. hjá Oddi í síma 847 3860.**

## ÚTSALA - ÚTSALA



**Stúdíó íbúð óskast sem fyrst.**
**Óska eftir að taka á leigu stúdíóíbúð helst með húsgögnum, en ekki skilyrði. Er reglusöm og róleg. Skilvísum greiðslum heitið. Er í traustri vinnu. Greiðslugeta 40-60 þús. Upplýsingar í síma 697 3386**

Óska eftir stórri íbúð miðsvæðis í Reykjavík, fyrir fagmenn sem fyrst. Þarf að vera búin húsgögnum. Uppl. í s. 895 8798.

Óska eftir þægilegu húsnæði sem má hafa gæludýr. Uppl. í s. 863 9469.

## Atvinnuhúsnæði

Meðferðarherbergi til leigu Glæsileg aðstæða í heilsuverndarstöðinni, ýmsir leigumöguleikar. Nálastungur Íslands ehf. 458-9400 og 863-0180

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Þjónustufulltrúi í dreifingardeild**
Dreifingardeild Pósthússins leitar að þjónustufulltrúa. Í starfinu felst meðal annars, símavörun og móttaka ábendinga á dreifingarefni, samskipti við blaðbera og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími er virka daga frá 9-17.
**Nánari upplýsingar gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330 eða í tölvupósti á dagnyr@posthusid.is**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti. Upplýsingar í síma 664 3624.**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir helgarstarfsmönnum í hreinlætistækjadeild í verslun Húsasmiðjunnar Grafarholti. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir starfsmanni í málningardeild. Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Kornið Hrísateig**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 5:30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólkí fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinna í boði ef vill. Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**American style Bíldshöfða**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu í vinnu á flottum stað og sæktu um á americanstyle.is

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum fullt starf. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18. Cafe Bleu, Kringlunni. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum, Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Sölumaður /Ábyrgðarmál**
Nítró óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann í verslun félagsins að Bíldshöfða. Starfið felur í sér að sjá um ábyrgðarmál Nítró auk sölu á mótorhjólum og öðrum tækjum. Einnig almenn sala á fatnaði og aukahlutum. Æskilegt er að viðkomandi hafi tækniþekkingu á vélum og tækjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Vefsíða Nítró**
Nítró óskar eftir hugmyndaríkum og áræðnum starfsmanni til að sjá um vefsíðu Nítró auk vinnu við vörulista og auglýsingar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is

**Útibú Nítró**
Nítró óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni með töluverða þekkingu á mótorhjólum, varahlutum og öðrum vörum þeim tengdum til þess að aðstoða og þjónusta útibú Nítró um allt land. Í því felst m.a. að samræma vöruúrval útibúanna, útstillingar, varahlutaleit og fleira. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Félagsmiðstönin Hvassaleiti auglýsir**
**Óskum eftir góðu og sveigjanlegu fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu í Háaleitishverfi. Vinnutími og starfshlutfall samkomulagsatriði. Upplýsingar gefa Bryndís Torfadóttir og Sigrún Ólafsdóttir í síma 535 2729. Netfang: bryndis.torfadottir@reykjavik.is**

Starfskraft vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

**Ertu hættur að vinna?**
Er próflaus, vantar bílstjóra hluta úr degi. Létt vinna sem skerðir ekki tekjur þínar. Vinsamlegast sendið uppl. á fréttablaðið merkt „Bílstjóri“.

Óskum eftir meiraprófsbílstjórum. Upplýsingar í síma 4149700.

50 kvk óskar eftir framtíðarvinnu, er vön móttöku, símavörslu og léttum skrifstofustörfum. Uppl. í s. 896 6035, Hafdís.

Óskum eftir manni með meirapróf á sendi- og vörubíl. Íbyggð ehf. síma 660 9797.



Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is
...ég sá það á visir.is



## HENDUR.IS

Ráðning stendur yfir í eftirf. stöður: svæðisstjóra, sölufulltrúa, verkstjóra, bónara, liðveislu, hjúkrun, o.fl. www.hendur.is

Vantar vanan lyftaramann í fiskverkun á Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað fljótlega. Uppl. í s. 892 5522.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

## Viðskiptatækifæri

Til sölu lítil heildsala m. gjafavörur. Viðski.samb og viðskiptavinir. Gott verð. Upplýsingar í síma 820 7647.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Jæja stelpur núna er komið að því! Í tilefni afmæli míns í dag hef ég ákveðið að gefa kost á mér á markaðinn aftur. Áhugasamar hafa samband í síma 868 5327

## Einkamál

SVALL AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS



# OPIÐ HÚS

LAUGARDAG KL. 11-15 OG SUNNUDAG KL. 13-15

## TJARNABAKKI 4 OG 8 – NJARÐVÍK







Frum

Glæsilegar 4ra herb. sérhæðir, bílskúr með öllum íbúðum nema einni. Íbúðirnar samanstanda af þremur svefnherb., sjónvarpsholi, stórri stofu og borðstofu. Vandað eldhús og bað. Sérþvottahús og geymsla innan íbúðar. **Vönduð tæki frá AEG. Ísskápur. Uppþvottavél. Þvottavél. Þurrkari. Fallegt parket og flísar. Verð frá 23.4 millj.**

**Nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum Akkurat 898 3474 og hjá Stuðlaberg 864 5464**

**Akkurat**
**FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast.

**STUÐLABERG**
FASTEIGNASALA
**Hafnargötu 29, 2. hæð, Keflavík**
**Símar 420 4000 og 864 5464**
Guðlaugur H. Guðlaugsson lögg.fast.

**Auglýsingasími**
**512 50 50**


– Mest lesið



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

póst húsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is



### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Ásgata 17, 216-7096, 675 Raufarhöfn, Norðurþing, þingl. eig. Björk Baldursdóttir og Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 og Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 7. febrúar 2008 kl. 11:30.

Bakkavegur 9, 216-7726, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 7. febrúar 2008 kl. 13:30.

Héðinsbraut 11, 215-2913, 640 Húsavík, Norðurþing, þingl. eig. Sverrir Yngvi Karlsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, föstudaginn 8. febrúar 2008 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
31. janúar 2008.



1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## AUGLÝSING UM SKIPULAG – HAFNARFJARÐARBÆR

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi við Reykjanesbraut í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Reykjanebraut í Hafnarfirði, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Afmörkun svæðisins: Sá hluti Reykjanesbrautar sem átt er við á þessari tillögu nær frá Áslandi 1. áfanga að Hellnahrauni 1. áfanga.

Breytingin felst í að Reykjanesbraut verði fjögurra akreina á þessu svæði. Ný mislæg gatnamót verða gerð við Krýsuvíkurveg sem tengja saman Reykjanesbraut, Krýsuvíkurveg og Suðurbraut. Stefnt er að meira umferðaröryggi akandi, hjólandi og gangandi vegfarenda. Bætt verði við hljóðmönum og hljóðveggjum til að bæta hljóðstig á þegar byggðum svæðum. Gert er ráð fyrir göngutengingu við Álfaás og á móts við byggðina í Hvaleyrarhrauni, auk gönguleiðar á móts við Hvaleyrarskóla.

Einnig er auglýst breyting á skipulagsmörkum eldri deiliskipulaga:Hvaleyrarholt suð-austur, Hafnarfjörður Hvammar, Ásland 1. áfangi, Selhraun norður og Vellir miðsvæði.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 31. janúar 2008 – 28. febrúar 2008. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en **13. mars 2008**. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"




# Aldrei minni munur!

261.912 notendur á visir.is á meðan 303.560 notendur völdu mbl.is í 4. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



*Samræmd vefmæling á modernus.is í viku 4

# Út í kú kú

**UMRÆÐAN**
Spaugstofan


ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

Ég er einn af þeim sem veltu því fyrir sér hvort nýi borgarstjórinn okkar væri soldið kú-kú. Og ég er alveg örugglega ekki einn á báti. Ég hef svo sem ekki miklar áhyggjur af því að hann klúðri embættisskyldum sínum vegna þess að öfugt við það sem margir halda er þetta borgarstjóraembætti ekkert sérstaklega vandasamt og það erfitt að hægt sé að gera svo miklar skyssur í því. Hann spjarar sig örugglega, læknismenntaður, réttsýnn og flottur, með glæsilega hárgreiðslu og smart. Það er ekki áhyggjuefni, hann klárar sig í því. Það er á öðru sviði sem hann veldur mér áhyggjum. Ég velti því nefnilega fyrir mér hvort hann hafi húmor og hvort hann hafi skilning á því að þó að hann hafi ekki húmor þá geti hann ekki bannað öðrum að hafa húmor. Sem sagt, er hann kú-kú þegar kemur að húmor almennt?

**Fyndið grín**

Eigum við sem vinnum við að skemmta fólki í þessu landi, ekki stór hópur kannski en metnaðarfullur engu að síður, von á því að vera fordæmd og skömmuð af ráðamönnum þjóðarinnar ef þeim finnst við fara yfir strikið? Er staðan sú að við þurfum að gæta okkar á því að stíga ekki á tærnar á valdamönnum? Ef svo er þá velti ég því jafnframt fyrir mér hvort ráðamenn ættu ekki að gefa út leiðbeiningarbækling handa okkur grínistum þar sem því er lýst hvenær við göngum of langt og hvenær ekki.

Þetta er ekki vandamál sem við eigum við gagnvart almenningi, starf okkar gengur nefnilega út á það að vekja hlátur og fá viðbrögð. Ef við segjum lélegan brandara þá hlær einfaldlega enginn og þá er hann ekki sagður aftur. En þetta snýst ekki um það, þetta snýst um hvort ráðamenn landsins sýni okkur þá miskunn að leyfa okkur að grínast. Hversu oft hafa ekki fjölmiðlamenn spurt ráðamenn þjóðarinnar hvort þeim hafi líkað grínið um þá sjálfa, jú, eftir hvert einasta áramótaskaup og nánast hvern einasta Spaugstofuþátt sem bit er í. Who cares? spyr ég. Hvaða máli skiptir hvað þeim finnst? Eru gamanþættir í sjónvarpi ekki ætlaðir almennum borgurum þessa lands?

Það eru alveg örugglega til mörg lönd þar sem mannréttindi, og þar á meðal málfrelsi, er minna en hér á landi en viljum við miða okkur við þau? Þykjumst við ekki vera framarlega á því sviði? Bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi ganga grínistar miklu, miklu lengra í sínu gríni en hér á landi. Ég minnist t.d. þáttarins Spitting image sem gekk í mörg ár í Bretlandi fyrir áratugum síðan þar sem ráðherrar og jafnvel konungsfjölskyldan var skopstæld sem hrikalega ljótar plastdúkkur. Einn af þekktustu ráðherrunum var t.d. aldrei sýndur öðru vísi en slefandi. Og ætli það hafi skemmt fyrir viðkomandi ráðherra? Að sjálfsögðu ekki. Þetta var grín og það skildu allir.

Allir sem ég þekki vita að Spaugstofan er grínþáttur. Ég bara þekki ekki allt þetta fólk sem geysist núna fram á ritvöllinn með vandlætingu að leiðarljósi og gagnrýnir okkar helsta grínþátt í sjónvarpi sem hann væri Silfur Egils eða Sigmundur Ernir. Viljum við virkilega að Spaugstofan fái ekki að vinna sín verk í friði? Hafa þessir frábæru listamenn ekki áunnið sér traust þjóðarinnar í gegnum árin (mér liggur við að segja aldirnar) að verk þeirra fái að njóta sannmælis? Grínið um nýja borgarstjórann var fyndið og leikarinn sem kom inn til þess að leika það hlutverk stóð sig frábærlega. Það er mitt álit og alveg örugglega margra annarra sjónvarpsáhorfenda.

**Frelsi til að grínast**

Varðandi það að það megi ekki gera grín að veikindum fólks þá er það náttúrlega bara fáránlegt bull. Nánast í hverjum einasta þætti Jay Leno (sem er stærsti spjallþátturinn í Bandaríkjunum) tekur hann fyrir veikindi varaforseta Bandaríkjanna og gengur miklu lengra en Spaugstofan hefur nokkru sinni gert. Það að veikindin kunni að vera andleg breytir engu í þessu sambandi. Ef það er einhver sem veit að andleg veikindi eru fullkomlega sambærileg við líkamleg veikindi þá erum það við grínistar, ekki síst Spaugstofumenn, sem erum allir hálfklikkaðir (grín).

Ég hafna því að ráðamenn þjóðarinnar, pokaprestar og velsæmispakk ráði því hvað ég segi og geri. Frelsið mitt til að tjá mig takmarkast af því að ég gangi ekki á frelsi annarra, right? Það hefur ekki nokkur lifandi maður þurft að gráta undan Spaugstofunni, það eru þá krókódílatár. Ég lýsi fullkomnum stuðningi mínum við Spaugstofuna og bið ykkur 99% þjóðarinnar sem hafið húmor að gera slíkt hið sama.

Ég hafna því að menn og konur þessa lands fái ekki frið til þess að fíflast, grínast, djóka og gantast. Ef það á að fara að gera þetta að húmorslausu landi þá er ég fluttur til Vestmannaeyja. Hugsum aðeins áður en við vöðum fram með umvöndun og húmorsleysi. Það getur nefnilega haft áhrif til hins verra. Húmorslaust land er drasl. Það er ómanneskjulegt, kalt og miskunnarlaust. Það er kú-kú.

*Höfundur er grínisti, uppistandari og rithöfundur.*






SÖNGKONAN LISA MARIE PRESLEY ER FERTUG Í DAG

*„Það er mikið álag sem fylgir því að vera dóttir Elvis Presley. Það hefur verið mér þung byrði.“*

***Lisa Marie er einkabarn rokkkóngsins Elvis Presley. Hún er fjórgift og meðal fyrrverandi eiginmanna hennar eru söngvarinn Michael Jackson og leikarinn Nicolas Cage.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 1. FEBRÚAR 1904

## *Íslendingar fengu heimastjórn*

Þennan dag árið 1904 fengu Íslendingar heimastjórn, þingræði var fest í sessi og Stjórnarráð Íslands var stofnað. Ráðherra Íslands fékk aðsetur í Reykjavík, sem varð miðstöð stjórnsýslu.

Hannes Hafstein gegndi fyrstur embætti ráðherra en hann var sýslumaður á Ísafirði og skáld. Embættinu fylgdu meiri völd og ábyrgð en nokkurri stöðu á Íslandi öldum saman. Í sérmálum Íslands tók ráðherrann við því valdi sem danska stjórnin hafði áður. Hannes var ráðherra til ársins 1909 þegar hann varð bankastjóri Íslandsbanka. Hann varð svo ráðherra í annað sinn 1912 og gegndi embættinu til 1914.



Með heimastjórninni hófst mikið framfaraskeið á Íslandi og var það eitt stærsta skrefið í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði. Íslandsbanki tók meðal annars til starfa og fór að veita lán til framkvæmda. Erlent fjármagn streymdi inn í landið, togaraútgerð hófst og sæsími var lagður til landsins. Hús var reist yfir landsbókasafn og drög að háskóla voru lögð fram. Þetta ár kom einnig fyrsti bíllinn til landsins.

Heimastjórnartímabilið stóð til 1. desember 1918 þegar sambandslögin gengu í gildi og Íslendingar fengu fullveldi.

**HANNES HAFSTEIN RÁÐHERRA OG SKÁLD**

## MERKISATBURÐIR

**1935** Áfengisbann á Íslandi er fellt úr gildi. Bannið hafði staðið í tuttugu ár og einn mánuð eða frá 1. janúar 1915. Innflutningur léttra vína var þó heimilaður frá 1922.

**1948** Ríkisútvarpið hefur stuttbylgjusendingar fyrir Íslendinga erlendis. Fyrst í stað var útvarpað í hálfa klukkustund í senn á sunnudögum.

**1946** Norðmaðurinn Trygve Lie er kjörinn fyrsti aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

**1973** Viðlagasjóður er stofnaður til að bæta tjón eftir eldgosið í Vestmannaeyjum.

**2003** Þórólfur Árnason tekur við sem borgarstjóri Reykjavíkurborgar.

## AFMÆLISBÖRN



**Katrín Jakobsdóttir** alþingismaður er 32 ára í dag.



**Drífa hjartardóttir,** fyrrverandi alþingismaður, er 58 ára í dag.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Ragnheiður Hera Gísladóttir,**

andaðist að Hrafnistu í Hafnarfirði hinn 29. janúar síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Sigurður Sigurðsson** **Steiney Halldórsdóttir**
**Hrönn Sigurðardóttir**
**Sigurjón G. Sigurðsson** **Sigrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Jón Björgvin Rögnvaldsson,**

fyrrverandi hafnarvörður,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi Garði, miðvikudaginn 30. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hrafnhildur Jónsdóttir** **Kristján Fredriksen**
**Kristín S. Jónsdóttir** **Guðbjörn Garðarsson**
**Ragnhildur Skjaldar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Laufey Júníusdóttir,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík að kvöldi 29. janúar.

**Jóhanna Þórisdóttir** **Ingiberg Guðbjartsson**
**Guðlaugur Þórisson** **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**Jenný Þórisdóttir** **Guðmundur Hjörleifsson**
**Auður Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir minn, afi, bróðir og frændi okkar,*

**Stefán Jóhann Eggertsson**

frá Steðja, til heimilis að Álfhólsvegi 95,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 29. janúar. Útförin auglýst síðar.

**Eggert Stefán Stefánsson**
**Arnór Darri Eggertsson**
**Guðrún Eggertsdóttir Kaaber** **Edvin Kaaber**
**Sigvaldi Eggertsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Ragna Valgerður Eggertsdóttir**
**og systkinabörn.**



**LJÓSAMEISTARI** Páll hefur lýst upp fjöldann allan af sýningum Þjóðleikhússins síðastliðin fjörutíu ár. Nú er komið að Íslensku óperunni að njóta starfskrafta hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**PÁLL RAGNARSSON:** LJÓSAHÖNNUÐUR TIL 40 ÁRA LÆTUR TIL SÍN TAKA Í ÓPERUNNI

# Lýsir upp svið óperunnar

Páll Ragnarsson hefur verið einn aðalmaðurinn á bak við ljósin í Þjóðleikhúsinu síðastliðin fjörutíu ár. Hann starfaði lengst af sem ljósameistari leikhússins og einn helsti ljósahönnuður þess. Nú hefur hann söðlað um og mun gegna starfi ljósameistara Íslensku óperunnar.

„Ég byrjaði í Þjóðleikhúsinu árið 1966 og þá sem aukamaður á kvöldin. Ég hef svo verið ljósameistari frá árinu 1986, þangað til síðastliðið vor og unnið með frábærum leikstjórum og leikmyndahönnuðum,“ segir Páll. Hann hefur hannað lýsingu fyrir nærri níutíu sýningar og eru það jafnt leiksýningar sem listdanssýningar, söngleikir og óperur. Af þeim má nefna: Vesalingana, Pétur Gaut, Hafið, Gauragang, Þrek og tár, Hamlet, Sjálfstætt fólk og Draum á Jónsmessunótt.

En í hverju felst starf ljósahönnuðar? „Ég lýsi sýningar í samráði við leikstjórann og leikmyndahönnuðinn hverju sinni og bý til stemningu á sviðinu. Ljósin eru meðal annars notuð til að beina athygli áhorfenda að ákveðnum hlutum og segja þau til dæmis: „Líttu hingað! Hér er eitthvað mikilvægt að gerast!“ útskýrir Páll. „Á tómu leiksviði er hægt að búa ýmislegt til með ljósum. Það er til dæmis hægt að gefa áhorfendum tilfinningu fyrir litlu þröngu herbergi en með einni ljósabreytingu er eins og fólk sé komið inn í miðja stórborg. Páll segir ljósin gefa til kynna hvort það sé dagur eða nótt, hvort fólkið sé inni eða úti, hvernig veðrið sé og svo framvegis. „Þau hjálpa líka leikmyndahöfundinum, leikstjóranum og leikurunum að skapa til dæmis dramatíska, létta, ljúfa eða harkalega stemningu.“

Páll segir að lýsing í leikhúsi sé blanda af list, tækniþekkingu og vísindum en að ljósahönnuðurinn þurfi ekki síður að geta beitt hugarflugi og innsæi listamannsins. „Ég er til dæmis undir miklum áhrifum frá málaranum Rembrandt og því hvernig hann notar ljósið, tekur það úr ákveðinni átt og myndar ljós og skugga í meistaraverkum sínum.“ Páll segir hundruð ljóskastara notaða í hverri sýningu. „Meðalfjöldi kastara í leiksýningu á Stóra sviðinu er 250, en fjöldinn getur farið upp í 350. Ljósabreytingar í hverri sýningu eru frá þrjátíu og upp í tvö hundruð í flóknari sýningum eins og til dæmis söngleikjum.“ Ljósunum eru alfarið stýrt með tölvum og semur ljósahönnuðurinn forrit fyrir tölvuna sem stjórnar ljósum á hverri sýningu fyrir sig. Hann situr svo í ljósaklefanum, sem er fyrir aftan salinn, og stjórnar ljósatölvunni meðan á sýningum stendur.

Síðasta verkefni Páls við Þjóðleikhúsið var að lýsa jólasýninguna Ivanov. „Það var mjög skemmtilegt verkefni og gaman að vinna með Baltasar sem er næmur og frábær leikstjóri.“

Fyrsta sýningin sem Páll lýsir í Óperunni er Cosi fan tutte eftir Mozart. Hún verður á fjölunum í byrjun apríl í leikstjórn Ágústu Skúladóttur og hljómsveitarstjórn Daníels Bjarnasonar.

**vera@frettabladid.is**

# Dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar er ávallt haldinn fyrsta föstudag í febrúar og kemur því upp þann 1. febrúar í ár. Það er Flötur, samtök stærðfræðikennara á Íslandi, sem stendur fyrir deginum en markmið hans er tvíþætt. Annars vegar að vekja nemendur og sem flesta aðra til umhugsunar um stærðfræði og hlutverk hennar í samfélaginu, hins vegar að fá nemendur til að koma auga á möguleika stærðfræðinnar og sjái hana í víðara samhengi.

Í ár er Dagur stærðfræðinnar helgaður umferðinni. Stærðfræði kemur víða fyrir í umhverfi nemenda og er umferðin gott dæmi um það. Nemendur þurfa að læra að og æfa sig í að beita þeirri stærðfræði sem þeir kunna í daglegu lífi. Þegar nemendur fást við stærðfræði út frá þema gefast líka góð tækifæri til að þeir geti unnið sjálfstætt, sótt sér upplýsingar og gert rannsóknir á eigin forsendum. Áhugaverðar vefsíður í tilefni dagsins:

http://flotur.ismennt.is
http://www.umferd.is
http://nams.is/



**REIKNAÐ AF KAPPI** Umferðin verður þema á degi stærðfræðinnar í ár.


Nicotinell
Mint 2 mg
NICOTIN
2 mg
24
Þessir styrkja
Krabbameinsfélagið
Nicotinell hjálpar þér að hætta að reykja og
styrkir Krabbameinsfélagið um 20 kr.
af hverri seldri pakkningu
Tvöfaldaðu möguleika þína til að hætta að reykja hvort sem þú kýst tyggjó,
plástra eða mintur og þú styður gott málefni um leið.
Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.






## STUÐ MILLI STRÍÐA Áfram veginn árið um kring

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** VILL SNJÓMOKSTURSMENN Á BANKASTJÓRALAUN



Nokkra undanfarna vetur hef ég velt fyrir mér íslensku veðurfari. Veður hér á landi hefur breyst mikið á fáum árum. Fyrir um fimmtán árum þegar ég var að gera snjókarla og snjóhús norður á Húsavík fannst mér skaflarnir oft ná hálfa leið til himins en nú ná þeir dýpstu manni ekki nema í hné.

Sennilega er þarna á ferðinni samspil betra veðurs og þess að ég hef stækkað á þessum árum sem liðin eru. Til þessara æskudaga hugsa ég með söknuði, þegar fátt var betra en að hamast í snjónum og fara svo inn og hlýja sér við heitt kakóið hjá mömmu eða ömmu.

Það var því ákveðin sælutilfinning um daginn þegar loksins gerði vitlaust veður og snjó fór að kyngja niður. Öll þessi ofankoma vakti mig þó líka til umhugsunar. Maður sér nefnilega ekki alltaf hversu vel er að manni búið og kann ekki nógu vel að meta þá þjónustu sem samfélagið veitir.

Ég er einn þeirra sem ferðast mikið um götur og vegi landsins. Ég bý á Laugum í Reykjadal, geng í skóla á Akureyri og sæki vinnu í Reykjavík. Mér varð því hugsað til þeirra sem vakna fyrir allar aldir til þess að skafa göturnar og þjóðvegina svo við hin getum óhindrað komist leiðar okkar.

Samgöngur eru þrátt fyrir allt góðar á íslandi. Hér býr fátt fólk og dreift og sennilega setjum við höfðatölumet í fjölda þjóðvega á hvern landsmann, eins og reyndar í svo mörgu öðru. Gæta verður þess þegar maður ferðast að vetri, um heiðar í hörðu veðri og slæmu skyggni, að haga akstri varlega. Vegagerðin stendur sig vel og upplýsingagjöf um færð er með því besta sem gerist. Um leið og hægt er vegna veðurs er snjóruðningur byrjaður. Raunar er ótrúlega sjaldgæft að fólk verði veðurteppt þegar tekið er tillit til umfangs vegakerfisins og smæðar þjóðarinnar.

Ég held að maður geti því með glöðu geði notið vetrarveðursins hér á landi, gert snjókarla og keyrt nýrudda vegi af varkárni með bros á vör.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

**Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.**

**Verð frá kr.: 16.900**

www.eirvik.is

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200


DYNAMO REYKJAVÍK
Prófaðu nýjung á **byr.is**:
**Komdu þér**
í fjárhagslegt
form **með Byr**
**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**
Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**
Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.
**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**
Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.
Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag
BYR
SPARISJÓÐUR




**149** kr/kg. áður 298 kr/kg.
Goða saltaðar síður

**150** kr/kg. áður 299 kr/kg.
Goða saltaðir hálsbitar




**534** kr/kg. áður 890 kr/kg.
Nettó saltkjöt - Blandað




**299** kr/kg. áður 449 kr/kg.
Goða saltkjöt - Ódýrt




**1.250** kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Goða grísalærvöðvar piri piri




Tilboðsverð **1.998** kr/kg.
Goða grísalund piri piri

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 31. janúar til 3. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is



**2.590** kr/kg.
Dönsk frosin nautalund

**50% afsláttur**




**197** kr/kg. áður 403 kr/kg.
Ísfugl tex mex vængir

**33% afsláttur**




**685** kr/pk. áður 1.022 kr/kg.
Hákarlalýsisperlur 130 stk

## Frábær orkudrykkur




**199** kr/stk.
Lucozae sport orange

# Stríðshetjur á elliheimili

**Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Hetjur eftir franska leikskáldið Gerald Sibleyras. Í leikritinu segir frá þremur fyrrum hermönnum úr fyrri heimsstyrjöldinni sem búa saman á elliheimili og láta sig dreyma um öðruvísi líf. Leikarar í verkinu eru Sigurður Skúlason, Theodór Júlíusson og Guðmundur Ólafsson.**



HETJUR Aldraðir hermenn sem nota ímyndunaraflið til að stytta sér stundir.

„Leikritið gerist í ágúst árið 1959. Við hittum fyrir þessa þrjá menn sem hafa allir búið lengi á þessu dvalarheimili og sjá ekki fram á að komast nokkurn tímann þaðan, enda eru þeir um áttrætt og veikir á líkama og sál eftir þátttöku sína í stríðinu. Einn þeirra er með sprengjubrot í höfðinu, annar er með ónýtan fót eftir skotgrafarhermennsku og sá þriðji er andlega veikur eftir hrylling stríðsins,“ segir Hafliði Arngrímsson, leikstjóri verksins.

Þrátt fyrir heldur dapurlegt viðfangsefni er hér á ferðinni gamanleikrit sem hefur unnið til fjölda verðlauna sem slíkt. Hafliði segir texta verksins enda einkennast af húmor. „Já, samræður þeirra félaganna eru oft og tíðum afar skondnar. Það mætti því segja að hér sé á ferðinni grátbroslegt verk, enda láta hermennirnir gömlu aðstæður sínar ekki buga sig heldur láta þeir hugann reika og nota ímyndunaraflið óspart. Þeir tala sérstaklega mikið um konur, enda hafa þeir svo áratugum skiptir ekki komist í kast við aðrar konur en nunnurnar sem vinna á heimilinu. Einnig láta þeir sig dreyma um að komast í ferðalag og heimsækja framandi staði. Þannig að þeir eru ekki dauðir úr öllum æðum.“

Við Íslendingar höfum ekki mikla reynslu af þátttöku í stríði og þekkjum því ekki af eigin raun þá kvilla sem hrjá marga fyrrverandi hermenn. Aðstandendur leikritsins fengu til liðs við sig geðlækni sem hefur sérhæft sig í áhrifum stríðs á hermenn til að veita innsýn í hugarástandið sem fylgt getur slíkri reynslu. „Hann hjálpaði okkur að skilja betur það ógurlega andlega álag sem fylgir svona styrjöldum. Því tel ég að leikurunum takist að ljá hlutverkum sínum sannan blæ, þrátt fyrir takmörkuð kynni okkar Íslendinga af stríðshetjum,“ segir Hafliði.

Ljúfsár saga af elliheimili er svosem ekki nýjung í leikhúslífi landsmanna, en leikritið Hetjur kryddar uppskriftina með samviskuspurningum um stríðsrekstur sem þjóðin ætti ótvírætt að láta sig varða þó herlaus sé.

vigdis@frettabladid.is

# Hádegistónar

Fimmtu tónleikarnir í tónleikaröðinni Von103 fara fram í Efstaleiti 7 í hádeginu í dag. Á þeim koma fram þau Dimitri Ashkenazy klarinettuleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Þau flytja verk eftir tónskáldin Jean Françaix og Wolfgang Amadeus Mozart.



ÞÓRUNN ÓSK MARÍNÓSDÓTTIR Kemur fram á tónleikum í hádeginu í dag.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og eru um fjörutíu mínútna langir án hlés. Veitingahúsið Te & kaffi verður með veitingasölu á staðnum. Almennt miðaverð er 2.000 kr., en 1.000 kr. fyrir öryrkja, eldri borgara og námsmenn.

- vþ

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Ívanov eftir Anton Tsjekhov
Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur
örfá sæti laus um helgina
allra síðasta sýning 24/2



Óvægið gamanleikrit
á Smíðaverkstæðinu
„ Leikhúsinu til sóma...
Eitt af þremur bestu
leikverkunum á
stórhöfuðborgarsvæðinu
segir Jón Viðar.“ DV 28/1
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
fös. 1/2 kl. 20 uppselt
lau. 2/2 kl. 16 örfá sæti laus



Konan áður
eftir Roland Schimmelpfenning
Ást og háski í hrollvekjandi aðstæðum
sýn. lau. 2/2 örfá sæti laus
sýningum að ljúka



Skilaboðaskjóðan
eftir Þorvald Þorsteinsson
Ævintýrasöngleikur fyrir alla fjöskylduna
sýn. sun. 3/2 kl. 14 & 17 örfá sæti laus

KRINGLU KRÁIN
Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

GERÐUBERG
www.gerduberg.is



Verið velkomin á opnun ljósmyndasýningarinnar
**Hið breiða holt laugardaginn 2. febrúar kl. 15**
þar sem unglingar eiga stefnumót
við afa sína eða ömmur!
Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir Styrktaraðili: Beco



**Öskupokagerð fyrir krakka á öllum aldri!**
**Laugardaginn 2. febrúar kl. 15-17**
Takið afa og ömmu með og haldið við þessum skemmtilega sið! Allt efni á staðnum!
Umsjón: Lára Magnea Jónsdóttir í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Ókeypis aðgangur!



**Ósvikið öskudagsball á Öskudaginn kl. 14-16**
Kötturinn sleginn úr tunnunni, Jón Víðis sýnir töfrabrögð og hljómsveitin Fjörkarlarnir halda uppi fjörinu! Verðlaun veitt fyrir frumlegasta búninginn!
Í samstarfi við félagsmiðstöðina Miðberg.



**Heimsdagur á Vetrarhátíð**
**laugardaginn 9. feb kl.13-17.**
Fjölbreyttar listsmiðjur frá framandi löndum, sirkussmiðja, skuggaleikhús, dans- og föndursmiðjur fyrir börn og unglinga! Kynnið ykkur dagskrána á www.gerduberg.is



**Allt í plati! Sýning úr söguheimi Sigrúnar Eldjárn**
Kíkið í heimsókn á heimili Málfríðar, mömmu hennar, Kuggs og Mosa! Hver man ekki eftir risablómkálinu og eldflauginni? Sjón er sögu ríkari!
Tekið er á móti hópum. Sími: 575 7707.
Sýningin stendur til 24. febrúar.



**Vissir þú...** að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.
Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is

Salurinn
LAUG 2. FEB. KL. 13
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR
PÉTUR OG ÚLFURINN OG MYNDIR Á SÝNINGU.
MYRKIR MÚSÍKDAGAR
VIKUNA 3.-10.FEB´08
SUN 3. FEB. KL.14 OG KL.17
NOSFERATU (1922)
MÁLÞING OG KVIKMYNDATÓNLEIKAR.
GEIR DRAUGSVOLL, HARMONIKA OG MATTIAS RODRICK, SELLÓ.
MÁN 4. FEB KL. 20
TRIO LURRA
NÝ SAMTÍMATÓNLIST.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# AFMÆLIS TILBOÐ

**VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!**

**FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í TILEFNI 4 ÁRA AFMÆLIS att.is ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!**

## ATT AFMÆLISPAKKI

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer skjár 5ms
- Windows Vista Home Premium

@tt.is *Allt tölvutengt á betra verði*

**99.950**

## TURNUPPFÆRSLA 3

- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

**69.950**

## ACER 22" AL2216WBD

Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

acer **22.950**

## PALIT GEFORCE 8800GT

Palit GeForce 8800GT, 512MB 1,8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 16X Frábært skjákort í leikina

PALIT **24.950**

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICYBOX **21.950**

## SBS580 HÁTALARAR

5.1 Creative SBS580 hátalarkerfi, 5 öflugir hátalarar og öflugt bassabox, 46W RMS

**5.950**

## IP2500 PRENTARI

Canon iP2500 er 2 hylkja ljósmyndaprentari með 4800x1200dpi upplausn Chromalife tækni

Canon **5.950**

## 160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur uptanálig-gjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

**12.950**

## 400GB ICY BOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 400GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

ICYBOX **9.950**

## XILENCE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence afglafi með hljóðlátri 120MM vifta, ATX ver. 2.2

XILENCE **5.950**

## TURNKASSI

CoolerMaster Dominator er einn sá allra flottasti, góð kæling og gott rými

COOLER MASTER **9.950**

## 2GB VINNSLUMINNI

2GB XMS Hágæða vinnslu-minni frá Corsair, DDR2 800MHz, lísfstíðarábyrgð

CORSAIR **5.950**

## MSI ATI RX3850

Öflugt og gott leikjakort frá Ati, 690MHz Core, 256MB 1656MHz DDR3 2x DVI

**16.750**

## ACER ASPIRE 5520-40

- 1.9Ghz AMD X2 Mobile TL-58
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400 GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer **89.950**

## TASKA FYRIR ICYBOX

IcyBox taska fyrir 3.5" harðdiskahýsingar 2 stór hólf með festingum fyrir hýsinguna og snúrur

ICYBOX **1.750**

## SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

SanDisk **4.950**

## SENNHEISER RS120

Frábær þráðlaus heyrnatól með hleðslurafhlöðum og hleðslustandi. Skila ótrúlega góðum hljómgæðum.

SENNHEISER **5.950**

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR **1.950**

## ACER ASPIRE 7720-60

- 2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

acer **139.950**

@tt.is *Allt tölvutengt á betra verði*

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700


VAMPIRE WEEKEND


NADA SURF

## > Í SPILARANUM

Vampire Weekend - Vampire Weekend
The Whigs - Mission Control
SamAmidon - All is Well
Evangelicals - The Evening Descends
Nada Surf - Lucky

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Mars Volta taka Ammæli

Ammæli Sykurmolanna er eitt af ástsælustu rokklögum þjóðarinnar enda það lag sem kom Sykurmolunum á kortið og opnaði gluf-una sem íslenskar hljómsveitir hafa troðið sér inn um á alþjóðamarkað æ síðan. Bandaríska framúrstefnu-rokksveitin Mars Volta setti í vikunni sína útgáfu af laginu á netið hjá Amazon.com. Þetta er gert í tengslum við nýja plötu þeirra, The Bedlam In Goliath, en Ammæli er þó ekki að finna á þeirri plötunni. Lagið er mjög líkt frumútgáfunni með Sykurmolunum fyrir utan að það hefur fengið að liggja um stund í sýrubaði Mars Volta.


**ASSGOTI GÓÐIR** Einar Örn er ánægður með Mars Volta.

„Mér finnst þetta assgoti flott hjá þeim," segir Einar Örn Benediktsson, annar söngvari Molanna. „Ég held að þetta séu hressir strákar og þetta er rosalega vel gert hjá þeim."

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ammæli kemur út með öðrum. „Það er til útgáfa með japönsku söngkonunni Hajime Chitose sem er mjög sérstök og alveg æðisleg," segir Einar. Einnig má geta þess að hljómsveitin Dimma sigraða Sykurmolaábreiðukeppni Rásar 2 þegar Sykurmolarnir komu saman aftur árið 2006. Einar Örn segir annað Sykurmola-kombakk ekki vera fyrirhugað – „allavega ekki í bráð".



## > Plata vikunnar

Ghostface Killah - The Big Doe Rehab

★★★★

„Wu-Tang meðlimurinn Ghostface Killah fylgir eftir plötutvennunni Fishscale og More Fish með ágætis plötu sem stenst þó ekki samanburð við meistaraverkið Fishscale." TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Enn eitt kombakkið*

Sala á geisladiskum hefur dregist töluvert saman síðustu fimm ár eða svo, en á sama tíma hefur sala á gömlu góðu svörtu 33 1/3 snúninga vínyl-plötunum aukist jafnt og þétt. Nú er svo komið að það er orðið mjög algengt að gefa nýjar plötur út á vínyl samhliða útgáfu á geisladisk og á mp3-skrám til niðurhals.

Þegar geisladiskurinn kom á almennan markað fyrir rúmlega 20 árum var sérstaklega talað um hvað hljómurinn á honum væri tær og fullkominn, en í dag eru flestir þeirrar skoðunar að geisladisknum hafi ekki tekist að ná þessum hlýja og djúpa hljóm sem einkennir vínylinn. Hljómgæði geisladisksins hafa reyndar batnað mikið, en í staðinn fyrir að nýjungar eins og Audio DVD og SACD nái fótfestu er það gamli vínyllinn sem heillar.


**KOMBAKK** Það er opinbert. Svarta vínylplatan er komin aftur!

Menn eru jafnvel farnir að dásama snarkið og smárispurnar sem einkenna mikið spilaðar vínylplötur.

Enn er sala á vínyl-plötum bara brot af heildarsölu á tónlist. Geisladiskurinn hefur enn yfirburði. Samkvæmt nýlegri grein í Time er hlutur hans á bandaríska markaðnum tæp 90%, sala á MP3-skrám um 10% og sala á vínyl innan við eitt prósent. Í sömu grein er talað um að þar sem vínyllinn seljist að stórum hluta í smáverslunum sem eru utan við söluskráningarkerfi þá sé hlutur hans sennilega nokkuð stærri í heildinni en þessar tölur gefa til kynna. Í Bretlandi er vínyllinn í mikilli uppsveiflu. Ný stórverslun Rough Trade á Brick Lane í Austur-London er t.d. að miklu leyti stíluð inn á vínyl-sölu og talsmenn Virgin Megastore og HMV segja að nýjar plötur með ungum listamönnum eins og Arctic Monkeys og The Raconteurs seljist betur hjá þeim á vínyl heldur en á geisladiskum. Vínylútgáfa hér á landi er mjög lítil, en eins og útgáfa á plötu Sprengjuhallarinnar Tímunum okkar á vínyl sýnir þá eru menn farnir að prófa sig áfram.

Ástæðurnar fyrir endurkomu vínylsins eru nokkrar. Vondur hljómur iPodsins er ein, en önnur er að vínylplatan þykir heillandi hlutur. Umslögin eru stór þannig að myndirnar á þeim njóta sín og vínylplatan sjálf er sveipuð fortíðarljóma.

Maður þarf greinilega að fara að taka gamla vínylsafnið upp úr geymsluklössunum og fjarlægja bókastaflana af plötuspilaranum...

# Popptónlist er besta formið

**Kumpánarnir kátu í ofurstuðsveitinni Hot Chip eru tilbúnir með sína þriðju breiðskífu, Made in the Dark. Steinþór Helgi Arnsteinsson hlýddi á nýjustu afurð Íslandsvinanna.**


**Á FLUGI** Drengirnir fimm í Hot Chip ætla að halda áfram að leggja undir sig poppheiminn með sinni þriðju breiðskífu en hún nefnist Made in the Dark og er væntanleg í plötubúðir í næstu viku.

Hot Chip spilaði fyrst hérlendis á Airwaves-hátíðinni árið 2004, þá nær algjörlega óþekkt. Í dag eru þessir tónleikar með þeim eftirminnilegustu í sögu hátíðarinnar enda greip um sig Hot Chip-æði meðal landans eftir tónleikana. Fyrir utan Ísland þekktu hins vegar fáir sveitina og ef spurt var um Hot Chip í plötubúðum, til dæmis í London, ráku flestir upp undrunarsvip. Þetta var áður en Hot Chip skrifaði undir samning við plöturisann EMI.

### Tilraunakenndari hjá risanum

Fyrsta platan undir merkjum EMI (fyrsta plata Hot Chip, Coming on Strong, var gefin út af Moshi Moshi en seinna endurútgefin af DFA) var The Warning sem naut gríðarlegra vinsælda á árinu 2006, ekki síst fyrir sakir ofurslagarans Over and Over. Engum blöðum er um það að fletta að The Warning var töluvert poppaðri en fyrirrennari hennar. Platan var þó jafnframt mun ágengari og jafnvel tilraunakenndari. Allar ásakanir um að Hot Chip hefði selt sálu sína djöflinum með því að ganga til liðs við EMI áttu þess vegna við engin rök að styðjast.

### Meira lýðræði

Höfuðpaurar Hot Chip hafa frá upphafi verið þeir Alexis Taylor (sá litli) og Joe Goddard (sá þybbni með krullurnar). Hafa þeir tveir yfirleitt séð algjörlega sjálfir um að semja lögin og ráðið því hvernig lögin birtust á plasti. Á tónleikum er lögunum hins vegar breytt mikið því eins og kom fram í viðtali í Fréttablaðinu í fyrra, rétt fyrir tónleika Hot Chip með Björk í Laugardalshöllinni, þá vilja hinir þrír í sveitinni koma fram sínum hugmyndum á tónleikum. Á nýju skífunni, Made in the Dark, fengu hins vegar allir fimm meðlimir Hot Chip að leggja eitthvað til málanna í upptökuferlinu. Goddard og Taylor eru samt sem áður enn aðallagahöfundarnir.

### Vilja gera „Radiohead-plötu"

Í þessu fyrrnefnda Fréttablaðsviðtali kom einnig fram að Taylor og Goddard voru akkúrat á þeirri stundu staddir fyrir framan tölvuna að semja lög fyrir nýja plötu. Átti platan að líta dagsins ljós seint á árinu (2007), samkvæmt Goddard. Sú varð hins vegar ekki raunin en þess í stað fáum við strax í febrúar eina af plötum ársins 2008.

Hot Chip líkar ekkert sérstaklega vel að vera stjórnað af plötufyrirtæki eins og kemur fram í nýjasta hefti Uncut. Sögðust meðlimir sveitarinnar helst vilja gera „Radiohead-plötu" þar sem þeir þyrftu ekki að vera undir þrýstingi frá einum eða neinum.

### Robert Wyatt mikill aðdáandi

Við fyrstu hlustanir virðast Hot Chip drengirnir enn og aftur hafa snarað fram einstakri poppsnilld. Lagasmíðarnar eru fjölbreyttari og áhrif frá ýmsum tónlistarstefnum eru töluvert meira áberandi en áður. Andlegt kæruleysi er enn til staðar í textasmíðunum og piltarnir halda áfram að fjalla um ástina, lífið og tilveruna á alvarlegan hátt með kímnina að vopni. Ekki skrýtið að gamla brýnið Robert Wyatt finnist Hot Chip vera ein besta sveit dagsins í dag og kalli tónlist þeirra „folk-tónlist iðnvæðingarinnar".

„...fyrst á visir.is"

visir.is

...ég sá það á visir.is



# *Þyngstir á Íslandi*

Þungarokkssveitin Celestine, sem segist vera sú þyngsta á Íslandi, gefur á næstunni út frumraunina At The Borders of Arcadia. Sveitin var stofnuð árið 2006 og stóð vinna við plötuna yfir í átta mánuði. Trommari Celestine, Ólafur Arnalds, sem gaf út sína fyrstu sólóplötu á síðasta ári, stjórnaði upptökum á plötunni.

Að sögn gítarleikarans Josephs C. Muscat er bjart framundan hjá Celestine. Meðal annars kemur út erlendis sjö tommu vínylplata síðar á árinu í samstarfi við þýsku sveitina Actress og ætlar Celestine að spila í Danmörku og Þýskalandi til að fylgja henni eftir. „Þetta er bara byrjunin. Við stefnum mjög hátt eins og flestir en við erum alla vega komnir á gott skrið," segir Joseph.


**CELESTINE** Hljómsveitin Celestine gefur á næstunni út sína fyrstu plötu.
MYND/KALLI

At the Borders of Arcadia verður gefin út í Bandaríkjunum hjá litlu plötufyrirtæki sem nefnist Milkweed Records og hjá breska fyrirtækinu Sound Devastation Records. „Ef þú ætlar að fara í þennan geira og stefna á einhvern pening er eins gott að þú verðir einn af þeim stærstu. Við stefnum að því að verða stærri en svona bönd hafa verið hérna heima," segir hann. Celestine stefnir á útgáfutónleika hér heima áttunda febrúar. - fb

# Valentine á Hróarskeldu

**Hljómsveitin My Bloody Valentine, færeyski tónlistarmaðurinn Teitur, sænska sveitin At the Gates og hin bandaríska Yeasayer hafa allar boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina næsta sumar.**


**MY BLOODY VALENTINE** Hljómsveitin My Bloody Valentine spilar á Hróarskeldu í ár.

**My Bloody Valentine er að koma saman eftir langt hlé og eru þetta því góð tíðindi fyrir aðdáendur sveitarinnar. Áður höfðu Radiohead og The Chemical Brothers tilkynnt um þátttöku sína á hátíðinni, sem fer fram dagana 3. til 6. júlí. Nánari upplýsingar má finna á roskilde-festival.is.**



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+
Iceland Express
með ánægju
N1
HVER ER ROKKSTJARNA FRAMTÍÐARINNAR?
Bubbi Morthens fór hús úr húsi, á vinnustaði og í skóla til að finna söngvara í nýja bandið sitt. Afraksturinn er alvöru hæfileikafólk sem syngur á íslensku í spennandi keppni um plötusamning, 3 milljónir og pláss í Bandinu hans Bubba.
Fyrsti þáttur í kvöld kl. 20:40
30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is
m.v. 12 mánaða skuldbindingu
BANDIÐ HANS BUBBA
2 skemmtilegri
LOGI Í BEINNI - í kvöld kl. 20:00
STELPURNAR - í kvöld kl. 21:35
BORAT - í kvöld kl. 22:00

## > Apaótti



Allir hafa sínar fóbíur og **Christina Ricci** er dauðhrædd við apa. Sá ótti skánaði ekki eftir að hún lenti í klónum á simpansa við tökur á myndinni Penelope. Hann læsti krumlunum um vinstra brjóst leikkonunnar og sleppti ekki takinu fyrr en meðleikarar Ricci komu henni til bjargar. „Apar eru klikkaðir," sagði Ricci um reynsluna.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Danir voru slæm fyrirmynd

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir segir að útlendingar hafi löngum verið litnir hornauga á Íslandi og þeir taldir slæmar og spilltar manneskjur.

„Ég held að Danir hafi ekki verið góð fyrirmynd fyrir okkur hvað þetta varðar sem nýlendueigendur. Að eignast nýlendur er ekki góð hugmynd og það skiptir engu máli hverrar þjóðar þú ert," sagði Björk í viðtali við ástralska dagblaðið The Australian.

Björk segir að sjálfstraustið hafi vantað hjá Íslendingum vegna tengsla þeirra við Dani. „Þegar þú ert nýlendubúi í svona langan tíma líður þér eins og annars flokks borgara. Ég er íslensk en ég ferðaðist líka um og blandaði röddinni minni saman við raftónlist. Ég starfaði með útlendingum og ferðaðist mikið," sagði hún.

Björk segist vera íslensk á allan mögulegan hátt en samt hafi hún sem Íslendingur þurft að fara af stað og hitta fólk. „Ég held líka að með alþjóðavæðingunni sé það ekki rétt að hljómur manns endurspegli endilega það sem heimaland þitt hefur fram að færa. Slíkt er ekki til staðar lengur. Lífið í dag er alþjóðlegt, sérstaklega hvað tónlist varðar. Þegar þú hlustar á útvarpið í leigubíl og ferð á indverskan veitingastað og hlustar á indverska tónlist þá ertu að heyra alla flóruna. Ég held að maður geti ennþá verði trúr uppruna sínum og á sama tíma verið manneskja allra þjóða."



**BJÖRK** Björk Guðmundsdóttir segir að útlendingar hafi löngum verið litnir hornauga á Íslandi.

# KVK á nýjum stað

Verslunin KVK opnar á nýjum stað í dag. Þær Íris Eggertsdóttir og Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir hafa flutt sig um sel ofar á Laugaveginn, og opna í dag dyrnar fyrir viðskiptavinum á ný.

„Við höfum haft lokað í svona þrjár vikur, á meðan við vorum að vinna í þessu. Það er svolítið fyrirtæki að flytja heila búð," segir Íris og hlær við. „Við kláruðum eiginlega allar vörur fyrir jólin, þær seldust bara upp. Við ákváðum þá að í staðinn fyrir að sprengja okkur á því að hanna nýjar flíkur í gömlu búðina myndum við bara loka, og fylla þessa nýju í staðinn," útskýrir hún.

Nýja búðin, sem er á Laugavegi 58, verður því full af nýjum vörum þegar hún opnar í dag. Þar verður einnig að finna vinnustofu þeirra Írisar og Kolbrúnar, sem selja eingöngu eigin hönnun í versluninni. „Svo fáum við reyndar bráðum sendingu af japönskum fylgihlutum, skarti og töskum og slíku," útskýrir Íris.

Gömlum og nýjum viðskiptavinum KVK er boðið opnunarteiti í dag á milli 17 og 20.

- sun



**NÝJAR VÖRUR** Íris Eggertsdóttir og Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir hafa fyllt nýju búðina af eigin hönnun. Hún opnar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ethan verður pabbi

Ethan Hawke á von á barni með kærustu sinni, Ryan Shawhughes. Hún var áður barnfóstra barna Hawkes með Umu Thurman, þeirra Maya Ray og Levon Roan. Samband þeirra Hawkes og Shawhughes hófst um ári eftir að hann skildi við Thurman. Talsmaður leikarans segir parið vera yfir sig ánægt, en að þau hyggist ekki tjá sig frekar um gleðiefnið.

Börn Hawkes og Thurman eru nú níu og fimm ára gömul, og sagði leikarinn nýlega að þau væru mesta gleðiefni lífs síns. „Það er eina hlutverkið sem er þannig að ég muni líta á líf mitt sem misheppnað ef ég stend mig ekki í því," sagði leikarinn.



**ÞREFALDUR PABBI** Ethan Hawke á von á barni með kærustunni.

# Britney lögð inn á ný

**Britney Spears var flutt á sjúkrahús aðfaranótt fimmtudags eftir að sálfræðingur hennar hafði samband við lögreglu. Hann gæti farið fram á að söngkonunni verði haldið í meðferð í tvær vikur.**



**LÖGÐ INN Í ANNAÐ SINN** Sálfræðingur Britney Spears óskaði eftir aðstoð lögreglu við að flytja söngkonuna á sjúkrahús eftir að honum fannst hegðun hennar annarleg. Þetta er í annað skiptið í mánuðinum sem Britney er lögð inn.

Lögregla birtist við heimili Britney Spears í Los Angeles aðfaranótt fimmtudags eftir að sálfræðingur söngkonunnar óskaði eftir því að hún yrði flutt á sjúkrahús. Sálfræðingurinn hefur meðhöndlað Spears við geðhvarfasýki, eða bipolar disorder, og ku hafa verið uggandi yfir annarlegri hegðun söngkonunnar og kæruleysislegu aksturslagi. Britney hafði þá lítið sem ekkert hvílst eða sofið frá síðastliðnum laugardegi, að því er fram kemur á tmz.com. Sálfræðingurinn vildi að Britney yrði flutt á sjúkrahús og henni haldið þar á sömu forsendum og fyrr í mánuðinum, að hún væri hættuleg sjálfri sér og öðrum. Henni verður væntanlega haldið í 72 klukkutíma.

Talið er að inngripið hafi verið skipulagt í þaula. Gluggar sjúkrabílsins sem flutti Britney á UCLA-læknastöðina voru huldir og floti lögreglumanna fylgdi bílnum eftir til að koma í veg fyrir ágang ljósmyndara. Talið er að inngripið hafi í raun átt að eiga sér stað sólarhring fyrr en verið frestað.

Heimildir vefsíðunnar tmz.com herma að svo gæti farið að sálfræðingur söngkonunnar fái dómsúrskurð þess efnis að Britney verði haldið í tvær vikur til viðbótar við þá 72 tíma sem innlögnin gildir. Meðan á henni stendur er ekki hægt að skikka sjúklinga til að taka inn lyf gegn vilja sínum. Ef Britney neitar lyfjatöku er því búist við því að sálfræðingurinn fari fyrir rétt, en hann mætti þá gefa sjúklingi sínum lyf næstu fjórtán dagana.

Samkvæmt heimildum tmz.com hélt Britney ró sinni yfir inngripinu en aðstandendur hennar takast hins vegar á. Umboðsmaður hennar og vinur, Sam Lutfi, á í útistöðum við foreldra söngkonunnar, þau Lynne og Jamie, að því er fram kemur á síðunni. Svo virðist sem Britney hafi falið Lutfi að taka læknisfræðilegar ákvarðanir fyrir sig, frekar en foreldrunum, sem eru ekki sátt við þá þróun mála. Að því er fram kemur vinnur Lutfi með læknunum, en Lynne ku hafa verið á móti innlögninni.


GÖTUMARKAÐUR
LAUGAVEGI 91
FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG
VERÐHRUN
...á fatnaði, skóm og fylgihlutum
galleri
laugavegi 91

CENTRUM eva gs skór galleri sautján


# Kate Moss undirbýr brúðkaup á hóteli

Fyrirsætan Kate Moss ku áforma að giftast kærasta sínum, tónlistarmanninum Jamie Hince úr The Kills, á Claridge's hótelinu í London. Til Moss sást þar sem hún sótti brúðkaupsbæklinga á hótelið og í kjölfarið hefur orðrómur þess efnis að hún hyggist ganga í hjónaband í einhverjum af glæsisölum þess farið af stað.

„Kate ljómaði þegar hún kom að sækja brúðkaupsbæklingana. Hún lítur út fyrir að vera elskuð og að það sé vel séð um hana," segir heimildarmaður á hótelinu.

Samband þeirra Moss og Hince hófst í ágúst síðastliðnum, um mánuði eftir að samband Kate og Pete Doherty fór endanlega í vaskinn. Hún og Doherty voru fastagestir á Claridge's hótelinu, sem er á meðal þeirra virtustu í London. Frá því að sambandinu lauk hefur Moss hins vegar tekið Dorchester-hótelið fram yfir gamla staðinn, en hún hélt meðal annars upp á afmælið sitt þar með eftirminnilegum hætti fyrr í mánuðinum. „Fólk hélt almennt að Claridge's hefði verið staðurinn hennar og Pete og að hún myndi ekki snúa aftur, svo þið getið ímyndað ykkur stemninguna þegar hún birtist," segir heimildarmaðurinn.

Heimildir herma að Kate hafi beðið Jamie um mánuði eftir að samband þeirra hófst. Þá mun hún hafa sagt vinum sínum að þau væru trúlofuð.



**Í ÞAÐ HEILAGA** Kate Moss sótti brúðkaupsbæklinga á Claridge's hótelið í London. Talið er að hún og Jamie Hince hyggist ganga í það heilaga.




# Í LAUGARDALSHÖLL 10. JÚNÍ

**MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR, BT AKUREYRI,
BT EGILSSTÖÐUM, BT SELFOSSI OG BT AKRANESI**

TUBORG

BC

B COMPANY

midi.is

Nýtt í bíó

Laugarásbíó Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 og 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 | 10 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE MIST | kl. 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 6 - 9 | 12 |
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10 - 12* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

*KRAFTSÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| UNTRACEABLE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:30 - 5:40 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:30 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 8:30 - 10:30 | 14 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 6:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 4 - 6:10 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:40D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIENS VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| GAME PLAN | kl. 5:45 | L |
| ALVIN OG ÍKOR... ÍSL TALI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10 | 12 |
| THE GAME PLAN | kl. 6 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TALI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| ALIEN VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 | 16 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |

# Tvöfalt hjá Benassy

Ítalski plötusnúðurinn Benny Benassy þeytir skífum á tvennum tónleikum á Broadway á laugardag. Benassi er einn af frumkvöðlum „Electrohouse“-stefnunnar sem hefur verið áberandi í klúbbum víða um heim.

Benassy hefur endurhljóðblandað lög fyrir þekkt nöfn á borð við Outcast, Goldfrapp, Moby og Public Enemy. Fyrri tónleikarnir verða fyrir 16 ára og eldri og hefjast þeir klukkan 20. Þar þeyta Exos og DJ Sindri BM einnig skífum. Síðari tónleikarnir hefjast 00.30 þar sem Exos og Plugg´d koma fram auk Benassy. Miðaverð er 2.500 krónur á hvora tónleika.



**BENNY BENASSY** Ítalinn Benassy þeytir skífum á Broadway.

# Syngja gegn fordómum

Fjöldi hiphop- og R&B-tónlistarmanna kemur fram á styrktartónleikum Félags antirasista sem verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld.

Á meðal þeirra sem ætla að gefa vinnu sína og vekja um leið athygli á málstaðnum eru XXX Rottweiler, Sesar A, Opee, Kenya og DJ Gauti ásamt magadanshópi Kramhússins.

Húsið opnar klukkan 21 og hefjast tónleikarnir klukkutíma síðar. Aðgangseyrir er eitt þúsund krónur og rennur hann óskiptur til Félags antirasista á Íslandi.



**GENGILBEINA Í AKKORÐI** Um 300 manns nýttu sér fríu hamborgarana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Prikið er vinur litla mannsins

**Finni söngvari í Dr. Spock og veitingamaður á Prikinu tók upp á þeirri mögnuðu nýbreytni að gefa öllum sem vildu frítt að borða frá klukkan 10 til 15 í gær.**

„Það voru tvær tegundir af hamborgurum í boði plús gos og við afgreiddum hátt í 300 pantanir á þessum tíma þótt við auglýstum ekki neitt,“ segir Finni á Prikinu, lafmóður við pönnuna. Þar stóð hann sjálfur við annan mann – „það þýðir ekkert annað en að kónginn sjálfur mæti við svona tilefni.“

Finni hyggst endurtaka leikinn hér eftir, síðasta fimmtudag hvers mánaðar. „Það er aldrei að vita hvað verður gefið næst, kaffi og kleina eða bjórkrús, hvað veit maður. Prikið er vinur litla mannsins og það má alveg koma fram að við erum líklega með einn stærsta matseðilinn í 101, um 90 rétti.“



**GEFUR MAT EINU SINNI Í MÁNUÐI** Finni fann upp sjeikinn Bruce Willis.

Maturinn á Prikinu er mikið í amerískum diner-stíl, enda Prikið hálfgerður „diner“. Finni neitar því ekki að dá amerískan mat, enda bjó hann um hríð í landi hamborgarans. „Er ekki nóg af einhverjum brokkolí-kjaftæðis-stöðum hér í miðbænum?“ spyr Finni og telur upp gúmmilaði af matseðli Priksins: „Við erum að kynna nýjan matseðil og þar er meðal annars ný týpa af borgara sem við köllum Sultuborgarann. Svo er glæsilegur réttur sem við köllum Þynnkubanann. Hann samanstendur af Morgunverði meistarans og nýjum sjeik sem heitir Bruce Willis. Í honum er karamellusósa, espressó og Jack Daniels. Þessu fylgir svo verkjatafla og vatnsglas.“

Finni hefur kokkað á ýmsum eðalstöðum eins og á Grillhúsi Guðmundar og Hard Rock Café í gegnum tíðina en tók við rekstri Priksins árið 2003. Hann stóð við pönnuna til að byrja með en segist nú vera orðinn svo rosalega efnaður að hann hefur ráðið aðra í djobbið. Annað kvöld keppir Finni í Laugardagslögunum með félögum sínum í Dr. Spock, en hann neitar því algjörlega að fríu hamborgararnir hafi verið til að múta fólki til að kjósa lagið. „Nei, ég reyni að blanda þessum tveimur Finnum sem minnst saman, Kokk-Finna og Rokk-Finna,“ segir hann og skellir nýjum borgurum á grillið.




FREESTYLEKEPPNI TÓNABÆJAR 2008
Austurbær – 8.febrúar – kr. 700
Kl. 18:00 – 22:00 (húsið opnar kl. 17:00)
Miðasala er á midi.is eða samdægurs í Austurbæ
Keppnin er fyrir alla unglinga í 8., 9. og 10. bekk
Skráning er hafin í síma: 411 5400
Upplýsingar á www.tonabaer.is

TÓNABÆR FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ · ÍTR · Kristall sport

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ekki gleyma jólunum




100 MYNDIR 2500 kr.

**Frábært tilboð á stafrænni framköllun í febrúar.**

Ljósmyndir njóta sín illa í geymslu, sérstaklega ef það er bara hægt að skoða þær á tölvuskjá. Komdu með myndirnar þínar og við sjáum um að færa þær yfir á vandaðan ljósmyndapappír.

**www.hanspetersen.is**

- Laugavegur 178, 105 Reykjavík, Sími 412 1840
- Bankastræti 4, 101 Reykjavík, Sími 412 1810
- Kringlan, 103 Reykjavík, Sími 412 1830
- Smáralind, 201 Kópavogur, Sími 412 1870
- Fjörður, 220 Hafnarfjörður, Sími 412 1820

**HANS PETERSEN**

*Engu gleymt í 100 ár*

## > N1-deild karla aftur í gang

N1-deild karla í handbolta hefur verið í dágóðri pásu síðan fyrir jól sem til kom vegna Evrópumótsins í Noregi. Það er því við hæfi að keppnin fari aftur í gang með stórleik þegar topplið Hauka mætir í heimsókn til Íslandsmeistara Vals í Vodafone-höllina að Hlíðarenda í kvöld kl. 20.00. Liðin mættust einmitt í fyrstu umferð N1-deildarinnar fyrr í vetur í Vodafone-höllinni og þá höfðu Haukarnir betur 20-23 en liðin skildu jöfn, 22-22, að Ásvöllum um miðjan nóvember.



**sport**
sport@frettabladid.is

GARÐAR GUNNLAUGSSON, NORRKÖPING: ÁFRAM HJÁ SÆNSKA LIÐINU ÞRÁTT FYRIR ÁHUGA ANNARRA LIÐA

# *Norrköping setti of háan verðmiða á mig*

Markahrókurinn Garðar Gunnlaugsson verður áfram í herbúðum sænska liðsins Norrköping þrátt fyrir áhuga annarra liða upp á síðkastið.

„Það komu nokkrar fyrirspurnir um mig á síðustu dögunum áður en janúarglugganum var lokað en Norrköping setti í raun of háan verðmiða á mig til að eitthvað gæti orðið úr því,“ sagði Garðar sem verður að öllu óbreyttu samningslaus hjá sænska liðinu í lok næsta tímabils.

„Það má segja að samningaviðræður mínar við félagið séu komnar á klaka eins og er en forráðamenn félagsins hafa eindregið sagst vilja halda mér áfram hjá félaginu. Þjálfari liðsins, sem er reyndar líka yfirmaður knattspyrnumála hjá Norrköping, hefur ennfremur tjáð mér það að hann sé mjög ánægður með mig og hann mun því örugglega reyna að þrýsta á mig að skrifa undir nýjan samning áður en núgildandi samningur rennur úr gildi í lok næsta tímabils. Ég geri mér svo sem alveg grein fyrir því að ég er að taka ákveðna áhættu með



því að skrifa ekki undir nýjan samning, þar sem ég mun ekki geta farið í annað lið á næstunni eftir að janúarglugganum var lokað, en ég ætla mér eðlilega ekki að skrifa undir nýjan samning ef félagið kemur ekki almennilega til móts við kröfur mínar. Svo einfalt er það nú,“ sagði Garðar sem var markakóngur í sænsku 1. deildinni á síðasta tímabili og hlakkar til þess að fá að spreyta sig í efstu deildinni.

„Það er mikill hugur í Norrköping að ná að festa sig í sessi í efstu deildinni í Svíþjóð og félagið er nú þegar búið að fjárfesta í fjórum nýjum leikmönnum fyrir tímabilið. Æfingar standa nú sem hæst og það er fín stemning í mannskapnum og mér líst bara vel á liðið, en mótið sjálft hefst í lok mars. Ég einbeiti mér að sjálfsögðu 100% að Norrköping eins og ég hef jafnan gert síðan ég kom til félagsins og á persónulegum nótum þá hlakka ég mjög til þess að fá að reyna mig í efstu deildinni í Svíþjóð því hún er klárlega mun meira spennandi en 1. deildin. Hvað sem gerist svo eftir tímabilið verður bara að koma í ljós og ég mun skoða mín mál þegar þar að kemur,“ sagði Garðar að lokum.



**TÍMINN HJÁ REAL** Fabio Capello þjálfaði David Beckham hjá Real Madrid í fyrravetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsta landslið Capello:

## Beckham úti í kuldanum

**FÓTBOLTI** Fabio Capello valdi ekki David Beckham í fyrsta landsliðshóp sinn en England mætir Sviss í vináttulandsleik 6. febrúar næstkomandi.

Ítalski þjálfarinn segir þó að Beckham eigi enn möguleika á að spila sinn 100. landsleik en hann muni skoða hann betur þegar Beckham er farinn að spila með LA Galaxy og kominn í leikæfingu, þó svo að hinn 32 ára gamli Beckham segist vera í eins góðri æfingu og mögulegt er eftir að hafa æft með Arsenal upp á síðkastið.

Markvörðurinn Paul Robinson er einnig úti í kuldanum en Capello valdi hins vegar nýliðana Gabriel Agbonlahor og Curtis Davies frá Aston Villa og tók Emile Heskey hjá Wigan aftur inn í liðið. Markverðirnir að þessu sinni eru þeir Chris Kirkland, Scott Carson og David James.

Capello ákvað enn fremur að leyfa Aaron Lennon, Theo Walcott, Joe Hart og David Wheater að spila frekar mikilvægan leik með U-21 árs liði Englendinga en æfingaleik gegn Sviss, en þeir kæmu vissulega til greina síðar. - óój

# Hef ekki áhuga á starfinu

**Sænska handboltagoðsögnin Magnus Wislander segist ekki hafa áhuga á starfi landsliðsþjálfara Íslands en segir að nafni sinn Andersson gæti verið góður kostur fyrir íslenska liðið. Hann hreifst ekki af íslenska landsliðinu á EM.**

**HANDBOLTI** Einn besti handknattleiksmaður Svía frá upphafi, Magnus Wislander, fylgdist vel með íslenska landsliðinu á EM þar sem hann var sjálfur að vinna. Hann var eðlilega ekki hrifinn af íslenska liðinu á mótinu. Aðspurður segist Wislander ekki hafa áhuga á landsliðsþjálfarastarfinu hjá Íslandi en gefur félaga sínum Magnus Andersson, sem HSÍ hefur rætt við um starfið, fín meðmæli.

„Undirbúningur íslenska liðsins fyrir EM gekk greinilega ekki sem skyldi. Ég talaði við Alfreð úti í Noregi og hann var ekki sáttur við hvernig undirbúningurinn gekk. Svo var leikurinn við Svíþjóð mjög mikilvægur og það var erfitt fyrir Ísland að tapa leiknum. Ég veit ekki hvað var að hjá íslenska liðinu í Noregi. Í Þýskalandi var hópurinn mjög samheldinn og liðið barðist alveg gríðarlega. Ég sá ekki þennan sama baráttuanda hjá liðinu í Noregi og það munar svo sannarlega um það.

Svo var Ólafur Stefánsson ekki góður gegn Svíþjóð og mér finnst oft eins og íslenska liðið sé ekki gott þegar Ólafur finnur sig ekki. Fyrir mér var markvarslan ekki endilega aðalvandamálið hjá Íslandi.

Markverðirnir vörðu kannski ekki eins og Kasper Hvidt en þeir voru allt í lagi fannst mér. Það kom mér nokkuð á óvart hversu slakt íslenska liðið var á EM,“ sagði Wislander við Fréttablaðið í gær en hann er að þjálfa sænska liðið Redbergslid um þessar mundir.



**KOMINN Í GEGN** Hinn fjölhæfi Magnus Wislander skorar hér mark gegn Íslandi á EM 2002 án þess að Ólafur Stefánsson fái rönd við reist. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Nafn hans er eitt af þeim sem hafa komið upp í umræðunni síðustu daga í tengslum við landsliðsþjálfarastarf Íslands. Sjálfur segist Wislander ekki vera spenntur fyrir starfinu.

„Ég hef mikið að gera hér í Svíþjóð og er líklega að framlengja samning minn við Redbergslid sem rennur út í sumar. Ég yrði ekkert sérstaklega spenntur ef ég fengi símtal frá HSÍ,“ sagði Wislander sem segir það ekki vitlaust skref hjá HSÍ að kanna hug nafna síns Andersson sem hann spilaði með í sænska landsliðinu til fjölda ára.

„Ég tel að hann sé góður þjálfari. Er með góða taktík og kann að leggja upp leiki gegn sterkum andstæðingum. Hann ætti vel að geta gert fína hluti með íslenska landsliðið færi hann þangað,“ sagði Wislander. henry@frettabladid.is



**SPENNTUR** Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, vonast til að nýju Brasilíumennirnir styrki liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brassar í reynslu hjá Þrótti:

## Gott krydd í okkar hóp

**FÓTBOLTI** Lið Þróttar í Landsbankadeild karla fær til sín tvo Brasilíumenn til reynslu. Það gæti því orðið brasilískur sambabolti hjá Þrótti í sumar.

„Við fórum í heimsókn til Danmerkur í haust og komust þar í kynni við brasilískan umboðsmenn og báðum þá að skoða ákveðin mál fyrir okkur. Þeir töldu sig vera búnir að finna karaktera sem voru tilbúnir að koma til Íslands,“ segir Gunnar Oddson, þjálfari Þróttar, en leikmennirnir sem um ræðir eru 25 ára sóknarmaður og 24 ára örvfættur kant- eða miðjumaður.

„Þeir Brasilíumenn sem voru að spila í Danmörku og komu í gegnum þessa sömu umboðsmenn voru mjög góðir og þess vegna urðum við svona spenntir að hitta þá og athuga hvort þeir gætu skoðað eitthvað fyrir okkur. Þegar mennirnir fást ekki hér þá þarf að finna þá einhvers staðar annars staðar. Við reyndum að manna liðið með íslenskum spilurum en það gekk ekki alveg,“ sagði Gunnar sem bíður spenntur eftir komu Brassanna. „Þetta verður örugglega gott krydd í okkar hóp,“ sagði hann í léttum tón að lokum. - óój

N1 N1 DEILD KARLA
Föstudagur 1. febrúar
Valur - Haukar
Vodafone höllin kl. 20.00

Iran Fajr 2008 badmintonmótið hefst á morgun í borginni Teheran:

# Ragna kom til Írans í nótt

**BADMINTON** Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir kom til Írans í nótt eftir sextán tíma ferðalag. Ragna er í þriðja sæti á styrkleikalista mótsins sem þýðir að hún er talin líkleg til að komast í undanúrslit á mótinu.

Mótið, Iran Fajr, er mjög sérstakt að því leyti að keppni karla og kvenna er skipt algerlega í tvennt, það er karlarnir og konurnar keppa ekki á sama stað. Þar sem konurnar keppa má enginn karlmaður koma inn og eru því allir dómarar og starfsmenn konur.

Í fyrstu umferð mætir Ragna Achinimeshika Rathnasiri Kapuru Mudiyanselage frá Srí Lanka en lítið er vitað um getu hennar. Vinni Ragna hana í fyrstu umferð bíður líklega heimamaður frá Íran í annarri umferð. Komist Ragna í átta liða úrslit er von á mjög sterkum andstæðingi, annaðhvort stúlku frá Malasíu eða Simone Prutsch frá Austurríki sem er númer 68 á heimslistanum.

Alþjóða badmintonsambandið (BWF) gaf út nýjan heimslista í gær og þar er Ragna enn í 53.sæti listans og í 19. sæti Evrópubúa. Eftir mótið í Íran keppir hún á Evrópumóti landsliða og svo á mótum í Austurríki, Króatíu og Portúgal. - óój



**LANGT FERÐALAG** Ragna Ingólfsdóttir er komin alla leið til Írans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## ÚRSLITIN Í GÆR

*N1-deild kvenna:*

Stjarnan-Grótta 29-25 (14-13)
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Ásta Björk Agnarsdóttir 6 (7), Sólveig Lára Kjærnested 6 (8), Alina Petrache 6 (9), Birgit Engl 4 (6), Elísabet Gunnarsdóttir 3 (4), Arna Gunnarsdóttir 2 (4), Þorgerður Atladóttir 1 (2), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (3).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 24/1 (48/5), 50%, Helga Vala Jónsdóttir 1 (2/1), 50%.
**Hraðaupphlaup:** 6 (Sólveig 3, Alina, Ásta, Birgit).
**Fiskuð víti:** 0
**Utan vallar:** 2 mínútur.
**Mörk Gróttu (skot):** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 9/4 (15/5), Auksé Vysniauskaité 5 (10), Pavla Plaminkova 4 (6), Karlólína Gunnarsdóttir 3 (7), Arndís María Erlingsdóttir 2 (4), Ingibjörg Jónsdóttir 1 (2), Ragna Karen Sigurðardóttir 1 (4).
**Varin skot:** Íris BJörk Símonardóttir 12 (41), 29%.
**Hraðaupphlaup:** 2 (Arndís, Ragna).
**Fiskuð víti:** 5 (Auksé 4, Ingibjörg).
**Utan vallar:** 2 mínútur.

Fram-FH 29-22 (14-10)
**Mörk Fram (skot):** Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 8 (10), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 7/1 (11/1), Pavla Nevarilova 6 (7), Anett Köbli 3/2 (6/2), Sara Sigurðardóttir 2/1 (5/1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (1), Marthe Sördal 1 (5).
**Varin skot:** Kristina Matuzeviciute 15 (32/2, 47%),Karen Einarsdóttir 2 (7, 29%)
**Hraðaupphlaup:** 13 (Pavla 4, Guðrún 3, Sigurbjörg 2, Marthe, Ásta, Sara, Anett).
**Fiskuð víti:** 6 (Pavla 3, Eva Hrund Harðardóttir 2, Guðrún).
**Utan vallar:** 8 mínútur.
**Mörk FH (skot):** Ebba Særún Brynjarsdóttir 5 (6), Hildur Þorgeirsdóttir 5 (15), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 4/2 (12/2), Guðrún Helga Tryggvadóttir 3 (5), Gunnur Sveinsdóttir 2 (3), Ingibjörg Pálmadóttir 2 (3), Líney Rut Guðmundsdóttir 1 (1).
**Varin skot:** Gabriela Cristescu 13/1 (38/5, 34%), Sigríður Arnfjörð Ólafsdóttir 1 (5/1, 20%).
**Hraðaupphlaup:** 4 (Ebba 3, Ingibjörg).
**Fiskuð víti:** 2 (Birna Helgadóttir, Guðrún).
**Utan vallar:** 4 mínútur

*Meistaradeildin í körfubolta:*

Lottomatica Roma-Chorale Roanne 67-74
**Jón Arnór Stefánsson** lék sinn fyrsta leik með Roma eftir meiðslin og skoraði 10 stig á 25 mínútur og gaf að auki 2 stoðsendingar. Jón Arnór hitti úr öllum sex vítum sínum en öll þriggja stiga skot hans fóru forgörðum.

Stjarnan lagði Gróttu 29-25 og Fram vann FH 29-22 í N1-deild kvenna í gær:

# Stjarnan upp í annað sætið

**HANDBOLTI** Stjarnan vann Gróttu 29-25 í N1-deild kvenna í Mýrinni í gærkvöldi en náði ekki að minnka forskot Fram á toppnum þar sem Safamýrarstúlkur unnu öruggan sigur á FH á sama tíma. Sigurinn kom þó Stjörnunni upp fyrir Val í annað sæti deildarinnar.

Það voru gestirnir í Gróttu sem byrjuðu leikinn betur og skoruðu fyrstu tvö mörkin. Stjörnustúlkur komust þó fljótt inn í leikinn og þær voru komnar í forystu 4-3 eftir rúmar tíu mínútur. Stjarnan hélt áfram og staðan var orðin 9-6 eftir tæpar tuttugu mínútur en þá komu þrjú mörk frá Gróttu í röð og staðan því jöfn 9-9. Eftir það skiptust liðin á að skora og allt stefndi í að jafnt yrði í hálfleik þegar Stjörnustúlkan Alina Petrache skoraði glæsilegt mark úr síðasta skoti fyrri hálfleiks og staðan 14-13. Florentina Stanciu fór á kostum í marki Stjörnunnar í fyrri hálfleik og varði sautján en það varð Gróttu til happs að liðið náði mörgum sóknarfráköstum eftir að Stanciu hafði varið.

Grótta byrjaði síðari hálfleik eins og þann fyrri með því að skora tvö fyrstu mörkin. Eftir það komu Stjörnustúlkur til baka og staðan var jöfn 16-16 þegar skammt var liðið á hálfleikinn en eftir það seig Stjarnan smátt og smátt fram úr. Staðan var orðin 23-19 fyrir Stjörnuna þegar rúmar stundarfjórðungur var liðinn af síðari hálfleik. Í stöðunni 23-20 skoraði Stjarnan svo fjögur mörk í röð og gerði í raun út um leikinn. Lokatölur voru 29-25 og Stjarnan komst með sigrinum upp fyrir Val í annað sætið með 23 stig eftir fimmtán leiki, en Grótta er sem fyrr í fjórða sæti með nítján stig eftir fimmtán leiki.



**NÍU MÖRK EKKI NÓG** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, fyrirliði Gróttu brýst hér í gegnum Stjörnuvörnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Florentina Stanciu fór á kostum í marki Stjörnunnar og varði 24 skot en var bara sæmilega sátt með frammistöðu sína en afar ánægð með tvö stig í leiknum. „Mér gekk ágætlega í fyrri hálfleik, en maður vill alltaf gera betur. Það var margt í seinni hálfleik sem mátti fara betur hjá okkur og við verðum að spila enn betur í næstu leikjum ef við ætlum okkur einhverja hluti í toppbaráttunni,“ sagði Florentina ákveðin. Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok. „Þetta var lélegur leikur hjá okkur. Mér fannst vörnin og markvarslan vera slöpp hjá okkur stóran part af leiknum og við gáfumst bara upp á lokakaflanum. Við gátum minnkað muninn í tvö mörk en Stjarnan skorar þá fjögur í röð. Ég er mjög vonsvikinn með úrslitin úr þessum leik eftir góðan leik þar á undan en við höldum bara áfram og verðum að koma sterkari til næsta leiks,“ sagði Alfreð.

### Öruggt hjá Framstúlkum

Framstúlkur héldu áfram sigurgöngu sinni í N1-deild kvenna þegar þær unnu sinn sjötta leik í röð í Safamýri í gær. Fram vann þá öruggan sjö marka sigur á FH, 29-22, en Hafnarfjarðarliðið stóð í toppliðinu í fyrri hálfleik en átti aldrei möguleika í þeim síðari.

Framliðið vaknaði þegar FH komst í fyrsta og eina skiptið yfir í stöðunni, 9-10, þegar 12 mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. Framvörnin small, FH skoraði ekki í 14 mínútur og í kjölfarið stakk Fram af. Guðrún Þóra Hálfdánardóttir og Sigurbjörg Jóhannsdóttir áttu afbragðsleik í liði Fram ásamt Pövlu Nevarilovu. - óþ, - óój



**KOMINN AFTUR** Jari Litmanen er mættur á ný í ensku úrvalsdeildina en hann lék áður með Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Hodgson sækir til Finnlands

**FÓTBOLTI** Roy Hodgson, nýráðinn knattspyrnustjóri Fulham, lét til sín taka á leikmannamarkaðnum í gær þegar hann gekk frá samningum við hina finnsku Jari Litmanen og Toni Kallio. Varnarmaðurinn Kallio er 29 ára gamall og kemur frá svissneska liðinu BSC Young Boys en Litmanen er 36 ára og kemur á frjálsri sölu til Fulham.

„Ég er hæstánægður með að Litmanen ákvað að hjálpa okkur í baráttunni á þessu tímabili. Það liggur í augum uppi hvaða eiginleika hann hefur sem fótboltamaður og því lagði ég ríka áherslu á að fá hann til Fulham þrátt fyrir að leikform hans sé ekki 100%,“ sagði Hodgson í samtali við BBC Sports en báðir leikmennirnir léku undir hans stjórn með finnska landsliðinu.

Litmanen er af mörgum talinn besti leikmaður í sögu Finnlands en hann sló í gegn með Ajax í hollensku deildinni áður en hann spilaði til að mynda fyrir bæði Barcelona og Liverpool. - óþ

SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR

RÝMUM FYRIR NÝJUM
VÖRUM

sævar karl.

Bankastræti

## > Ben Affleck

Ben Affleck bað móður sína um hund þegar hann var barn. Mamma hans lét hann fara í göngutúra með gervihund í nokkra daga til þess að sjá hvort hann myndi nenna að sjá um gæludýrið. Eftir fimm daga nennti Ben Affleck ekki lengur að labba með hann og fékk aldrei hundinn sem hann langaði svo í. Ben Affleck leikur í kvikmyndinni Changing Lanes sem er sýnd í Sjónvarpinu kl. 00.20 í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON SÁ GAGNVIRKT SJÓNVARP Á PATREKSFIRÐI.**

# Þegar Charles Bronson kveikti í hveitikökunum

„Asskotans vitleysa," var Gísli Snæbjörnsson, afi minn, vanur að segja þegar eitthvað bar að líta í sjónvarpinu sem skaut skökku við þá möguleika sem raunveruleikinn býður upp á. „Hvað er nú?" sagði Guðrún Samsonardóttir, amma mín, þá jafnan og kom þjótandi úr eldhúsinu. Ef vitleysan atarna var sérlega athyglisverð kom það fyrir að hveitikakan brann sem hún var með á pönnunni. Ég man til dæmis eftir því að hún gleymdi sér yfir Charles Bronson sem skaut heilan flokk manna með fyrrgreindum afleiðingum.

Svona gat það verið mikil upplifun að horfa á sjónvarpið á Patreksfirði á æskudögum. Nú er það alveg sama hversu stórir og flatir sjónvarpsskjáirnir eru og hversu góð sem hljómgæðin eru, ekkert jafnast á við þessa gömlu sjónvarpsupplifun þar sem Charles Bronson og hans líkar fengu skjót viðbrögð



við verkum sínum. Þar sem kapparnir voru farnir að hafa áhrif á heimilislífið í Aðalstræti var engu líkara í huga ungs manns en að þeir væru mættir í stofuna og stæðu andspænis gömlu hjónunum sem fóru ófögrum orðum um vitleysisganginn í liðinu. Þetta var því í raun orðið eins og gagnvirkt sjónvarpsefni þar sem Charles Bronson gat þurft að svara fyrir gjörðir sínar engu síður en Sæmundur í smiðjunni sem var heimagangur hjá þeim hjónum. Að vísu getur spennandi handboltaleikur haft svipuð áhrif þar sem allt fer á hvolf í heimilislífi landsmanna þegar strákarnir okkar standa sig með afbrigðum vel eða illa á stórmótum. Þá eru jafnvel leikmenn spurðir í miðjum leik hvað svona aulasending eigi nú að þýða þótt alltaf sé lítið um svör. Það er hins vegar alveg sama hvernig þeir spila eða hversu góðar sjónvarpsgræjurnar eru; Þeir ná aldrei að kveikja í hveitikökunum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Hollyoaks SIRKUS



▶ **20.00** Logi í beinni STÖÐ 2



▶ **20.10** Útsvar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** The Bachelor SKJÁREINN



▶ **22.00** Mr And Mrs Smith STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Útsvar** Þetta er síðasti þáttur í 16 liða úrslitum í þessum skemmtilega spurningaleik þar sem stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli. Hér eigast við lið Fljótsdalshéraðs og Skagafjarðar
**21.10 Veðmálið** (Reach the Rock) Bandarísk bíómynd frá 1998. Skólastrákur drukknar og vini hans er kennt um hvernig fór. Hann hverfur úr bænum en kemur aftur seinna og gengur berserksgang.
**22.50 Hver er morðinginn?** (Identity) Bandarísk bíómynd frá 2003. Tíu manns sem verða innlyksa á vegahóteli í Nevada eru drepnir einn af öðrum en hver er morðinginn? Leikstjóri er James Mangold og meðal leikenda eru John Cusack, Ray Liotta, Amanda Peet, Alfred Molina og Rebecca De Mornay.
**00.20 Skipt um akrein** (Changing Lanes) Bandarísk bíómynd frá 2002. Lögfræðingur og tryggingasali lenda í árekstri sem hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá báða. Leikstjóri er Roger Michell og meðal leikenda eru Ben Affleck, Samuel L. Jackson, Toni Collette, Sydney Pollack og Amanda Peet. e.
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Dear Frankie**
**08.00 Yu-Gi-Oh! - The Movie**
**10.00 Blue Sky** (e)
**12.00 To Gillian on Her 37th Birthday**
**14.00 Dear Frankie**
**16.00 Yu-Gi-Oh! - The Movie**
**18.00 Blue Sky** (e)
**20.00 To Gillian on Her 37th Birthday**
▶**22.00 Mr. and Mrs Smith.** Gamansöm glæpamynd með stórleikurunum og parinu Brad Pitt og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum.
**00.00 Derailed**
**02.00 American Cousins**
**04.00 Mr. and Mrs. Smith**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love** (115:120)
**10.10 Sisters** (6:22) (e)
**10.55 Joey** (5:22)
**11.20 Örlagadagurinn** (14:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (35:120)
**13.55 Wings of Love** (36:120)
**14.45 Bestu Strákarnir** (13:50) (e)
**15.15 Man's Work** (5:15)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** W.I.T.C.H., Batman, Smá skrítnir foreldrar, Sylvester og Tweety. Leyfð öllum aldurshópum.
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.35 The Simpsons** Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur, ef eitthvað er, aldrei verið uppátækjasamari.
▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.40 Bandið hans Bubba** (1:12) Rokkkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu.
**21.35 Stelpurnar**
**22.00 Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan**
**23.40 Enemy Mine** (Fjandvinir) Spennumynd sem gerist í framtíðinni.
**01.10 Love Rules** Rómantísk mynd.
**02.40 Undisputed**
**04.15 Joey** (5:22)
**04.40 Stelpurnar**
**05.05 The Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Barcelona - Villarreal Spænska bikarkeppnin**
**16.25 Barcelona - Villarreal Spænska bikarkeppnin**
**18.05 Road to the Superbowl 2008** Liðin sem leika til úrslita um Ofurskálina skoðuð í bak og fyrir og leið þeirra í úrslitaleikin rakin. Frábær þáttur sem áhugamenn um NFL mega ekki láta framhjá sér fara.
**19.05 Inside the PGA**
**19.30 Gillette World Sport**
**20.00 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.40 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.05 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni var mótið haldið í AT Park í San Francisco.
**22.00 Heimsmótaröðin í póker**
**22.55 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23.45 Seattle - Cleveland NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Seattle Supersonics og Cleveland í NBA körfuboltanum.

## SÝN 2

**16.30 Arsenal - Newcastle** Útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram þriðjudaginn 29. janúar.
**18.10 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik West Ham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram miðvikudaginn 30. janúar.
**19.50 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.50 Premier League World**
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights**
**23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 Friday Night Lights** (e)
**20.00 Bullrun** (3:10) Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Það eru tólf lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.
▶**21.00 The Bachelor** (5:9) Andy og fjórar af þeim sex stúlkum sem eftir eru heimsækja barnaskóla í Los Angeles þar sem þau láta gott af sér leiða. Andy býður öllum stúlkunum um borð í snekkju og fer síðan á rómantísk stefnumót með þremur þeirra. Hann á fjórar rósir eftir handa þeim stúlkum sem hann langar til að kynnast betur.
**22.00 Law & Order** (13:24) Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Konu er hrint fram af svölum á þakbúð á flottu hóteli. Briscoe og Green leita morðingjans og komast að því að málið tengist forræðisdeilu. Fyrrverandi sambýliskona fórnarlambsins er á flótta með dóttur sem þær ólu upp saman.
**23.05 The Boondocks** (5:15)
**23.30 Professional Poker Tour** (5:24)
**01.00 C.S.I. Miami** (e)
**01.50 5 Tindar** (e)
**02.40 The Dead Zone** (e)
**03.30 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.15 C.S.I. Miami** (e)
**05.00 C.S.I. Miami** (e)
**05.45 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.40**
**Bandið hans Bubba**



Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokkkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og fellur einn keppandi úr leik hverju sinni þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. Í þessum fyrsta þætti fylgjumst við með því þegar Bubbi leitaði uppi vænlega keppendur á Ísafirði og í Reykjavík.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Borat: Cultural Learninigs of American For..**
**STÖÐ 2 KL. 22**

Kvikmynd um ævintýri hins heimsfræga sjónvarpsmanns Borat. Borat ferðast frá sínu ástkæra heimalandi Kasakstan til Bandaríkjanna til þess að kynnast menningu þar í landi. Borat er örugglega ein geggjaðasta og alfyndasta mynd seinni ára. Aðalhlutverk: Ken Davitian, Sacha Baron Cohen, Luenell. Leikstjóri: Larry Charles.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Förum aðeins lengra- maraþonsögur
**21.10** Flakk
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (114:260)
**16.30 Hollyoaks** (115:260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank** (18:26)
**18.15 Hollywood Uncensored** (20:26)
**▶19.00 Hollyoaks** (114:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (115:260)
**20.00 Skífulistinn** Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank** (18:26) (Hljómsveitarlíf) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**21.15 Hollywood Uncensored** (20:26) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
**22.00 Flight of the Conchords** (2:12) Þættirnir fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn þá fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu 22.30 Numbers (16:24)
**23.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00.Mér finnst**
**21.00 Hvað ertu að hugsa** Guðjón Bergmann skyggnist inn í hugarheim amerísks árangursgúru.
**21.30 Pólitík á föstudagskvöldi** Þingmannaspjall um liðna þingviku.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Rabatten **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Finding Forrester **22.40** Fire i én

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** NM på ski 2008: Sprint kvinner og menn **13.30** 'Allo, 'Allo! **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **15.05** Hannah Montana **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Ida fra Kongleby **17.06** Mamma Mirabelle viser film **17.18** Rorri Racerbil **17.28** Store maskiner **17.34** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.05** Sju historier om rock **23.55** 30 Rock **0.15** Kulturnytt **0.25** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **13.35** Min stora dröm **14.05** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Lady Salsa på Kuba **16.30** Plus **17.00** BoliBompa **17.05** Pozzie **17.10** Stora maskiner **17.15** Riddaren från Pelargonien **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.50** Meka med Knäck **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Charlies änglar **22.05** Årets svenska novellfilm 2008 **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Dubbat **23.25** Sex lektioner i kärlek **1.25** Sändningar från SVT24


Nuddpottaveisla í Bohemia

Nú rýmum við fyrir 2008 árgerðum og bjóðum einstaklega hagstæð verð á 2007 árgerðinni.



Perluhvít skel:
498.000,-
almennt verð 899.000,-

Safírblá skel:
459.000,-
almennt verð 759.000,-

ATH takmarkað magn til á lager

Deluxe Spas nuddpottar
Kanadísk hönnun sem hentar einkar vel íslenskum aðstæðum.
5 kw hitari - 65 stútar - 4 dælur - 6 manna - Aromatherapy
Viðhaldsfrí klæðning - Útvarp og CD
Hitaeinangrandi lok og trappa innifalið í verði



Þeir sem staðfesta pöntun á 2008 árgerð af Deluxe Spas nuddpotti fá 20% afslátt á pottadögum

BOHEMIA
Bohemia - Akralind 4 - sími: 544-2290 - www.bohemia.is
Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er yfirleitt Rás 2. Svo er reyndar mjög vinsælt að setja Rás 1 á í hádeginu. Þá tökum við smá síestu fyrir fréttir, og svo er hlustað á fréttirnar.“*

Hannes Birgisson málari.

# Logi er vinsælasti sjónvarpsmaður landsins

Logi Bergmann Eiðsson er vinsælasti sjónvarpsmaður landsins um þessar mundir. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Fjórtán prósent landsmanna nefna Loga sem sinn eftirlætis sjónvarpsmann. Á hæla Loga fylgir Sigmundur Ernir Rúnarsson, samstarfsfélagi hans af Stöð 2. Tíu prósent landsmanna segja Sigmund sinn eftirlætis sjónvarpsmann. Í þriðja sætinu situr síðan sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri miðvikudaginn 29. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni.

„Ef ég bara vissi það svar,“ segir Logi Bergmann, aðspurður hver sé kúnstin við að vera vinsælasti sjónvarpsmaður landsins. Honum komu úrslitin augljóslega mikið á óvart og sagði að þau glöddu hans litla hjarta.

Athygli vekur í könnuninni að Logi er vinsæll með kvenþjóðarinnar enda oftar en ekki verið kjörinn kynþokkafyllsti karlmaður Íslands. „Pass,“ segir Logi þegar hann er spurður út í kvenhyllina.

Egill Helgason, sem hafnaði í fjórða sæti könnunarinnar, er hins vegar mun vinsælli meðal karlkyns sjónvarpsáhorfenda en kvenkyns en eins og frægt er orðið ákváðu nokkrir femínistar að sniðganga þáttinn þar sem þeim fannst á sig hallað.

Þrátt fyrir að Stöð 2 eigi tvo efstu menn í könnuninni nýtur sjónvarpsfólkið á RÚV augljóslega mikilla vinsælda því Ríkissjónvarpið á sjö af tíu vinsælasta sjónvarpsfólkinu. Athygli vekur litlar vinsældir sjónvarpsfólksins úr Íslandi í dag en engin þeirra kemst á topp tíu listann. Nánar verður fjallað um könnunina í helgarblaði Fréttablaðsins á morgun.

- fgg



**KOM Á ÓVART** Logi Bergmann Eiðsson segir það koma sér á óvart að vera kjörinn vinsælasti sjónvarpsmaður landsins. Samstarfsfélagi hans á Stöð 2, Sigmundur Ernir Rúnarsson, er næstvinsælastur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** í röð **8.** hversu **9.** draup **11.** ógrynni **12.** rusl **14.** ofan á brauð **16.** tveir eins **17.** traust **18.** pota **20.** bor **21.** endaveggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mylsna **3.** eftir hádegi **4.** svelgja **5.** gras **7.** barningur **10.** frostskemmd **13.** sæti **15.** gúlpur **16.** kaðall **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** áb, **8.** hve, **9.** lak, **11.** of, **12.** drasl, **14.** álegg, **16.** tt, **17.** trú, **18.** óta, **20.** al, **21.** gafl.

**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** eh, **4.** svolgra, **5.** sef, **7.** barátta, **10.** kal, **13.** set, **15.** gúll, **16.** tog, **19.** af.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Skólameistarar Iðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans við Ármúla.
2. John McCain.
3. Um það bil 2.000 manns.







RUT KÁRADÓTTIR: DRAUMAVERKIÐ FÉKK EKKI AÐ STANDA LENGI

# Hátt í hundrað milljóna hönnun beint á haugana

„Þetta var algjört draumaverkefni. Eitt mitt stærsta. En ég vil ekki tjá mig um þetta mál að öðru leyti,“ segir Rut Káradóttir innanhússarkitekt.

Fjárfestingarfyrirtæki Kristins Björnssonar, Þórðar Más Jóhannessonar og Magnúsar Kristinssonar, Gnúpur, hefur í kjölfar hremminga sagt upp glæsihúsnæði sem fyrirtækið ætlaði undir starfsemi sína. Um er að ræða þúsund fermetra á 7. hæð í nýju, sérhönnuðu skrifstofuhúsi Þyrpingar sem stendur við Borgartún 26. Rut hefur frá því í febrúar á síðasta ári allt fram í desembermánuð unnið að innanhússhönnun sérstaklega um starfsemi Gnúps. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa farið 800 tímar í þetta tiltekna verkefni. Nú stendur til að Glitnir, sem búið hefur lengi við þröngan kost á Kirkjusandi, flytji hluta starfsemi sinnar í þetta sama húsnæði. Annars konar starfsemi kallar á umturnun húsnæðisins. Fer þá forgörðum gríðarlega kostnaðarsöm hönnun Rutar.

Harpa Þorláksdóttir er markaðsstjóri Þyrpingar. „Við leigjum þetta út og erum bundin trúnaði. Við erum auðvitað með bókhald,“ segir hún aðspurð um kostnað við verkið. En segir hann ekki gefinn upp. Hvar sem Fréttablaðið ber niður virðist mál þetta vera hið viðkvæmasta. Upplýsingar um kostnað liggja ekki á lausu, hvorki hjá verkfræðiskrifstofunni Ferli sem kom að verkinu né hjá Rut. Fréttablaðið leitaði til Tinna Sveinssonar, ritstjóra tímaritsins Húsa og híbýla, og hann segir að þegar um viðurkennda arkitekta sé að ræða og engu til sparað sé kostnaður við hvern fermetra á bilinu 80 til 130 þúsund. Þannig að óábyrgt megi ætla kostnaðinn við húsnæðið um 80 milljónir. „Já, það má kannski segja hátt í hundrað milljónir.“

Hönnun Rutar gekk út á að þeir sem kæmu inn í húsnæði Gnúps fengju aldrei á tilfinninguna að þarna væri um skrifstofuhúsnæði að ræða. Fremur fimm stjörnu hótel eða glæsiheimili. Þannig er mikill arinn á hæðinni, sérhönnuð lýsing, gluggatjöld ... jafnvel salernið er hannað með tilliti til þess að geta talist augnayndi. Húsnæðið er hannað þannig að sama hvar staðið er þá er veisla fyrir augað.

Tinni hefur ekki tekið þetta verk út sérstaklega en segir Rut tvímælalaust einn af topp-innanhússarkitektum landsins. Hún hafi verið gríðarlega vinsæl undanfarin ár og verk hennar spurst vel út. „Hún hefur gert rosalega góð verk. Auðvitað er algjör synd þegar gullmolar sem þessir hverfa. Ég get vel ímyndað mér að Gnúps-skrifstofan hafi verið ein af þeim flottustu á Íslandi. Og get ímyndað mér að þetta sé áfall fyrir Rut. Það er sjaldgæft að hönnuðir fái slíka draumakúnna að þeir geti sprengt öll viðmið. En hvað innréttingar varðar er þetta alltaf hættan. Að það komi nýtt fyrirtæki með nýja starfsemi og þá þarf að rusla öllu út til að það henti starfsemi viðkomandi. Svona gerast kaupin á eyrinni.“

jakob@frettabladid.is



**ÓMETANLEG HÖNNUN** Rósa ljósmyndari lagði linsuna að glugga hurðar og náði að fanga hluta dýrðarinnar en þarna má sjá forláta arin sem skiptir miklu máli fyrir heildarmyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**SÉRHANNAÐ HÚSNÆÐI** Hæð Gnúps, nú hæð Glitnis, er í nýju sérhönnuðu skrifstofuhúsnæði Þyrpingar við Borgartún.



**RUT KÁRADÓTTIR** Hún lagði líf og sál í draumaverkefnið en þarf nú að horfa á eftir því á vit sögunnar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var greint frá því að **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** hefði áminnt tvo skólameistara fyrir að oftelja einingar nemenda. Annar er **Baldur Gíslason** hjá Iðnskólanum og fyrir áhugamenn um ættfræði má þess geta að hann er faðir **Gísla Marteins Baldurssonar**.



Spenna er um hvernig **Karl Ágúst Úlfsson** og þeir Spaugstofumenn bregðast við moldviðri vikunnar eftir síðasta þátt – hvort þeir verði lúpulegir eða ekki. Leynd ríkir um næsta þátt en óljósar sögur herma að þáttKurinn gerist að verulegu leyti á geðsjúkrahúsi.



Reglubundið getur að líta bollaleggingar um stöðu blaða á markaði og sumum þá spáð feigðinni. Síðasti fjölmiðlapistill **Dóra DNA** á DV hefst á dapurlegum nótum: „Það eru allir miðlar, að sjónvarpi undanteknu, að deyja út.“ Og spurt er hvort Dóri viti eitthvað sem ekki hefur verið gert opinbert?



Kvennaþáttur **Ásdísar Ólsen** og **Kolfinnu Baldvinsdóttur** á ÍNN er með látum engu lík. **Lísa Kristjánsdóttir** var gestur nýlega og mátti nema, milli hlátraskalla og „þrjár að tala í einu“, lúmska athugasemd hennar þess efnis, talandi um skipulögð mótmæli á pöllum í ráðhúsi, að þegar mótmælendur mættu var þar fyrir þétt setinn bekkurinn, heldra fólk sem **Kjartan Magnússon** heilsaði með virktum. - jbg



# Peningarnir algjört aukaatriði

Ólafi Geir Jónssyni, sem var Herra Ísland í stutta stund árið 2005 áður en hann var missti titilinn vegna meints ólifnaðar í sjónvarpsþættinum Splash, voru í fyrradag dæmdar 500 þúsund krónur í bætur fyrir að vera sviptur titlinum. „Í stuttu máli þá er ég bæði mjög ánægður með niðurstöðuna og líka með að þetta sé búið,“ segir hann.

En hvað á svo að gera með hálfu milljuna?

„Iss, það eru nú allir að spyrja mig að þessu. Peningarnir eru nú bara algjört aukaatriði,“ segir Óli, svalur á því.

Frá því sjónvarpsferli Óla lauk hefur hann rekið umboðs- og atburðaskrifstofuna Agent.is og heldur einmitt upp á eins árs afmæli fyrirtækisins á Nasa í kvöld. Boðið verður upp á enskan plötusnúð í alhressasta kantinum, Dave Spoon, ásamt íslensku djum, þeim Kidda Ghozt úr Flex Music, DJ Andra Ramirez, DJ Joey D, Frigore og JayArr úr Plugg'd, sem hita kofann. Sami stuðpakki verður í boði á Sjallanum á Akureyri annað kvöld. „Það hefur selst vel á þetta í forsölu,“ segir Óli og spáir góðu geimi. „Það fer eftir stemmingu en ætli Dave byrji ekki svona sirka klukkan tvö.“ Óli segir ekki algjörlega loku fyrir það skotið að hann snúi aftur í sjónvarpið þótt umboðsmennska og partíhald sé ofan á í augnablikinu. „Ég sit nú bara uppi í herberginu mínu alla daga og er að plana árið. Það er til dæmis einn risastór atburður í undirbúningi sem ég vil ekki segja frá fyrr en hann er algjörlega niðurnegldur. Ég læt þig vita.“

- glh



**ÁNÆGÐUR MEÐ NIÐURSTÖÐUNA** Óli Geir er hálfri milljón ríkari.

heima Öndvegi

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, INCANTO, CHATEAU D'AX, CALLIGARIS, HÜLSTA, JENSEN O.FL.



Leður: hvítt

BW-F-1 / Verð áður: 31.000 **nú: 19.800**



Leður: svart/hvítt/brúnt

3053 3+1+1 / Verð áður: 197.700 **nú: 147.700**



Leður: hvítt/svart

SD-4365 / Verð áður: 22.800 **nú: 14.800**

**Opið í dag kl. 10-18, á morgun, laugardag kl. 11-16.**

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**

Þórgunnar Oddsdóttur

# Þvílík vitleysa

Ég er ekki af þeirri kynslóð sem ólst upp í stöðugum ótta við atómbombuna. Þegar ég var í grunnskóla höfðu annars konar heimsendaspár tekið við og fólk var farið að trúa því að mengun af mannavöldum myndi tortíma öllu lífi innan skamms. Eitt árið voru nemendur skólans hvattir til að kaupa stílabækur úr endurunnum pappír og ég minnist óteljandi þemaverkefna þar sem unnið var með mengun og umhverfi. Í einni þemavikunni var ég látin gera listaverk úr rusli sem fannst við þjóðveginn og þegar ég var níu ára samdi ég kraftmikinn ljóðabálk um eyðingu ósonlagsins.

**ALLUR** þessi lærdómur var lengi að síast inn. Það er ekki fyrr en núna sem umræðan um umhverfismálin er farin að hafa áhrif á mig og það ekki í formi aðgerða heldur í bullandi samviskubiti. Ég get ekki lengur borðað hamborgara á McDonalds því mér verður óglatt af því að horfa á allar umbúðirnar og pappaglösin sem fara í súginn og á hverjum morgni þegar ég klöngrast yfir dagblaða- og auglýsingabunkann í forstofunni hugsa ég um eyðingu regnskóganna og fæ sting í hjartað.

**EFLAUST** eiga afkomendur okkar eftir að hrista hausinn yfir sóuninni þegar þeir skoða einnota pappadiska og innpökkuð sogrör og tannstöngla á Þjóðminjasafninu. Það er að segja ef það verða einhverjir afkomendur. Ég hef nefnilega lúmskan grun um að það sé styttra í heimsendi en við höldum. Líklega ekki nema svona mánuður, í mesta lagi ár. Það þarf ekki annað en að kveikja á sjónvarpinu eða fletta blöðunum til að sjá að það er allt að fara til fjandans.

**VITLEYSAN** í heiminum hefur sjaldan náð jafn miklum hæðum og nú. Í Kenía eru menn farnir að brytja hver annan í spað og ekkert lát er á sláturtíðinni í Ísrael. Hlutabréfamarkaðurinn hrynur og íslenska útrásin hangir á bláþræði. Í miðborginni er dómsdagur runninn upp þar sem farsinn um hvaða hús skuli senda í hreinsunareldinn ætlar engan endi að taka og í ráðhúsinu hefur kjaftæðið náð að vaða svoleiðis uppi að vesalings nýi borgarstjórinn má ekki fá svo mikið sem kvef án þess að eiga á hættu að allt fari í bál og brand eina ferðina enn.

**SPÁIN** um heimsendi árið 2000 rættist ekki. Fuglaflensa, kúariða og hlýnun loftlags eru ekki heldur líkleg til að eyða öllu lífi í bráð. Það liggur í augum uppi að mannskepnan á eftir að drepast úr vitleysu og rugli. Og það eflaust löngu áður en henni tekst að drekkja sér í rusli.

**GÓÐAN DAG!**

Í dag er föstudagurinn 1. febrúar, 32. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.10 | 13.41 | 17.13 |
| Akureyri | 10.08 | 13.26 | 16.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




**Forum Residence - Marmaris**



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **65.972,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **78.275,-**

**Club Turban - Marmaris**



Nýlegt hótel við fallega einkaströnd í útjaðri Marmaris. Aðstaðan er frábær og allt innifalið í verðinu; matur allan daginn og innlendir drykkir fyrir alla fjölskylduna.

Verðdæmi: **93.071,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 1 viku, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **102.880,-**

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast glæsilegri menningarsögu landsins. Marmaris er einn líflegasti strandbær Miðjarðarhafsins og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og jákvæðu viðmóti við gesti. Komdu til Tyrklands og sjáðu sumar og sól í nýju ljósi.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS